

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

Atvinna  
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HELGA DÖGG HELGADÓTTIR

Dansaði fyrir milljónir í bresku sjónvarpi

Tók þátt í danskeppni hjá BBC One  
FÓLK 38



16 blaðsíðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. nóvember 2006 – 296. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Ætlaði aldrei í björgunarsveit

Skólastjórinn á Hellu, Sigurgeir Guðmundsson, er jafnframt formaður Landsbjargar

HELGIN 16-17



### Bestu partilögin

Fimm útvarpskonur velja bestu lögin þegar koma skal saman og gleðjast.

HELGIN 20

### Íslandssöguna á filmu

Er ekki kominn tími til að við Íslendingar eignumst vandaða heimildamyndabætti um sögu landsins allt frá landnámi og fram á okkar daga? spyr Illugi Gunnarsson.


Í DAG 10

### Kominn tími á breytingar

Í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið segir Teitur Þórðarson, þjálfari KR, frá lífinu í Noregi og Eistlandi og upplifun sinni af íslenskum fótbolta síðasta árið.

ÍPRÓTTIR 32-33

### VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR Í DAG** verða suðvestan 18-25 m/s en lægir mikið vestan til síðdegis og austan til seint í kvöld. Rigning eða skúrir en slyddu- eða snjóél norðan til með kvöldinu. Hiti 0-9 stig, svalast norðan til í kvöld.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 12-49 ÁRA  
höfuðborgarsvæðið

### Fréttablaðið styrkir stöðu sína



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2006.



BJARNI MEÐ SVIÐ Á BSÍ Bjarni segir sviðasölu hafa margfaldast eftir að Mýrin var frumsýnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Mýrin hefur mikil áhrif: Sviðasala margfaldast á BSÍ

**KAUPMENN** „Eftir að sýningar á Mýrinni hófust í kvikmyndahúsum hefur sviðasala hjá okkur margfaldast,“ segir Bjarni Geir Alfreðsson, eigandi veitingasöluunnar Fljótt og gott á BSÍ við Vatnsmýrarveg. Erlendur Sveinsson, lögreglumaður og aðalsöguhetja Mýrarinnar, fer oft á BSÍ og kaupir sér svið í myndinni. Bjarni Geir, sem oftast er kallaður Bjarni snæðingur, leikur meðal annars kokkinn á BSÍ í myndinni. „Við finnum sérstaklega fyrir aukinni sölu á sviðum í lúgunni en einnig inni í veitingasal. Mér finnst ánægjulegt að þessi alíslenski matur sé kominn í tísku hjá ungum sem öldnum.“

Svið hafa verið á matseðli veitingastofunnar á BSÍ síðan stöðin var opnuð. Bjarni, sem tók við rekstri veitingastofunnar á BSÍ fyrir ellefu árum, segir sviðin ekki hafa verið sérstaklega vinsæl hingað til en þó hafa alltaf verið nokkrir sem hafa nýtt þá þjónustu að geta keypt þau í bílalúgunni. - mh

## Óvenjulegt uppboð: Reyndi að selja múmíu á eBay

**BANDARÍKIN, AP** Lögregluþyriföld í Michigan-ríki Bandaríkjana gerðu nýlega höfuðkúpu af sex til níu ára gömlu barni upptæka á heimili konu sem reyndi að selja hana á eBay. Aðstandendur vefsíðunnar, sem gerir fólki kleift að bjóða hina ýmsu hluti til sölu, gerðu lögreglunni viðvart en samkvæmt reglum eBay má ekki selja múmíur og höfuðið var múmía.

Prófessor í mannfræði við háskólann í Maryland tjáði lögreglunni að höfuðið hefði að öllum líkindum tilheyrt barni sem var uppi á nitjándu öld og að líkamsleifarnar væru úr kosku safni. Seljandinn hafði fengið múmíuna að gjöf. - mh

# Jafnt fram á síðustu stundu í kraganum

Mikil spenna var í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Gunnar Svavarsson hafði forystu eftir að 1.500 atkvæði af tæplega 5.000 höfðu verið talin. Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingkona úr Garðabæ, var komin í efsta sæti eftir 2.200 atkvæði.

**PRÓFKJÖR** „Hér er gríðarleg spenna og ómögulegt að spá um hvernig þetta fer,“ sagði Halldór S. Magnússon, formaður kjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi, þegar 2.200 atkvæði höfðu verið talin.

Gunnar Svavarsson var efstur eftir að 1.500 atkvæði höfðu verið talin en 4.996 kusu í opnu prófkjöri flokksins í kjördæminu, af rúmlega 31 þúsund manns sem eru á kjörskrá í kjördæminu.

Eftir að 2.200 atkvæði höfðu verið talin, sagði Gunnar Samfylkinguna þurfa að nýta meðbyrinn sem prófkjörið hefði skapað en á þeim tímamarki var óvíst í hvaða sæti hann myndi enda. „Ég er sannfærður um að við getum náð góðum árangri í kosningunum næsta vor. Þetta var glæsilegt prófkjör í alla staði og nú er það okkar, sem njótum trausts Samfylkingarfólks, að nýta þennan slagkraft í þingkosningunum næsta vor.“

Þórunn Sveinbjarnardóttir þingkona, sem stefndi á 1. sæti á listanum, sagðist fyrirfram hafa búist við jafnræði, eftir að fyrstu tölur birtust. „Það er búin að vera gríðarleg barátta milli hreppanna og miðað við hörkuna í þessu prófkjöri kemur þessi jafna staða mér ekki á óvart.“

Kristinn M. Bárðarson, for-



**RÝNT Í TÖLUR** Skúli Helgason framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar og Árni Páll Arnason frambjóðandi rýna í tölur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður fylgist með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARD

maður kjördæmisráðs Samfylkingarinnar, var ánægður með þátttöku í prófkjöri. „Þetta var afar glæsilegt prófkjör og þátttakan í því góð. Eftir því sem leið á kosninguna vonaðist ég til þess að kjösendur yrðu yfir 5.000 en það er ekki hægt annað en vera sáttur við þetta.“

Til Suðvesturkjördæmis, kragans, teljast sjö sveitarfélög, Mosfellsbær, Garðabær, Hafnarfjörð-

ur, Kópavogur, Seltjarnarnes, Álftanes og Kjósarhreppur.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu 2.200 atkvæði verið talin og þá leiddi Þórunn listann. Katrín Júlíusdóttir var í 2. sæti, Gunnar Svavarsson í 3. sæti, Árni Páll Arnason í 4. sæti og Guðmundur Steingrímsson í 5. sæti. Þingmenn flokksins í kjördæminu eru fjórir.

- mh / - sps

Opið alla daga

exó

Reykjavík - Oslo



## SPURNING DAGSINS



Ögmundur, myndirðu segja að farið hafi fé betra ef bankarnir hverfa úr landi?

„Fésýslumenn verða að kunna sér hóf ef þeir ætla að vera hluti af íslensku samfélagi.“

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir það til vinnandi að senda viðskiptabankana úr landi til að geta aukid jöfnuð í samfélaginu.



**NÆGUR SNJÓR** Austfirskt skíðaá hugafólk getur glaðst því búið er að opna skíðasvæðið í Oddsskarði.

Snjór á Austurlandi:

## Skíðasvæði í Oddsskarði opnað

**SKÍÐI** Skíðasvæðið í Oddsskarði var opnað í gær. Um þrjátíu karlar og konur komu til að renna sér, en að sögn staðarhaldara, Dagfinns Ómarssonar, var búist við dræmri mætingu vegna þess að á sama tíma fór fram fótboltamót í Fjarðabyggð. Nægur snjór er í fjöllum og veður gott. Snjórinn er sagður góður miðað við árstíma og færið gott.

Uppbygging í umönnun:

## Byggja 174 ný hjúkrunarrými

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra tilkynnti í gær að 174 ný hjúkrunarrými yrðu byggð á næstu fjórum árum, til viðbótar við þau tvö hundruð sem byggja á í Reykjavík.

Ákvörðunin byggist á niðurstöðu nefndar stjórnvalda og fulltrúa Landssambands eldri borgara.

Fjörtíu og fjögur rými verða byggð í Kópavogi, tuttugu í Mosfellsbæ, þrjátíu í Reykjanesbæ og í Hafnarfirði, tíu á Ísafirði og tuttugu í Garðabæ. Tuttugu verða síðan á Sjúkrahúsi Suðurlands. Að sögn Sivjar tekst líklega að eyða bólistum með þessari uppbyggingu. - sp

Kína heitir fjárfraumlögum:

## Afríkuríki fá umdeilda hjálp

**KÍNA, AP** Stjórn Kína heitir því að tvöfalda fjárfraumlög sín til Afríkuríkja. Þetta kom fram í setningarræðu Ju Jintaos, forseta Kína, á Afríkuráðstefnu sem haldin var í Kína um helgina. Þeir leiðtogar Afríkuríkja sem voru viðstaddir sögðust taka stuðningi Kína með opnum örnum.

Loforð Kínastjórnar eru þó ekki alls staðar litin jákvæðum augum en mannréttindasamtök hafa gagnrýnt stjórnina fyrir að fara með Afríku eins og eigin nýlendu. Kína sé að tryggja sér náttúruauðlindir með því að brjóta gundvallarmannréttindi í ýmsum ríkjum Afríku. - sp

### FLUG

#### Elding í útskriftargjöf

Eldingu laust í Boeing 757-vél Flugleiða á leið frá Frankfurt á föstudag. Engan sakaði. Meðal farþega voru þrettán manns sem voru að koma úr útskriftarferð af flughæðslunám-skeiði.

Hundaræktarfélag Íslands stóð fyrir göngu niður Laugavegin:

## Hundaganga í miðbænum

**HUNDAR** Hvorki hundar né menn létu votviðrið aftra sér í gær þegar árleg ganga Hundaræktarfélags Íslands niður Laugavegin fór fram.

Lagt var af stað frá Hlemmi klukkan 13, en hefðinni samkvæmt voru það lögregluhundar sem leiddu hópinn ásamt hundum og eigendum sem starfa sem sjálfbodaliðar í heimsóknþjónustu Rauða kross Íslands. Skólahljómsveit Kópavogs sló taktinn í göngunni sem endaði í Hljómskálagarðinum þar sem íþróttadeild Hundaræktarfélagsins sýndi hundafimi og gestir og gangandi létu hunda sína spreya sig á margs konar æfingum.

Í gærkvöldi var hundum svo skilað heim meðan félagsmenn snæddu kvöldverð, dönsuðu og skemmtu sér.



**NÚ ER ÚTI VEÐUR VOTT ...** En hundar láta það ekki aftra sér frá því að taka þátt í árlegri viðhafnargöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/DAVID.

Átök á Gaza-svæðinu:

## Sjö felldir í loftárásum

**PALESTÍNA, AP** Ísraelskir hermenn drápu sjö Palestínumenn í loftárásum og bardögum á Gaza í gær. Sex þeirra voru herskír meölimir Hamas-samtakanna. Ekki sér fyrir endann á átökum Ísraelsmanna og palestínskra eldflogasveita sem hófust fyrir fimm dögum.

Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, hefur beðið Sameinuðu þjóðirnar að grípa inn í og stöðva aðgerðir Ísraelsmanna. Þrátt fyrir bardagana segjast palestínskir sáttasemjarar nálægt samkomulagi um myndun nýrrar ríkisstjórnar sem yrði ásætlanleg vestrænum ríkjum. - sp

# Áskilur sér rétt til að endurskoða varnarsamninga

**Dórunn Sveinbjarnardóttir**, fulltrúi Samfylkingarinnar í utanríkismálanefnd, segir flokk sinn áskilja sér rétt til að endurskoða frá grunni það sem núverandi ríkisstjórn hefur samið um við Bandaríkin um varnarmál Íslands, komist flokkurinn til valda eftir komandi kosningar.

**ÖRYGGISMÁL** Samfylkingin áskilur sér rétt til að endurskoða frá grunni það samkomulag sem núverandi ríkisstjórn hefur gert við Bandaríkin um varnarmál Íslands, komist hún að stjórnartauunum eftir komandi alþingiskosningar. Þetta sagði Dórunn Sveinbjarnardóttir, alþingismaður og fulltrúi Samfylkingarinnar í utanríkismálanefnd, á málundi um valkosti Íslands í öryggis- og varnarmálum sem Alþjóðasamfélagið, félag meistaranema í alþjóðastjórnarmálum við Háskóla Íslands, efndi til í Reykjavík í gær.

Dórunn sagðist í grundvallaratriðum ósamála Ragnheiði Elnu Árnadóttur, aðstoðarmanni Geirs H. Haarde forsætisráðherra sem einnig var með framsögu á málþinginu, um að Ísland deildi „sömu gildum og pólitísku sýn“ með Bandaríkjunum, alla vega svo lengi sem núverandi valdhafar væru við stjórnvölinn vestra. Dórunn vísaði allri ábyrgð á þeim samningum sem nú hafa verið gerðir við bandarísk stjórnvöld um varnarmál Íslands til núverandi stjórnarflokka og sagði að sinn flokkur myndi áskilja sér rétt til að endurskoða þessi mál frá grunni ef hann hefði aðstöðu til eftir kosningarnar í vor.

Auk þeirra Dórunnar og Ragnheiðar fluttu framsöguerindi Alyson Bailes, forstöðumaður sænsku friðarrannsóknastofnunarinnar SIPRI í Stokkhólmi og Michael T. Corgan, dósent í stjórn málafræði við Boston-háskóla, en bæði Corgan og Bailes eru gestakennarar við Háskóla Íslands um þessar mundir.

Corgan sagðist í sínu innleggi hafa heyrt ónafngreindan íslenskan embættismann hafa sagt, að það sem Íslendingar hefðu haft á meðan bandaríska varnarliðið var hér enn, hefðu verið „sýnilegar og trúverðugar varnir“; það sem sér sýndist felast í nýja samkomulaginu væru „ósýnilegar og ótrúverðugar“ varnir. Í samtali við Fréttablaðið sagði Corgan að vissulega þyrftu hernaðaráætlanir sem slíkar að vera leynilegar, en þegar Bandaríkin fara að eins og í þessu tilvik, taka frá landinu



**FRÁ MÁLPINGINU** Michael T. Corgan er hér í pontu en sjá má frá vinstri Þóru Arnórsdóttur, Alyson Bailes, Ragnheiði Elnu Árnadóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur við pallborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓMAR

hvern einasta hermenn og allan búnað og segja síðan að leynileg varnaráætlun eigi að tryggja varnir landsins framvegis, þá sé það ekki fullnægjandi til að fullvissa Íslendinga um að skuldbinding Bandaríkjanna til varna Íslands sé jafnstærk og áður. Meira hefði þurft að koma til.

Alyson Bailes, sem á áratuga reynslu úr þessu utanríkisþjónustunni að baki, hvatti til þess að umræðan um öryggismál Íslands tæki tillit til allra hliða öryggismála; hernaðarhliðin væri aðeins ein af mörgum og hún hefði

miklu minna vægi nú en á dögum kalda stríðsins. Ísland gæti lært margt í þessu efni af nágrannalöndunum.

Allir pallborðsþátttakendur voru sammála um að brýn þörf væri á því að Íslendingar kæmu sér upp rannsókn- og ráðgjafarstofnun sem sérhæfði sig í öryggis- og varnarmálum.

Það væri nauðsynleg forsenda fyrir mótun sjálfstæðrar og vel ígrundaðrar stefnu íslenska lýðveldisins í þessum mikilvæga málaflokk. [audunn@frettabladid.is](mailto:audunn@frettabladid.is)

Prófkjör Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi fór fram á Akureyri í gær:

## Óbreytt staða í efstu sætum

**PRÓFKJÖR** Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson og Lára Stefánsdóttir verða áfram í þremur efstu sætum Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi. Prófkjör Samfylkingarinnar í kjördæminu fór fram í gær en 1.878 tóku þátt í prófkjörunu, tæplega 70 prósent af 2.834 sem voru á kjörskrá.

Kristján, Einar og Lára voru einnig í þremur efstu sætum á lista flokksins í kjördæminu fyrir kosningarnar 2003.

Kristján L. Möller alþingismaður fékk afgerandi kosningu í efsta sætið, eða 1.295 atkvæði. Hann segir spennandi tíma vera fram undan á kosningavetri. „Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem ég fékk og tel prófkjörið hafa heppnast vel. Sjötíu prósent þátttaka er góð niðurstaða fyrir flokkinn. Flokksfólk í Samfylkingunni



**KRISTJÁN L. MÖLLER HLÝÐIR Á FYRSTU TÖLUR** Kristján sigraði með yfirburðum í prófkjörunu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

dæmir okkur af verkum og þetta er niðurstaðan. Við ætlum okkur að ná inn þriðja alþingismanninum í kosningunum næsta vor og ég tel listann vera líklegan til þess að ná góðum árangri.“

Kristján segir mörg mikilvæg verkefni bíða úrlausnar í kjördæminu og hlakkar til þess að takast á við þau. „Það þarf að huga að skólumálum í kjördæminu, bæði á háskóla- og framhaldsskólastiginu. En fyrst og fremst eru það landsbyggðarmál í víðu samhengi sem þarf að berjast fyrir, sem öðru fremur snúast um jafnrétti, jafnræði og jöfnuð.“

Ragnheiður Jónsdóttir varð í 4. sæti, Örlygur Hnefill Jónsson í 5. sæti, Jónína R. Guðmundsdóttir í 6. sæti, Benedikt Sigurðsson í 7. sæti, Sveinn Arason í 8. sæti og Kristján Ægir Vilhjálmsson í 9. sæti. - mh

Peningaþvottur á netinu:

## Viðvörðun vegna fjársvikamáls

**LÖGREGLUMÁL** Að minnsta kosti tveir Íslendingar hafa lent í umfangsmikilli fjársvikastarfsemi á netinu sem teygir anga sína um alla Evrópu. Ríkislögreglustjóri gaf út viðvörðun vegna þessa á föstudag. Vísitandi þátttaka í svikum á borð við þessi varðar við fjársektir og jafnvel fangelsi.

Svíkin fara þannig fram að fólk fær atvinnutilboð í tölvupósti í nafni þekktis fyrirtækis. Þegar tilboðið hefur verið samþykkt er viðkomandi beðinn um bankaupp lýsingar og peningar lagðir inn á reikninginn. Síðan er viðkomandi beðinn um að senda peningana áfram til Evrópu að frádrögnum fimm prósentum fyrir ómakíð.

Þeir sem falla í gildruna fá bréf nokkrum dögum seinna þar sem krafist er endurgreiðslu á fénu sem millifært var. - sp



14. nóvember 2006 – 8 nætur  
Tónleikar **Tómasar R. Einarssonar**  
1., 11., 19. og 26. mars 2007  
2. (páskaferð) og 12. apríl 2007  
8, 9 og 11 náttu ferðir



# KÚBA

SEIÐANDI, KRAFTMIKIL OG FÖGUR

## Gríptu tækifærið!

Ekki missa af upplifun og ævintýri sem er Kúba eins og hún er núna áður en nýir vindar blása um þessa paradísarveröld.

## Havana og Varadero

Njótið þess besta sem er í boði á Kúbu með því að dveljast bæði á strandstaðnum **Varadero** og í stórborginni **Havana**. Ströndin hjá Varadero er talin ein hin besta við Karíbahaf þar sem gestum býðst lúxusdvöl. Á torgum og strætum Havana er líf og fjör í stanslausum salsatakti og í boði eru skemmtilegar kynnisferðir um nágrenni borgarinnar og heimsókn í frægasta næturklúbb Karíbahafs, **Tropicana**.



**SJÁ NÁNAR** - [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)



**VISA** ferðir



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,56 67,88
Sterlingspund	129,00 129,62
Evra	86,25 86,73
Dönsk króna	11,568 11,636
Norsk króna	10,464 10,526
Sænsk króna	9,389 9,445
Japanskt jen	0,5766 0,5800
SDR	100,28 100,88

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
119,2079  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kjördæmisþing Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi fór fram í gær:

# Siv og Samúel eru í efstu sætunum

**FRAMSÓKNARFLOKKURINN** Samúel Örn Erlingsson, íþróttafréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu, verður í öðru sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi í kosningunum næsta vor. Þrjú sóttust eftir öðru sætinu á listanum auk Samúels Arnar; Una María Óskarsdóttir, Gísli Tryggvason og Þórarinn Sveinsson. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra leiðir listann en hún var sjálfskipuð í efsta sætið þar sem enginn bauð sig fram á móti henni.

Samúel segir framsóknarmenn þurfa að bretta upp ermar og safna liði fyrir kosningarnar næsta vor. „Ég fann fyrir miklum meðbyr og þetta var ánægjuleg niðurstaða. Það er mikil vinna fram undan og ég er bjartsýnn á að fólk veiti Framsóknarflokknum stuðning til áframhaldandi góðra verka. Við höfum alla burði til þess að efla okkar starf enn frekar og förum beint í það verkefni.“

Una María Óskarsdóttir verður í þriðja sæti á listanum en Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, í því fjórða. Kristbjörg Þórisdóttir verður í fimmta sæti á listanum en Hlini Melsteð Jóngeirsson í sjötta. Sjálfstæð kosning fór fram um efstu sex sætin en um 240 manns greiddu atkvæði á þinginu.



AF KJÖRDÆMISÞINGINU Samúel Örn Erlingsson verður í forystusveit í kosningunum í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



EIÐAKIRKJA Í dag er þess minnst að 120 ár eru liðin frá vígsluafmæli Eiðakirkju.

Kirkjuhald:

## Eiðakirkja 120 ára í dag

**KIRKJUHALD** Í dag, sunnudaginn 5. nóvember, verður þess minnst að 120 ár eru liðin frá vígsluafmæli Eiðakirkju. Í tilefni þess verður hátíðarmessa í kirkjunni kl. 14 þar sem hr. Jón Aðalsteinn Baldvínsson, vígslubiskup Hólastiftis, predikar og Jóhanna Sigmarsdóttir sóknaprestur þjónar fyrir altari.

Þá verður nýtt safnaðarheimili blessað að lokinni athöfn og boðið upp á kaffi í Kirkjumíðstöðinni.

Kirkjan á Eiðum var bændakirkja allt til ársins 1886 en þá keyptu Múlasýslur staðinn til að koma á fót búnaðarskóla á Eiðum.

# Segja fjárveitinguna ekki eftirlitslausa

Heilbrigðisráðherra segir fráleitt að halda því fram að ekkert eftirlit sé haft með fjárveitingu ríkisins til dvalar- og hjúkrunarheimila. Forstjóri Hrafnistu tekur undir og segir enga vankanta á þjónustu við aldraða á dvalarheimilum.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er alls ekki rétt að ríkið sé að greiða dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir þjónustu sem það veit ekki hver er. Það er skýrt getið um það hvaða þjónustu á að veita á heimilum,“ segir Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, um ummæli Dagbjartar Þyrí Þorvarðardóttur, fyrrum hjúkrunarforstjóra Hrafnistuheimilanna, í Fréttablaðinu í gær.

Þar segir Dagbjört að ríkið leggi fimmtán milljarða króna í hendur stjórnenda dvalar- og hjúkrunarheimila hérlandis án þess að vita hvernig þeir eru nýttir og aldraðir fái því oft minni þjónustu en þeim ber. Engir þjónustusamningar hafi verið gerðir um hvernig fénu skuli varið og stjórnendur geti farið með fé að vild.

Siv segir þetta alrangt. Bæði hafi landlæknir eftirlit með því að þjónustan sem greitt er fyrir sé veitt og einnig sé í gildi ákveðið gæðaeftirlitskerfi sem greitt er eftir. Aðspurð hvort þjónustusamningar við dvalar- og hjúkrunarheimili séu í undirbúningi segir hún að svo sé ekki. „Við höfum ekki verið að undirbúa nýja þjónustusamninga. Við erum að einbeita okkur að endurskoðun gæðaeftirlitskerfisins og erum einnig að endurskoða stefnumótun í þjónustu aldraða.“

Sveinn Hlífar Skúlason, forstjóri Hrafnistu, segir rangt að þeir öldruðu sem dvelja á deildum dvalarheimilis, en eru metnir í þörf fyrir hjúkrunarrými, fái ekki þá þjónustu sem þeir þarfnast.



Í FÉLAGSVIST Sveinn Skúlason, forstjóri Hrafnistu, segir stefnt að því að hafa einstaklinga eins lengi og mögulegt sé inni á dvalarheimili þótt þeir séu metnir á hjúkrunarheimili. Það sé gert til þess að leyfa öldruðum að njóta lífsins á dvalarheimilum sem lengst.



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR



SVEINN HLÍFAR SKÚLASON

„Þetta snýst um lífsgæði. Við viljum að einstaklingar séu sem lengst inni á herbergjum svo þeir geti notið þess lífs sem er á dvalarheimilum, þó þeir séu metnir í hjúkrun. Ég fullyrði að þjónustan hjá Hrafnistuheimilum hefur verið mjög góð, að mér vitandi hefur aldrei verið kvartað yfir henni.“

Varðandi eftirlit með fjárveitingum ríkisins segir Sveinn að

Hrafnista hafi aldrei staðið á móti þjónustusamningum. „Við sendum heilbrigðisráðuneytinu reglulega skýrslur um allan rekstur, fjölda heimilismanna, tekjur og gjöld. Einnig ganga allir reikningar og uppgjör til ríkisendurskoðanda. Við höfum óskað eftir þjónustusamningum en ríkið hefur ekki viljað verða við því, svarið er að núverandi eftirlit nægi.“

salvar@frettabladid.is

## Samkynhneigðir í Vínarborg: Hvattir til að taka fósturbörn

**AUSTURRÍKI, AP** Borgaryfirvöld í Vínarborg ætla á næstunni að hefja herferð þar sem samkynhneigð pör eru hvött til þess að taka börn í fóstur. Samkynhneigðir hafa árum saman haft heimild til þess að taka börn í fóstur, en um þessar mundir er mikill skortur á fósturforeldrum í Austurríki.

Á næstunni verða sett upp stór auglýsingaspjöld víðs vegar í borginni. Á einu spjaldinu er til að mynda mynd af barni með lesbísku pari en á öðru spjaldi er mynd af barni með karlmanni.

Allir sem vilja taka börn í fóstur þurfa að gangast undir eftirlit hins opinbera og sækja undirbúningsnámskeið.

Taívan:

## Þúsundir í mót-mælagöngu

**TAÍVAN, AP.** Allt að sex þúsund manns tóku þátt í mót-mælagöngu í borginni Kaohsiung í Taívan í gær, gegn forseta landsins Chen Shui-bian. Eiginkona hans, ásamt þremur stuðningsmönnum forsetans, hefur verið ásökuð um að hafa dregið að sér 450.000 dollara úr diplómatastjóði á árabílinu 2002-2006.

Mót-mælendur krefjast þess að forsetinn segi af sér tafarlaust en hann mun þurfa að gera grein fyrir fjárdrættinum innan þriggja daga. Nýlegar skoðanakannanir í landinu gefa til kynna að um helmingur landsmanna vilji að Chen segi af sér vegna þessa máls.

### HEILBRIGÐISMÁL

#### Ríkuleg gjöf

Krabbameinsfélag Íslands fékk í gær andvirði nýs, stafræns röntgenmynda-tækis að gjöf. Ingólfur Helgason, forstjóri KB banka, afhenti gjöfina fyrir hönd banksins.

### LÖGREGLUFRÉTT

#### Fíkniefnamál

Tól til fíkniefnaneyslu og nokkuð magn hvíts dufts sem grunur leikur á að sé amfetamín fannst við húsléit á Dalvík aðfaranótt laugardags. Tveir menn á títvugsaldri voru handteknir vegna málsins.

### LÖGREGLUFRÉTT

#### Ók á bíla

Ökumaður var handtekinn á föstudagskvöld eftir að hafa ekið á nokkra bíla á mótum Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Ökumaðurinn flúði af vettvangi en fannst skömmu síðar og var þá handtekinn. Engin slys urðu á fólki.

www.bryndisharalds.is

## Bryndís Haralds Opið hús

Opið hús verður á kosningaskrifstofu minni að Bæjarlind 14 í Kópavogi í dag 5. nóvember frá kl. 14-18. Kaffihlaðborð og skemmtun fyrir börnin.

Hlakka til að sjá ykkur, Bryndís Haralds

**Bryndís Haralds í 4.-5. sæti**  
PRÓFKJÖR SJÁLFBÆDISMANNA Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR Í DAG**  
Nú í morgunsárið er veðrið verst á vestan- og norðvestanverðu landinu en um hádegi verður víðast mjög hvasst eða 20-30 m/s. Um þrjú leytið í dag ætli vindur að vera orðinn skaplegur vestan til en austan til á landinu gengur vindur ekki niður fyrr en seint í kvöld. Framan af degi má búast við skúraveðri en smám saman kólnar á landinu norðanverðu og úrkoman verður þá í formi elja.

**VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG**  
Suðvestan 18-25 m/s í fyrstu en lægri mjög eftir hádegi. Skúrir. Hiti 4-8 stíg.

**um hádegi**

**um hádegi**

Kaupmannahöfn	11°C rigning	London	13°C alskýjað	Alicante	22°C skúrir
Þórshöfn	11°C rigning	Paris	13°C alskýjað	Barcelona	20°C hálfskýjað
Osló	3°C hálfskýjað	Frankfurt	10°C skúrir	Algarve	13°C hálfskýjað
Stokkhólmur	3°C skúrir	Friedrichshafen	4°C skúrir	Krit	13°C hálfskýjað
Gautaborg	11°C léttskýjað	Berlín	12°C skúrir	Las Palmas	25°C hálfskýjað

• Vindhraði er í metrum á sekúndu.





**FAKTUM** eldhúsinnrétting m/rauðum  
**ABSTRAKT** háglans hurðum/skúffuframhliðum.  
Innifalið í verðinu eru skápar og aukahlutir í skápa

**262.740,-**


## Nýtt eldhús fyrir jólin

Allan ársins hring afgreiðum við eldhúsinnréttingar út úr húsi hjá okkur á 24 tímum á virkum dögum og afhendingartími fyrir innréttingar út á land eru 2-3 virkir dagar. Jólin eru ekki undanskilin þessari reglu hjá okkur og getur fólk á höfuðborgarsvæðinu keypt eldhús alveg fram að 22. desember og fengið það afhent/sent heim næsta dag.

Það er ekkert mál að kaupa innréttingu hjá IKEA hvort sem þú vilt hana sjálf/ur eða með aðstoð starfsfólks okkar. Þú getur valið úr 18 mismunandi útlitstegundum eða jafnvel blandað saman á mismunandi vegu, og við bjóðum einnig upp á fjölda skipulagslausna til að gera eldhúsið að því sem þig hefur alltaf dreymt um.

Á heimasíðu okkar getur þú halað niður eldhústeikniforritinu **IKEA Home Planner**, þar sem þú getur skipulagt þitt draumaeldhús á auðveldan og skemmtilegan hátt. Þú getur svo komið með teikninguna eða sent í tölvupósti á [eldhus@ikea.is](mailto:eldhus@ikea.is) til að fá verðhugmynd eða aðstoð við hönnun.

### Svona býrð þú til þitt eigið eldhús



Veldu þá innréttingu sem þér líst best á s.s. hurðar, skúffuframhliðar, borðplötu og höldur.

Reiknaðu út hve mikið geymslupláss þú þarft og veldu **FAKTUM** skápa samkvæmt því.

Fullnýttu plássíð í skápunum með **RATIONELL** hillum, skúffum og skipulagsvörum.

Fullkomnaðu svo eldhúsið með því að velja klæðningu á skápana, lýsingu og sökkla eða fætur á neðri skápana.



### Rauð **ABSTRAKT** innrétting með **AVSIKT** glerhurð - skínandi nútímalegt eldhús!

**ABSTRAKT** háglansandi hurðirnar eru bæði endingargóðar og auðveldar í þrifum, en þær eru úr MDF plötu með akrýlhúð. Brúnirnar á hurðunum eru gerðar úr rafhúðuðu áli og passa við **AVSIKT** glerhurðirnar með römmum úr burstuðu áli.

**ABSTRAKT** fæst einnig í hvítu.



**KJÖRKASSINN**

Hefur þú keypt fíkniefni?

Já 23%

Nei 77%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Ert þú flughrædd(ur)?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)

Dagur B. Eggertsson óánægður með vinnubrögð meirihlutans í borgarstjórn:

## Segir söluferlið vera óvandað

**LANDSVIRKJUN** Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segir það hafa verið mistök hjá meirihluta í borgarstjórn að fallast á sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun á þeim forsendum sem lágu fyrir.

Dagur segir slæmt að ríkið greiði ekki fyrir hlut sinn með bréfum sem hægt er að selja á markaði. „Kjarni málsins er sá að forsvarsmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa lagt á það þunga áherslu á að ef það ætti að greiða fyrir hlutinn í bréfum þá þyrftu að vera á þeim fastir vestir, þannig að þau væru seljanleg á markaði. Það blasir við, að þegar

bréfin eru óseljanleg, þá gerir það fjárstýringu sjóðsins þunglamalega, vegna þess að lífeyrissjóðir eru skuldbundnir til þess að tryggja félögum sínum hámarksávöxtun.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær sagði Alfred Þorsteinson, stjórnarformaður lífeyrissjóðsins, það óheppilegt að ekki hefði verið látið greiða fyrir hlutinn með bréfum sem hægt væri að selja á markaði.



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Íslenska ríkið greiðir fyrir helmingshlut í Landsvirkjun, sem áður var í eigu Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, með skuldabréfi til 28 ára. Samtals greiddi ríkið rúmlega 30 milljarða fyrir hlutann en Reykjavíkurborg var áður 45 prósent eigandi í Landsvirkjun og Akureyrarbær rúmlega fimm prósent.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir Sigurð Snævar borgarhagfræðing og Birgi Finnbogason, fjáramálastjóra borgarinnar, hafa metið það svo að skynsamlegast væri að fá greitt með þeim hætti sem ákveðið var að fallast á.

Útgöngubann í Bagdad:  
**Óttast óspektir vegna úrskurðar**

**IRAK, AP** Írösk yfirvöld hafa fyrirskipað útgöngubann í Bagdad og tveimur aðliggjandi héruðum frá og með deginum í dag. Þetta er gert til að koma í veg fyrir uppþot þegar dómur verður kveðinn upp í einu máli af mörgum gegn fyrrverandi forseta landsins, Saddam Hussein. Endalok útgöngubannsins hafa ekki verið ákveðin.

Verði Hussein fundinn sekur um glæpi gegn mannkyninu bíður hans henging. Málið sem nú er dæmt í snýr að því hvort Saddam og stjórnarmenn hans hafi fyrirskipað fjöldamorð á sjötum í þorpinu Dujail árið 1982.

- sps

## Kjós um unga konu til áhrifa



kynntu þér stefnumálin á [www.bryndisisfold.com](http://www.bryndisisfold.com)

**Bryndís Ísfold** 6. sæti

Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir býður sig fram í 6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember nk.



**HÆSTA JÓLATRÉ Á ÍSLANDI** Kveikt var á hæsta jólatré sem felld hefur verið á Íslandi við verslun Blómavals í Skútuvegum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ DANIEL RÚNARSSON



**SIGRÍÐUR, VALGERÐUR OG INGIBJÖRG** Jólástemning er ekki bara fyrir börn og þær stóllur voru mættar til að skoða jólavörur og fylgjast með þegar kveikt var á trénu.



**NÖFNUNAR GUÐRÚN OG GUÐRÚN EDDA** Keyptu jólaparkökur og skoðuðu jólástemninguna í Blómaval.



**VINKONURNAR KARÓLÍNA OG LÓA** létu sig ekki vanta þegar kveikt var á hæsta jólatré á landinu.

## Vefsmíði

### Dreamweaver

Dreamweaver er eitt vinsælasta vefþróunarforrit á markaðnum í dag enda bæði fjölbreytt og afar einfalt í notkun.

Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði Dreamweaver og hvernig má nota það til að búa til frambærilegar vefsíður og halda þeim við.

Nemendur læra helstu atriði í vefsíðugerð og hvernig á að kóða vefsíður með hjálp html og css stílsniða.

Kennt er á Macromedia Dreamweaver 8 og sýnt fram á hvernig forritið einfaldar gerð og viðhald á vefsíðu.

Lögð er áhersla á að vinna praktísk verkefni og í lok námskeiðs búa nemendur til fullkláraðan vef.

Forkröfur: Þátttakendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Netinu og í almennum þáttum tölvuvinnslu og vera læsir á ensku.

Lengd: 31 std. Hefst 13. nóv og lýkur 25. nóv. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 18-21.30 og laugardaga kl. 9-12.30. Verð kr: 29.000,- Allt kennslufni innifalið.



Flest stéttar- og fagfélög styrkja félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu félagi.

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**  
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SIMI: 544 2210

**550 5600**

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# Jóla ljós í nóvember

Margir fylgdust með þegar kveikt var á hæsta jólatré sem felld hefur verið á Íslandi við Blómaval í gær. Flestir gestanna voru ánægðir með að fá jólavarnning í verslanir í nóvember en sumum fannst jólalögin mega bíða um sinn.

**JÓLATRÉ** Margt var um manninn í verslun Blómavals í gær um það leyti sem kveikt var á jólatré verslunarinnar, sem var 16,8 metra hátt. Viðskiptavinir voru ýmist að versla eða skoða sig um og margir höfðu börn með í för. Felix Bergson leikari söng nokkur jólalög áður en kveikt var á trénu og sjá mátti börn, máluð í framan og í búningi Söllu stírðu sem skemmti í jólalandi verslunarinnar.

Vinkonurnar Karólína og Lóa voru staddir í Blómavali ásamt mæðrum sínum en þær voru ekki vissar um hvort þær væru farnar að hlakka til jóla. Þær biðu þó spenntar eftir að kveikt yrði á trénu. Guðrún, móðir annarrar stúlkunnar, sagðist vera farin að versla til jóla og sagði fínt að fá jólavarnning í verslanir í byrjun nóvember. „Það er gaman að sjá tendruð jólatré og jólaseriur um þetta leyti til að lifga upp á skammdegið.“

Guðrún, sem stódd var í versluninni ásamt ömmubarni sínu Guðrúnu Eddu, sagði fullsnemmt að stilla upp jólaskrauti í byrjun nóvember en

mætti á svæðið með nöfnu sinni til að fylgjast með Söllu stírðu.

Kristinn Einarson, framkvæmdastjóri Blómavals, sagði jólavarnning í Blómavali settan snemma í sölu í og með vegna þess að fyrirtækið þjónusti fyrirtæki og verslanir með jólavörur. „Við miðum við að jólavörurnar séu komnar í verslun okkar í byrjun nóvember ár hvert.“

Sigríður, Valgerður og Ingibjörg voru meðal þeirra sem staddir voru í versluninni í gær og sögðust þær vera að skoða jólavarnning en kaupin yrðu gerð síðar. Þær stóllur voru ekki frá því að jólaskrauti í verslunum mætti bíða fram í miðjan nóvember en vildu þó ekki heyrja jólalög fyrr en í byrjun desember, en jólalögin voru þegar farin að óma í verslun Blómavals í gær.

Tréð sem kveikt var á í gær er 55 ára gamalt sitkagreni sem höggvið var á Kirkjubæjarklaustri í lok október.

hugrun@frettabladid.is

Fulltrúar íslenskra yfirvalda skoða aðstæður hjá lægstbjóðanda í gerð varðskips:

## Skoða skipasmíðastöð í Chile

**RÍKISKAUP** Fulltrúar íslenskra stjórnvalda halda í dag til Chile til þess að kanna áreiðanleika skipasmíðafyrirtækisins Asmar, sem átti lægsta tilboðið í gerð nýs varðskips. Tveir fulltrúar Landhelgisgæslunnar, verkefnisstjóri Ríkiskaupa og danskur verkfræðingur, sem verið hefur íslenskum yfirvöldum innan handar við undirbúning útbóðsins, munu skoða aðstæður Asmar í Talcahuano í Chile í sex daga.

Lægra tilboð Asmar af tveimur hljóðaði upp á 28 milljónir evra, liðlega 2,4 milljarða, en áætlaður kostnaður vegna kaupa á nýju varðskipi er um 30 milljónir evra, eða tæplega 2,6 milljarðar. Tilboð bástur einnig frá Simek í Noregi, Damien í Hollandi og Pinevert í Þýskalandi.

Georg Lárusson, yfirmaður Landhelgisgæslunnar,

segir markmiðið með ferðinni vera að kanna aðstæður og starfsaðferðir fyrirtækisins í Chile. „Við höfum ágætis upplýsingar um hin fyrirtækin sem lögðu inn tilboð en þekkjum lítið til starfsaðferða og aðstæðna hjá Asmar. Þessi ferð er því fyrst og fremst könnunarferð en að henni lokinni eru forsendur til þess að meta það hvort gengið verður að tilboði fyrirtækisins.“

Samkvæmt áætlunum verður nýtt varðskip rúmlega 90 metra langt og með 100 til 125 tonna dráttarkraft.

Fjórmenningarnir koma heim laugardaginn 11. nóvember en að lokinni skoðuninni tekur ríkisstjórn Íslands afstöðu til þess hvort tilboði Asmar verður tekið.

- mh



# FANGAÐU AUGNABLIKIÐ

með **OLYMPUS**<sup>®</sup>

**OLYMPUS**<sup>®</sup>

YOUR VISION, OUR FUTURE



**OLYMPUS mju740**

**VEÐURVARIN**

7.1 milljón pixlar  
5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)  
2.5" LCD skjár  
23 tókustillingar  
BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu  
Innbyggð 17 MB minni,  
hægt að stækka með XD minnskorti  
Hleðslutæki og Lithium-ion rafhláða fylgir  
**VERÐ KR: 33.900**



**OLYMPUS mju750**

**VEÐURVARIN**

7.1 milljón pixlar  
5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)  
2.5" LCD skjár  
23 tókustillingar  
BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu  
Innbyggð 17 MB minni,  
hægt að stækka með XD minnskorti  
Dual hristivörn  
Hleðslutæki og Lithium-ion rafhláða fylgir  
**VERÐ KR: 36.900**



**OLYMPUS FE-170**

6,0 milljón pixlar  
3 x aðdráttarlinsa (38-114mm)  
Ljósop f/3.1-5.9  
Val á milli 10 programstillinga  
Tekur upp myndskaið (video) með hljóði  
Innbyggð 9 MB minni.  
Notar XD minnskort  
Þyngd 124 grömm án rafhlóðu  
**VERÐ KR: 15.900**



**OLYMPUS FE-190**

6,0 milljón pixlar  
3 x aðdráttarlinsa (38-114mm)  
Ljósop f/3.1-5.9  
Val á milli 10 programstillinga  
Tekur upp myndskaið (video) með hljóði  
Innbyggð 9 MB minni.  
Notar XD minnskort  
Þyngd 110 grömm án rafhlóðu  
Lithium rafhláða og hleðslutæki fylgir  
**VERÐ KR: 19.900**



**OLYMPUS mju1000**

**VEÐURVARIN**

10 milljón pixlar  
3 x aðdráttarlinsa (35-105mm)  
2.5" LCD skjár  
20 tókustillingar  
BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu  
Innbyggð 28 MB minni  
- hægt að stækka með XD minnskorti  
Hleðslutæki og Lithium-ion rafhláða fylgir  
**VERÐ KR: 38.900**



**OLYMPUS SP-510UZ**

7,1 milljón pixlar  
10 x aðdráttarlinsa (38-380mm)  
Ljósop f/2.8-3.7  
2,5" LCD skjár  
Val á milli 21 programstillinga  
Tekur upp myndskaið (video) með hljóði  
Innbyggð 10mb minni.  
Notar XD minnskort  
Þyngd 325 grömm án rafhlóðu  
Notar AA rafhlóður.  
**VERÐ KR: 33.900**



**OLYMPUS E-400**

10,8 milljón pixlar  
*Minnsta og léttasta D-SLR vél á markaðinum*  
Útskiptanleg linsa  
Innbyggð flösk.  
Hægt að bæta við auka Olympus flösk.  
30 mismunandi programstillingar.  
Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.  
Hægt að nota linsur úr Olympus OM seríunni með MF-1 millhring\*  
**14-42 mm og 40-150 mm linsur fylgja.**  
**VERÐ KR: 99.900**



## GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

**Nikon**  
– Í FÓKUS –



**NIKON Coolpix P3**

8,1 milljón pixlar  
VR linsa, alvöru hristivörn  
3,5 x aðdráttur í linsu (36-126mm)  
16 tókustillingar  
2,5" LCD skjár  
Video upptaka með hljóði  
23 MB innbyggð minni  
- hægt að stækka með XD minnskorti  
Notar SD minnskort  
Aðeins 170 g án rafhlóðu  
Notar Lithium rafhlóðu  
**TILBOÐSVERÐ KR. 39.900**



**NIKON D-80**

10,2 milljón pixlar  
2,5" skjár  
11 punkta fókuserfi  
Möguleiki á vertical-gripi  
Notar SD minnskort  
**18-135 mm Nikon DX linsa fylgir.**  
**VERÐ KR. 149.900**



**NIKON Coolpix S10**

6,0 milljón pixlar  
10 x aðdráttur í linsu (tilsvandri: 38-380 mm á 35mm filmu)  
2,5" LCD skjár  
Video upptaka með hljóði  
Notar SD minnskort  
Aðeins 220 grömm án rafhlóðu  
**VERÐ KR. 46.900**



**NIKON Coolpix L4**

4,0 milljón pixlar  
3 x aðdráttur í linsu (38-116mm)  
15 tókustillingar  
2,5" LCD skjár  
Video upptaka án hljóðs  
10 MB innbyggð minni  
- hægt að stækka með XD minnskorti  
Notar SD minnskort  
Aðeins 115 g án rafhlóðu  
Notar AA rafhlóðu  
**TILBOÐSVERÐ KR. 15.900**



GOTT ÚRVAL  
AF LINSUM  
OG AUKAHLUTUM  
Í NIKON D-SLR



**NIKON Coolpix L2**

6,0 milljón pixlar  
3 x aðdráttur í linsu (38-116mm)  
15 tókustillingar  
2,5" LCD skjár  
Video upptaka með hljóði  
23 MB innbyggð minni  
- hægt að stækka með XD minnskorti  
Notar SD minnskort  
Aðeins 120 grömm án rafhlóðu  
Notar AA rafhlóðu  
**TILBOÐSVERÐ KR. 29.900**



**NIKON Coolpix S5**

6,0 milljón pixlar  
3 x aðdráttur í linsu (35-105mm)  
2,5" LCD skjár  
Video upptaka með hljóði  
21 MB innbyggð minni  
- hægt að stækka með XD minnskorti  
Notar SD minnskort  
Aðeins 165 grömm án rafhlóðu  
Notar lithium rafhlóðu  
**TILBOÐSVERÐ KR. 41.900**



**Nikon** OG **OLYMPUS** ERU ÁN EFA TVEIR AF VIRTUSTU MYNDAVÉLAFRAMLEIÐENDUM HEIMS.



SÍÐUMÚLA 9  
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900

AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

SJÁ NÁNAR Á  
www.ormsson.is

\*EKKI ÁN TAKEMARKA.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi.





- 1 Hvert fluttist Sabine Kuegler sem barn?
- 2 Hefur danski leikarinn Mads Mikkelsen komið til Íslands?
- 3 Hvaða klassíska hljómsveit er nú á tónleikaferðalagi um landið?

SVÖRIN ERU Á Síðu 38

Hertar reglur um hvað má hafa með í handfangri taka gildi:

## Hertar reglur um handfangur

**REGLUR** Nýjar reglur um hvað má ferðast með í handfangri í öllum löndum EFTA og Evrópusambandsins taka gildi á morgun, 6. nóvember. Þá verður allur vökvi, sem farþegar hafa í handfangfangri, að vera í glærum poka og hver eining umbúða má ekki rúma meira en 100 millilítra af vökva.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsinga- og kynningaflútrúí Flugmálastjórnar, segir best að farþegar séu með sem minnstan vökva í handfangri til að forðast óþægindi en allur vökvi í handfangri verður skimaður við öryggisskoðun. „Kaupi fólk ilmvatn eða aðra vökva í Fríhöfninni fær fólk



**VÖKVAR Í HANDFANGRI** Verða frá og með morgundegnum skimaðir við öryggisskoðun og skulu vera í lokuðum glærum pokum.

það í innsigliðum umbúðum sem ekki má rjúfa fyrr en á áfangstað.“

Algengir hlutir sem fólk hefur með sér og flokkast undir vökva eru: gos, áfengi, ilmvatn, raka-krem, tannkrem, varagloss, sápur og sjampó svo eitthvað sé nefnt.

Ef bannaðir hlutir finnast í handfangri eins og oddhvassir hlutir eða vökvar í stærri umbúðum en 100 ml fær farþeginn ekki að fara með þá inn fyrir öryggis-hlið.

Þá taka í gildi nýjar reglur um stærð handtösku 6. maí 2007 en þá takmarkast leyfileg stærð handtösku við 56 X 45 cm x 25 cm.

-hs

Sigurjón Þórðarson:

## Vill úttekt á rafmagnsverði

**STJÓRNMAÐUR** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, vill að áhrif af nýrri skipan raforkumarkaðarins verði athuguð með tilliti til breytinga á rafmagnsverði.

Skipulagi raforkumarkaðarins var breytt um áramótin 2004/2005 og kveðst Sigurjón vita til þess að í kjölfarið hafi raforkuverð hækkað.

Nefnir Sigurjón ályktun Landssambands bakameistara máli sínu til stuðnings og vill að farið verði ofan í saumana á áhrifum breytinganna á hag landsmanna.

-bjs

## Sigurros Þorgrímsdóttir

alþingismaður

### Fundur með sjálfstæðismönnum

4. sætið

Hlíðasmára 2  
Kópavogi  
Sími 822 8650  
www.sigurrosth.is

Í dag, sunnudaginn 5. nóvember, kl. 15 heldur Sigurros Þorgrímsdóttir fund í kosningamiðstöð sinni Hlíðasmára 2 með sjálfstæðismönnum í Suðvesturkjördæmi.

Stúlkur úr kór Kársnesskóla syngja nokkur lög.

Sérstakir gestir fundarins verða þau:



Bjarni Benediktsson  
alþingismaður



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
menntamálaráðherra

Kaffi og veitingar  
Verið öll velkomin!



Sigurros til sigurs í 4. sæti!

STUÐNINGSFÓLK

## Erlend börn standa verr að vígi en íslensk

Líklegra er að börnum af erlendum uppruna líði illa í skóla og verði fyrir einelti en krakkar af íslenskum uppruna.

**FÉLAGSVÍSINDI** Unglingar af erlendum uppruna standa að mörgu leyti verr að vígi en unglíngar af íslenskum uppruna. Tvöfalt til þrefalt líklegra er að krökkum af erlendum uppruna líði illa í skóla, þeim finnst bekkjarfélagarnir síður vinnjarnlegir og verði fyrir einelti. Þessir krakkar eru líka tvöfalt til þrefalt líklegri til að reykja daglega, hafa orðið drukknir og byrja snemma að stunda kynlíf.



ÞÓRODDUR BJARNASON  
PRÓFESSOR

Þetta kemur fram í rannsókn sem Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, gerði meðal allra tíundubekkinga í vor. Þóroddur segir athyglisvert að ekki virðist skipta öllu máli hvort unglíngarnir eigi uppruna sinn að rekja til Vesturlanda eða fjarlægari heimshluta, áhrifin séu svipuð hvort sem foreldrarir séu frá Svíþjóð, Póllandi, Argentínu eða Víetnam. „Höfuðmáli skiptir hvort annað mál en íslenska er talað á heimilinu.

Þóroddur bendir á að fylgst hafi verið með líðan unglínginga af erlendum uppruna í fimmtán ár og ekki hafi fundist áður mikill munur á félagsþópum hvað varðar vímu-efnatöku eða vandræði í skóla.

„Pegar foreldrarir eru svona eingangraðir eru krakkarnir eina tenging fjölskyldunnar við íslenskt samfélag og þá mæðir mikið á þeim.

ÞÓRODDUR BJARNASON  
PRÓFESSOR

Ekki virðist hafa skipt máli hvaða menntun og tekjur foreldrarir hafa. „Nú er að koma hópur sem stendur miklu verr. Krakkar af erlendum uppruna sem búa á heimilum þar sem íslenska er ekki töluð eru margir, einn af tuttugu unglíngum,“ segir hann.

Þóroddur bjóst við því að rannsóknin sýndi meiri mun eftir því hvort krakkarnir kæmu frá fjarlægari löndum, til dæmis varðandi fordóma, en það virðist ekki skipta máli. Krökkunum sé hjálpað í skólanum en enginn hugsar út í foreldrana.

„Hvað gerist ef foreldrarir geta ekki mætt á foreldrafundi og geta ekki lesið efni frá skólanum eða fylgst með umfjöllun í fjölmiðlum? Þegar foreldrarir eru svona eingangraðir eru krakkarnir eina tenging fjölskyldunnar við íslenskt samfélag og þá mæðir mikið á þeim. Þessu held ég að þurfi að huga betur að.“

Rannsóknin var gerð í samstarfi Lýðheilsustöðvar og Háskólans á Akureyri.

ghs@frettabladid.is

Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi – 11. nóvember 2006

Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kjósarhreppur | Kópavogur | Mosfellsbær | Seltjarnarnes

## Ragnheiður Elín býður eldri borgurum í Suðvesturkjördæmi í kaffi.

Sunnudaginn 5. nóvember kl. 15-17 er eldri borgurum boðið í kaffi og krásir í Safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Gerður G. Bjarklind mætir á staðinn og les nokkur uppáhalds ljóð frambjóðandans. Við hvetjum alla til að mæta og spjalla við frambjóðandann Ragnheiði Elínu sem óskar eftir stuðningi í 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

## RAGNHEIÐUR ELÍN

Byggjum á árangri

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar Elínar og stuðningsmanna er í Bæjarlind 2 í Kópavogi.

Sími 564 6549  
ragnheidurelin@ragnheidurelin.is

ragnheidurelin.is



4.  
sæti

Kaup Íslandspóst á Samskiptum vekja athygli:

## Kaupin gagnrýnd

**FYRIRTÆJAKAUP** Íslandspóstur, sem er að öllu leyti í ríkiseigu, á fyrst og fremst að einbeita sér að opinberu markmiði sínu en ekki að kaupa sig inn á samkeppnismarkað einkavæðra fyrirtækja í óskyldum rekstri. Þetta segir Gunnar Gylfason, framkvæmdastjóri ATH markaðs- og prentlausna, um kaup Íslandspóst á prentfyrirtækinu Samskiptum sem gengið var frá 30. október síðastliðinn.

Starfsemi Samskipta er samþæfleg við þjónustu ATH, það er alhliða prentþjónusta auk ýmissa verkefna tengdum stórsýningum, og því segir Gunnar ríkið stíga með kaupnum inn á markað þar sem einkafyrirtæki berjist um kúna. „Það liggur alveg fyrir að Íslandspóstur fer með þessum kaupum inn á markað sem er alls óskyldur þeim sem Íslandspóstur starfar á. Á þeim forsendum finnst

mér kaupin umdeilanleg. Starfsemi Samskipta liggur fyrir utan yfirlýst hlutverk Íslandspóst og þess vegna er ekki óeðlilegt að óska eftir skýrum svörum við því hvað fyrirtækið ætli sér með þessum kaupum.“ Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspóst, segir kaupin lið í nútímavæðingu fyrirtækisins. „Við teljum starfsemi Samskipta falla vel að hugmyndum okkar um nútímalega og skilvirka þjónustu fyrir neytendur. Prentþjónusta er þegar farin að færast nær okkar starfsviði, þegar horft er til þróunar erlendis, og það er okkar metnaður að fylgja þeirri þróun eftir hér á landi.“


Kaupverðið fæst ekki uppgefið á grundvelli samkomulags sem Eiríkur Víkingsson, fyrrverandi eigandi Samskipta, gerði við forsvarsmenn Íslandspóst. Heildarvælti Samskipta á síðasta ári nam 300 milljónum króna.

-mh



# dásamlegar verðlækkarnir

allt til alls



**pú sparar 273 kr/kg**

**20%**  
afsláttur við kassa  
Verð nú 1.092 kr/kg  
Verð áður 1.365 kr/kg

**Goða lambahryggur frosinn**

**GÓÐI**



**859** kr/kg

**BK lambalæri frosið**



**1.599** kr/stk

**X-men**



**1.599** kr/stk

**Ísöld 2**



**40%**  
afsláttur við kassa  
Verð nú 299 kr/kg  
Verð áður 499 kr/kg

**Ísfugl kjúlli BBQ leggir**

**ÍSFLUGL**



**1.999** kr/stk

**Rauðhetta**



**1.999** kr/stk

**Da Vinci Code**



**50%**  
afsláttur við kassa  
Verð nú 299 kr/stk  
Verð áður 599 kr/stk

**McCain pizzur - Deluxe, pepperoni og formaggi**

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



Hjúkrunarheimilið Sóltún á að vera fyrirmynd.

## Aldraðir í forgang

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

Það skiptir miklu máli hvernig skatttekjum ríkisins er ráðstafað. Í því ljósi er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að taka ábendingar Dagbjartar Þyrí Þorvarðsdóttur, hjúkrunarfræðings og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Hrafnistuheimilanna, í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær alvarlega. Hún heldur því fram að ríkið greiði dvalar- og hjúkrunarheimilum á Íslandi yfir fimmtán milljarða króna til rekstursins á ári án þess að skilgreina hvaða þjónustu það fær í staðinn. Þar sem engir þjónustusamningar hafi verið gerðir um hvernig þessu fé skuli varið geti stjórnendur þessara stofnana farið með féð að vild.

Það er virðingarkert að jafn reynslumikil kona og Dagbjört Þyrí, sem gjörþekkir fyrirkomulag öldrunarþjónustu á Íslandi, stígi fram og bendir á svo miklar brotalamir í kerfinu. Vilji allra stendur til þess að nýta betur þá fjármuni sem settir eru í þessa þjónustu, öldruðum til hagsbóta. Þess vegna er nauðsynlegt að staðreyndir liggi upp á borðum. Fólkíð sem nýtur þjónustunnar á það skilið.

Dagbjört Þyrí segir að ekkert muni breytast til batnaðar í þjónustu við aldraða fyrr en ríkið geri þjónustusamninga við öll dvalar- og hjúkrunarheimili. Greitt sé jafn mikið með einstaklingi sem lifir í einbýli og tvíbýli. Einnig er greitt jafn mikið fyrir einstakling sem nýtur sérstakrar hjúkrunar eina klukkustund á sólarhring og þess sem þarf hjúkrunar við í fimm klukkustundir. Hérna er augljóst misræmi sem þarf að leiðrétta.

Dagbjört hefur talað áður um þetta þótt sú umræða færi ekki mjög hátt meðal almennings. Jóhann Óli Guðmundsson, stjórnarformaður Öldungs hf., sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún, benti á þetta í aðsendum greinum í Fréttablaðinu í byrjun októbermánaðar.

Jóhann Óli segir að allur rekstur Sóltúns, sem er einkarekið en með þjónustusamning við ríkið, sé kostnaðargreindur niður í smæstu agnir. Hann er harðorður í garð stjórnvalda í Fréttablaðinu.

„Síðustu ráðstafanir í málefnum aldraðra virðast ekki taka mið af mismunandi vistunar- og umönnunarpörf, heldur eru úthlutanir framkvæmdar án samhengis við fyrirliggjandi forsendur og enginn skilgreindur greinarmunur gerður á umönnunarpunga og því sem honum fylgir,“ segir hann.

Það er mikilvægt að heilbrigðisráðherra ráðist strax í að skilgreina þau verkefni sem dvalar- og hjúkrunarheimili sinna og gera við þau þjónustusamninga. Raunar er stórfurðulegt að það hafi ekki þegar verið gert. Óviðunandi er að milljörðum króna af skattfé almennings sé varið í óskilgreinda þjónustu. Það þarf að nýta hverja krónu vel í þágu aldraðra.

Slík þjónustugreining er líka nauðsynleg svo fagfólk geti tekið sig saman um rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila með þjónustusamning við ríkið. Rekstur Sóltúns er góð fyrirmynd í þeim efnum. Biðlistum aldraða eftir þjónustu verður að eyða og sýnir reynslan okkur að einkaframtagið er nauðsynlegt svo það takist. Það þekkjast hvergi biðraðir eftir þjónustu nema hjá ríkinu.

Framsóknarflokkurinn má ekki standa lengur í vegi fyrir nauðsynlegum endurbótum í þessum efnunum. Það er ekki í þágu aldraðra, skattgreiðenda né stjórnmalamannanna sjálfra. Það skiptir nefnilega máli hvernig skatttekjum ríkisins er ráðstafað.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** | ÚTGÁFUFLAG: 365  
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. issn 1670-3871

## Menntun er verðmæti



Þorhildur  
Þorleifsdóttir

6. til 8. sæti

í prófkjöri Samfylkingarinnar

Samfylkingin

www.torhildur.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fjölmiðlabindindi Jóns

Upp á síðkastið hefur mörgum verið í mun að fá skötujuín Hildi Völu og Jón Ólafsson í viðtal og til dæmis sótti Kristján Þorvaldsson, ritstjóri Mannlífs, hart að Jóni að fá hann í opinskátt forsíðuviðtal. Þegar Jón sagðist ekki nenna því brá Kristján á það gamalkunna ráð að freista Jóns með klisjunni „þetta er svo góð kynning fyrir þáttinn þinn“. Jón sagðist enga kynningu þurfa og sló vopnin úr höndum ritstjórans með því að segja að þátturinn væri sýndur á besta tíma í Ríkissjónvarpinu og hann gæti þess vegna prumpað og samt fengið 25 prósentu áhorf. Áhugaleysi viðmælendanna stöðvaði þó ekki DV sem skellti



Jóni og Hildi á síðustu forsíðu með funheitum fréttum af „Idol-barninu“ frá ömmu þess og frænda.

#### Kynslóðaskipti

Allt of snemmt er að spá um hvort „Idol-barnið“ feti í spor foreldranna en það er hins vegar staðreynd að sífellt fleiri popparabörn stíga nú fram og gefa þeim gömlu ekkert eftir í poppinu. Á nýlegum safndiski Samfylkingarframbjóðandans Bryndísar Ísfoldar má meðal annars heyra lag með Elínu Eypórsdóttur, sem er 16 ára dóttir Ellenar Kristjáns og Eypórs Gunnarssonar, og á sama disk er lag með pönkhljómsveitinni Capybara. Þar er innanborðs gítarleikarinn Hrafnkell Flóki, sonur Einars Arnar. Þá hefur söngvarinn Sigurður Pálmason verið að vekja



lukku upp á síðkastið með góðri rödd og léttpoppi. Sigurður er sonur Pálma Gunnarssonar og Þuríðar Sigurðardóttur og von er á plötu með honum.

#### Óli Palli stoltur

Poppáhugamenn geta ekki síður af sér efnilega poppara. Þannig er sonur Óla Palla á Rás 2, hinn 12 ára Ólafur Alexander, trommari í hljómsveitinni Wipe Out, sem auk hans er skipað Margrét Rán Magnúsdóttur sem er 14 ára og syngur og spilar á gítar. Wipe Out þykir ótrúlega efnileg og hefur tekið upp átta lög hjá Rúnari Júl í Geimsteini. Óli Palli er að vonum stoltur af syninum og spilar Wipe Out fyrir alla sem koma nálægt skrifstofum Rásar 2.

## Íslandssöguna á filmu

Ég las fyrir löngu þessa litlu gamansögu um Íslensk og sovésk stjórnmal: „Frá Moskvu hafa þær fréttir borist að Stalín æði um innan Kremlarvegga, uppfullur af mikilmennskubrjálæði og ímyndi sér að hann sé Vilhjálmur Þór.“ Ég sagði vini mínum söguna sem starði á mig og spurði hvernig í ósköpunum Vilhjálmur borgarstjóri tengdist Stalín, hvort ég væri virkilega farinn að taka þátt í einhverju rugli um innanflokksátök í Sjálfstæðisflokknum. Ég starði á móti, skyldi ekki fyrst hvað hann var að fara, þangað til það rann upp fyrir mér að gallinn við söguna var sá að fæstir af minni kynslóð kannast við Vilhjálum heitinn Þór. Sú Snorrabúð er greinilega orðinn stekkur og ég sem hafði hugsað mér að nota þennan brandara á herrakvöldi hjá merku íþróttafélagi hér í bæ, sem væntanlega hefði tryggt að mér hefði ekki verið boðið á slík kvöld aftur, eða yfirhöfuð til nokkurra mannamóta framfar. En svona er nú sagan harður húsbóndi, hinir merkustu menn geta gleymst fljótt.

Heimurinn ferst auðvitað ekki þó nafn framsóknar- og Sambandsvefirsins Vilhjálms Þórs sé ekki enn á hvers manns vörum. Það er hægt að hafa það fint á Íslandi þótt menn séu ekki með þátt Vilhjálms heitins í ríkisstjórnarmyndunum hér á árum áður á hreinu. En of miklu söguleysi fylgir hætta. Fyrir það fyrsta er það svo að mörg þeirra vandamála sem okkar kynslóð er að bjástra við hafa hrjáð fyrri kynslóðir. Góð söguþekking getur komið í veg fyrir að sömu mistökkin séu endurtekin aftur og aftur. En í mínum huga er meira um vert að sagan geymir lykilinn að sjálfsmynd okkar, skilning á því hver við erum, hvaðan við komum og jafnvel (á góðum degi) hvort við erum að fara. Fyrir okkur Íslendinga skiptir þessi sjálfsmynd heil-



ILLUGI GUNNARSSON  
Í DAG | Söguþekking

miklu máli. Við vorum öldum saman býsna einangruð, skáluðum lengi fyrir heilsu látins kóngs því andlátsfréttin barst seint hingað út og höfðum lítið að segja af öðrum þjóðum og síðum þeirra. Að sjálfsgöðu er allt þetta breytt og við erum í hópi þeirra þjóða, sem líta á alþjóðavæðingu sem tækifæri til að eflast og styrkjast. En einmitt þess vegna er svo mikilvægt að við snum vel kennslu í sögu á öllum skólastigum. Sjálftraust og sjálfþekking haldast í hendur og alþjóðavæðingin gerir í raun þá kröfu að við hlúum mjög vel að því sem gerir okkur sérstök og öðruvísi en aðra. Það er reikult rótlaua þangið og þjóð sem ekki hefur þerka tengingu við sögu sína er rótlaua.

Mig langar því til að koma að herna einni hugmynd sem ég held að gæti verið gagnleg. Fyrir nokkrum árum lét BBC gera nokkra sjónvarpsþætti um sögu Bretlands. Þættirnir voru í umsjón sagnfræðingsins Simon Schama. Í fyrstu áttu markaðsstjórar BBC ekki von á því að þættirnir væru til vinsælda fallnir og því voru þeir settir á dagskrá seint á sunnudagskvöldum. En viðbrögðin hjá almenningu voru vægast sagt jákvæð og fyrr en varið voru þættirnir fluttir á besta sýningar tíma. Framsetningin var enda skýr og skemmtileg og Schama var ekki hræddur við að fjalla um söguna í nokkrum smáatriðum þar sem það

átti við. Vitanlega hafði söguskoðun Schama eitthvað að segja um efnistöð en þrátt fyrir það bar ekki á miklum deilum um það hvernig hann nálgast efnivið sinn. Þættirnir voru skemmtun sem jók áhorf á BBC en ekki síður höfðu þeir mikið fræðslugildi, þeir nýttast vel í kennslu í sagnfræði til dæmis í grunn- og framhaldsskólum.

Er ekki kominn tími til að við Íslendingar eignumst vandaða heimildamyndabætti um sögu landsins allt frá landnámi og fram að okkar daga? Ég er sannfærður um að slíkt sjónvarpsefni myndi fá mikið áhorf, jafnvel ekki minna en sumt af því efni sem RÚV eyðir miklum fjárhæðum í að kaupa erlendis frá. Vitanlega kallar gerð svona viðamikillar heimildarmyndar á útgjöld umfram það sem RÚV hefur til innlendir dagskrárgerðar, en ég held að á þeim bönnum mætti frekar horfa til svona verkefna heldur en að bjóða háar fjárhæðir í réttinn til að sýna til dæmis alþjóðleg fótboltamót, dagskrárefni sem einkareknu stöðvarnar geta auðveldlega sinnt. En ég tel réttlætunlegt fyrir menntamálaráðuneytið að verja fé sérstaklega til gerð heimildabátta um Íslandssöguna, því þá væri hægt að nota í sögukennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins um langa hríð.

Auðvitað er sagan vandmeðfarin og engin ein aðferð til við að túlka hana. Jónas frá Hriflu skrifaði til dæmis Íslandssöguna sjálfur og ekki víst að allir sagnfræðingar séu sammála þeirri nálgun. En deilur um mismunandi skoðun á sögunni og framvindu hennar eiga ekki að þurfa að koma í veg fyrir að hægt sé að gera Íslandssögunni ágæt skil, líkt og Schama og BBC tókst í Bretlandi. Við eignum marga frábæra sagnfræðinga og kvikmyndagerðarmenn, þetta yrði verdugt verkefni fyrir þá.

## Ríkið tekur yfir prentsmiðju

#### UMRÆÐAN

Ríkisvæðingin

Það er ekki oft sem íslenska ríkið ræðst með krafti gegn íslenskum fyrirtækjum með beinum og augljósum hætti. Það gerðist þó í vikunni þegar ríkið keypti prentfyrirtækið Samskipti og opinberaði fyrirætlanir sínar um að reka það í samkeppni við önnur prentfyrirtæki hérlendis. Kaupin voru gerð undir formerkjum ríkisfyrirtækisins Íslandspóst og sögd eðlilegt skref í þeim rekstri. Til að benda á hið augljósa er póstdreifing og prentrekstur með öllu óskyldur rekstur og því um alveg ný afskipti ríkisins af rekstri fyrirtækja í landinu að ræða. Þessi uppkaup ríkisins á prentfyrirtæki hefur ákaflega slæmar afleiðingar. Einstaklingar sem reka fyrirtæki geta nú búist við því að ríkið hefji við þá niðurgreiddan samkeppnisrekstur hvenær sem er. Hvenær mun til dæmis RÚV kaupa bíóhús og hefja rekstur eða ÁTVR kaupa gosdrykkja- og ávaxtasafaverksmiðju og hefja framleiðslu? Það er ótækt að einstaklingarnir í landinu sem leggja sig allir fram við að sinna rekstri sínum þurfi stanslaust að óttast innkomu ríkisins á markaðinn þar sem niðurgreidd þjónusta er veitt. Einstaklingar geta ekki tekið fé af fólk



FRÍÐBJÖRN ORRI  
KETILSSON

með sköttum og lagt í rekstur fyrirtækja sinna. Það getur hins vegar íslenska ríkið, eigandi Íslandspóst og nú Samskipta, gert ef reksturinn gengur ekki sem skyldi. Þessa þróun þarf að stöðva.

Stefna ætti að því að selja Íslandspóst og Samskipti til fjárfesta sem hafa áhuga á að reka fyrirtækin á frjálsum markaði. Íslensk prentfyrirtæki hafa staðið sig vel í rekstri og skipta þau tugum ef ekki hundruðum sem starfa hérlendis. Alls engin þörf er á ríkisprentsmiðju og duga gömlu þjóðnýtingarrökin um að uppkaupin séu aukin þjónusta við nýendur því skammt. Með sömu rékum gæti ríkið einfaldlega tekið yfir allan rekstur í landinu líkt og tíðkaðist í Sovétríkjunum sálugu. Víkið var frá þeirri stefnu hérlendis um 1990 og hefur Ísland notið mestu hagsældartíma í Íslandssögunni síðan.

Ísland er frjálst land. Hér hefur ríkt gott rekstrarumhverfi, skattar hafa verið lágir, auðvelt hefur verið að stofna fyrirtæki og einstaklingarnir hafa haft mikil tækifæri til að nýta krafta sína öðrum til hagsbóta í sínum rekstri. Slíkt skipulag er skipulag árangurs sem ber ávöxt. Sovétskipulagið bar engan ávöxt. Stefna ætti því að frjáltsara skipulagi og draga úr umfangi ríkisins. Slík stefna bætir allra hag.

Höfundur er formaður Frjálshyggjufélagsins.



# BT

## VERÐLAUNA TÆKI

WHAT HI-FI?  
SOUND AND VISION  
SUPERTEST WINNER

### Panasonic

TX32LX60F  
PANASONIC 32" LCD LX60F

32" Panasonic LCD sjónvarp  
Ný Panasonic LCD AI myndstýring  
Upplausn: 1366x768  
Kontrast 1200:1  
500 síðna textavarpssmíni  
2x 10W Hljómur  
2x HDMI tengi  
PAT mynd & textavarp  
Mál með standi: 791 x 615 x 301 mm  
Mál: 791 x 563 x 107 mm  
Boys Toys Winner Recommended Award - Mai 2006  
Hrikalega flott tæki!



32"

Hágæða LCD tæki frá Panasonic.

7.686

\*\*Tölvu- og tækjalán 48 mán.

17.499

Vaxtalaust 12 mán.

209.988

Staðgreitt

## VELDU ÞÉR EINN KAUPAUKA!



SCHT340  
PANASONIC HEIMABÍÓ 340



DMRES15  
PANASONIC DVD RECORDER  
TIMESLIP



NVGS27B  
PANASONIC MINIDV  
TÖKUVÉL

## Panasonic VIERA

- nýtt tímabil í myndgæðum

### VIERA

Panasonic VIERA hágæðasjónvörpin setja myndgæðin í fyrsta sæti.

Panasonic VIERA hafa yfirburði þegar kemur að mikilli hreyfingu á mynd, td. Þegar horft er á knattspyrnuleiki, fórnuluna eða hasarmyndir.

Panasonic VIERA eru með glerskjá sem gefur fallegri mynd og veitir panelnum vörn fyrir litlum fingrum.

Panasonic VIERA hafa hlotið ótal viðurkenningar fyrir glæslegt útlit. Veldu glæsileika.

### Panasonic

TH42PV60E  
PANASONIC 42" PV60E Plasmásjónvarp  
42" Plasmásjónvarp  
1024x768  
10.000:1  
2000 síðna textavarpssmíni  
3 SCART  
2 HDMI  
PC skjátengi  
PAT mynd & texti

9 kynslóð plasmataekja.  
29 milljarðar líta, hundraðfalt fleiri litir en í LCD sjónvörpum.



42"

HD  
ready

11.710

\*\*Tölvu- og tækjalán 48 mán.

26.999

Vaxtalaust 12 mán.

323.988

Staðgreitt



PETTA GERÐIST: 5. NÓVEMBER 1911

## Roy Rogers í heiminn borinn

Leonard Slye, sem síðar varð þekktur undir nafninu Roy Rogers, fæddist þennan dag árið 1911 í Cincinnati í Ohio. Rogers kom til Hollywood árið 1920 og starfaði þá við ávaxtatíslu. Snemma á fjórða áratugnum gekk hann til liðs við sönghópinn Uncle Tom Murray's Hollywood Hillbillies, sem söng fyrst í útvarp árið 1931. Annar sönghópur sem Rogers söng með var fenginn til að leika í ódýrum vestra og upp frá því fékk Rogers æ stærri hlutverk í bíómyndum. Hann heillaði lýðinn



ROY ROGERS

ásamt hesti sínum Trigger og mótleikkonu Dale Evans og varð brátt einn af tíu launhæstu leikurum Hollywood. Þegar eiginkona Rogers lést árið 1946 giftist hann mótleikkonu sinni Dale Evans. Rogers var einnig með vinsælan útvarpsþátt, The Roy Rogers Show, sem var breytt í sjónvarpsþátt árið 1951. Hann varð einn auðugasti maður Hollywood og átti fasteignir, nautgripi, hesta, ródeósýningu og veitingastaðakeðju. Roy Rogers lést árið 1998.

## MERKISATBURÐIR

- 1848 Fyrsta íslenska fréttablaðið, Þjóðólfrur stjórnmála- og fréttablað, hefur göngu sína í Reykjavík.
- 1913 Lúðvík III verður konungur Bæjaralands.
- 1930 Sinclair Lewis hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels.
- 1946 John F. Kennedy er kosinn í embætti forseta Bandaríkjanna.
- 1960 Ásgrímssafn er opnað í húsi Ásgríms Jónssonar listmálara við Bergstaðastræti.
- 1993 Fjöldi fólks bíður á Snæfellsjöklum eftir að geymverur lendi klukkan 21.07.
- 1996 Skeiðarárhlaup hefst og stendur í þrjá daga.

HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR LEIKKONA ER 42 ÁRA Í DAG

„Ég hef kannski skánað eitthvað aðeins svona almennt en þó ekki mikið. Maður skánar alltaf aðeins með aldrinum.“



# tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Eðvarð Örn Olsen**

lést þriðjudaginn 31. október á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut.

Útför hans fer fram frá Fella- og Hólaúrkirkju föstudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

Sigbrúður Ingólfsdóttir og fjölskylda.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim er sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdafaðir, afa og langafa,

**Ragnars Valdimars**

**Jóhannessonar**

Klapparhlíð 28 (áður Brattholt 3) Mosfellsbæ.

Sérstakar kveðjur og þakkir til séra Jóns Þorsteinssonar fyrir ómetanlegan stuðning á erfidum tímum. Þá færur við starfsfólki líknaeildar Landspítalans í Kópavogi og Karitas heimahjúkrun innilegar þakkir fyrir umhyggju og alúð.

Hafðís Hanna Moldoff

Jóhanna Ragnarsdóttir

Lárus Ragnarsson

María Ragnarsdóttir

Guðbjörg Rósa Ragnarsdóttir

Sigurður Páll Ragnarsson

barnabörn og barnabarnabarn.

Ólafur Steinbergsson

Björg Ragnarsdóttir

Óskar Árni Hilmarsson

Gunnar George Gray

Anna Einarsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Njáll Friðrik Bergsson**

Sundabúð 3, Vopnafirði,

lést 29. október. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju, Akureyri, þriðjudaginn 7. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á minningargjafabók Sundabúðar í Landsbankanum á Vopnafirði.

Guðmundur Örn Njálsson

Hafðís Njálisdóttir

Guðný Sif Njálisdóttir

Haukur Njálsson

Hulda Marin Njálisdóttir

Bergþóra Njálisdóttir

afa- og langafabörn.

Guðrún Birna Jóhannsdóttir

Jóhannes Steingrímsson

Ása Björk Finnsdóttir

Stefán Garðar Nielsson

Fróði Ólafsson



**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Samningur um ráðningu Eypórs sem aðstoðarframleiðanda Hostel II var undirritaður í Bláa lóninu á dögnum. Frá vinstri: framleiðendurnir Daniel Frish og Chris Briggs, Eypór Guðjónsson og Eli Roth, leikstjóri og framleiðandi.

EYÞÓR GUÐJÓNSSON: AÐSTOÐARFRAMLEIÐANDI HOSTEL II

## Leysir vandamálin

Eypór Guðjónsson, sem lék eitt af aðalhlutverkunum í hryllingsmyndinni Hostel, hefur verið ráðinn aðstoðarframleiðandi Hostel II. Tökum á þeirri mynd, sem staðið hafa yfir undanfarnar átta vikur, lauk nýverið hér á landi í Bláa lóninu, líkamsræktarstöðinni World Class og á Ingólfsþvöli. Um þrjátíu manna hópur var hér í tengslum við tökurnar, þar á meðal leikstjórinn Eli Roth.

Eypór segir það mikinn heiður fyrir sig að fá að taka

þátt í stórmynd með virtum framleiðendum og stórum kvikmyndafyrirtækjum. „Ég hef eiginlega komið að þessu frá byrjun á margan hátt. Ég bind starf mitt ekki bara við Ísland heldur starfa úti um allan heim,“ segir Eypór. „Þetta er búið að vera mjög gaman en þetta er eins og hver önnur vinna. Maður er að leysa vandamál og skipuleggja hluti allan daginn.“

Eypór segist vel geta hugsað sér að vinna við kvikmyndaframleiðslu í framtíðinni. Játar hann að aðstandendur Hostel hafi þegar rætt lauslega við sig um fleiri verkefni. „Þeir eru ánægðir með mitt framlag og það eru alls konar hugmyndir í gangi en ekkert hefur verið ákveðið,“ segir hann. „Ég er líka með önnur verkefni í gangi eins og Grettis-sögu. Hún er ennþá í þróun. Það tekur mörg ár að koma svona verkefni á köppinn,“ segir hann.

Fyrsta mynd Eli Roth, Cabin Fever, var frumsýnd árið 2002. Hún sló í gegn og gerði hann að einum efnilegasta leikstjóra Hollywood. Næsta mynd hans, fyrrnefnd Hostel, náði svo óvænt fyrsta sæti á aðsóknarlista kvikmynda-húsa í Bandaríkjunum og fór sigurför um heiminn eftir það. Nú er Eli Roth einn af eftirsóttari leikstjórum Hollywood og skrifaði nýverið undir samning um að leikstýra næstu kvikmynd sem verður gerð eftir bók Stephens King, The Cell.

Framhaldsmyndin Hostel II er nú á leið í klippingu. Reynt verður að klára hana í febrúar eða mars og verður hún hugsanlega tilbúin til sýninga í apríl. Eypór játar að það yrði mjög gaman ef myndin yrði heimsfrumsýnd hér á landi eins og raunin varð með fyrri myndina. Mætti þá sjálfur Quentin Tarantino, framleiðandi myndarinnar, til landsins ásamt Eli Roth. „Þeir eru ofsalega spennir fyrir því,“ segir Eypór um möguleikann á frumsýningunni. „Það kom hingað fólk frá fyrirtækinu sem er mjög hrifið af landi og þjóð. Þau eru nú í þyrfluferð yfir landinu.“

frey@frettabladid.is



### VIÐ TÖKUR Á HOSTEL

Eypór Guðjónsson og bandaríski leikstjórinn Eli Roth við tökum á Hostel.

**LEGSTEINAR  
OG FYLGIHLUTIR  
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Harnarhöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



**LEGSTEINAR**

Kynningarafsláttur á völdum tegundum

Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787  
rein@rein.is : www.rein.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



# Íslenskir tónlistardagar

Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum. Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.

# TAX FREE

## SKEMMTIEFNI



Bríet Sunna áritar og spilar í dag:  
Kringlunni kl. 14:00 Smáralind kl. 16:00



Regína áritar og spilar í dag:  
Smáralind kl. 14:00 Kringlunni kl. 16:00

ALLAR DVD MYNDIR án VSK

ALLIR TÖLVULEIKIR án VSK



**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT**



**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT**

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Ótrúlegt verð

79

kr. pk ~~89~~

Gra Label sykur 1kg

20 fyrir 10 Egg

Meriháttar tilboð

39

kr. pk ~~64~~

Super hveiti 2kg

# Bökunarvörur á tilboði



Móna súkkulaðispaenir 110 kr/pk



Krónu súkkulaði 300g 199 kr/stk



Royal lyftiduft 139 kr/pk



Lif smjörliki 99 kr. stk ~~129~~



Nóa lakkrisur 190 kr/stk



Schmidt kakó 199 kr/pk



Síríus Konsum súkkulaði verð frá 139 kr/stk

Rjómi 1/2ltr 299 kr/stk



Odense marsipan verð frá 458 kr/stk



Freyju MIX 400g 399 kr/stk

KRONAN

KRONAN

KRONAN

KRONAN



# gaman að sjá þig

**40% afsláttur**

**389** kr. kg ~~649~~

Móa læri/leggir magnpakking

**30% afsláttur**

**2598** kr. kg ~~3759~~

Goða Gourmet Lambafillet m/fitu

**1159** kr. kg ~~1449~~

Goða lambahryggur sneiddur

7-up og 7-up sykurlaust 2L

**99** kr/2L

**30% afsláttur**

Hóla hangikjöt úrb. hangilæri úrb. hangiframpartur

SS Caj P's helgarsteik

**1394** kr/kg

**25% afsláttur**

Maxwell house kaffi

**369** kr/pk

Lambi salernis-rúllur ferskju

**499** kr/pk

6 fyrir Egils malt & appelsín

**2 fyrir 1** Myllu heilhvítbrauð





SIGURGEIR GUÐMUNDSSON, FORMAÐUR LANDSBJARGAR Stendur vaktina um borð í Sæbjörginni, Slysavarnarskóla sjómanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ætlaði aldrei í björgunarsveit

Slysavarnafélagið Landsbjörg má kalla eins konar regnhlífarsamtök allra björgunarsveita á landinu. Þessa dagana stendur félagið fyrir söfnunarátaki sem kennt er við Neyðarkallinn. Klemens Ólafur Þrastarson heyrði hljóðið í formanni Landsbjargar, neyðarkallinum sjálfum, Sigurgeiri Guðmundssyni, en hann býr á Hellu og hefur verið skólastjóri þar í tuttugu og tvö ár.

**S**igurgeir er fæddur norður á Akureyri og er Eyfirðingur í báðar ættir. Hann ólst upp í Kleppsholtinu, á Kambsvægi. Heimildarmenn Fréttablaðsins herma að Sigurgeir hafi þótt með afbrigðum sætur strákur, svo mjög að öfundarmenn hans uppnefndu hann Sykur-Geira. Sigurgeir vill sjálfur ekkert kannast við það og kys að rifja ekki upp gamlar ýfingar við blaðamann. Hann er þó fús til að ræða ævintýralegt umhverfi barndómsins.

„Það var virkilega gaman að alast upp í hverfi sem var á mörku- sveitastemningar og nýbyggðar. Á Kleppstúnunum voru bæði skepnur og heyskapur. Svæðið sem er Sundahöfn í dag var leikvangur og höfuðvettvangur okkar, ásamt klettunum og skipsflökunum í fjörunni. Ásýnd

liðtækur munnhörpuleikari og stofnaði hljómsveit árið 2001. „Á fullorðinsaldri stigum við á svið nokkrir félagar og spiluðum í tvö ár annað hvert fimmtudagskvöld í Reykjavík. Hljómsveitin hét Blús-þróttarnir, hvorki meira né minna. Það var virkilega gaman.“

## Fúlskeggjaður útivistarmaður á rússajeyppa

Geiri var síðhærður og hippalegur útlits, eins og móðins var á hans sokkabandsárum. Skeggjaður er hann enn. Hann segist þó aldrei hafa verið hippa af hugsjón og lítið sem ekkert stundað hippalífsstíl. Hann byrjaði ungur í starfi KFUM og hefur aldrei reykt. Áfengi smakkaði hann varla fyrir en eftir tvítugt, þegar hann var orðinn tveggja barna faðir. „Ég fór fljótlega í jeppamenninguna og lærði að gera sjálfur við bílinn og keyrði um fjöll og firnindi. Ég eignaðist

einfaldlega þótt þetta lífsins gangur. „Tíðarandinn var svona og á þeim tíma var þetta ekki óalgengt. Ég á svo yndisleg börn að ég má ekki til þess hugsa að þetta hefði farið öðruvísi. Eftir á að hyggja var auðvitað engin skynsemi í þessu út frá sjónarhóli uppeldisins. En það hefði enginn getað sagt mér það í þá daga!“

## Hvílir sig í björgunarsveitinni

Starfið í björgunarsveitunum hófst þegar Sigurgeir útskrifaðist frá

KHÍ og tók við skólastjórnastöðu á Hellu árið 1984. Þar var hann snögglega kallaður í hópinn. „Ég ætlaði mér aldrei að ganga í björgunarsveit, en svo var ég „sjanghæður“ í hana fljótlega eftir að ég flutti á Hellu. Gylfi Garðarsson formaður kom ásamt félaganum og þeir settu bréf á borðið og sögðust ekki fara út aftur fyrir en ég skrifaði undir. Til að losna við þá setti ég nafnið mitt á blaðið,“ segir formaðurinn og bætir við að hann sjái ekki eftir því.

Það er að heyra á Sigurgeiri að hann líti á það sem hvíld frá daglegu amstri að geta skroppið í leiðangra með björgunarsveit. „Ég er í hugrænni vinnu með börnum á daginn, en síðan getur maður verið kominn upp til fjalla að hugsa um eitthvað allt annað.

Þrátt fyrir að ég komi stundum dauðþreyttur úr útkalli, er þetta frábær leið til að endurhláða rafhlöðurnar. Það er hvíld að geta umpólað sig svona.“

## Ógleymanlegar björgunaraðgerðir

Sigurgeir hefur tekið þátt í ótal mörgum björgunaraðgerðum. Hann segir þær aðgerðir þar sem menn láta lífið yfirleitt sitja fastast í minninu og rifjar stuttlega upp aðgerð þar sem maður lenti undir ísfargi í Hrafninnskerri síðastliðið haust. „Þetta varð mér afar minnstætt, sérstaklega kannski vegna þess að ég hef oft komið í þennan helli ásamt fjölskyldu minni og fleirum og eytt þarna mörgum stundum.“

Það er margt sem ber fyrir augu björgunarsveitarmanna og Sigurgeir segir það einnig oft sitja fast í minninu sem er hvað stórfenglegast á sjónrænan máta. „Ég varð vitni að því þegar skipið Víkartindur strandaði upp við fjöruna hjá Þykkvabæ og það var stórbrotin og hryggileg sjón um leið. Þarna horfði maður á gifurleg verðmæti fara í súginn beint fyrir framan augun á manni og gat hreinlega ekkert að gert. Við stóðum bara í fjörunni og enginn gat gert nokkurn skapaðan hlut. Þetta kvöld lést líka einn Íslendingur af varðskipi sem fannst ekki fyrir en mörgum dögum seinna þegar hann kom á land langt frá strandsstaðnum.“

Eldgos kalla yfirleitt á aðgerðir björgunarmanna og síðustu tvö gos í Heklu voru engar undantekningar.

„Í febrúar og mars árið 1991 gaus í Heklu. Fólk streymdi þar inn að gosstöðvunum en ég var sjálfur á mínum einkabil á þessu svæði. Eftir því sem veður fór að versna ákvað ég að flýta mér heim en um leið og kvöldið skall á var útkall á björgunarsveitina og tilkynnt að nokkrir bílar væru týndir á svæðinu austan við eldsstöðvarnar og enginn vissi hvað af þeim varð. Þá var farið af stað á snjóbil í svartnættis-þreifandi byl og við náðum fjar-skriptasambandi við þessa pílta. Þeir gátu ekki gefið okkur upp neina staðsetningu enda höfðu þeir ekki GPS-tæki eða neitt slíkt. Þegar ég spurði þá hvort þeir gætu hugsanlega séð bjarmann frá fjallinu með því að klífa upp á þakið á bílnum reyndu þeir það og þetta gekk eftir. Þeir sáu bjarmann. Þiltarnir höfðu með sér áttavita og gátu því gefið okkur stefnu sem varð til þess að við gátum dregið línu frá fjallinu, miðað við gagnstæða stefnu frá þeim gráðum sem þeir gáfu upp. Út frá þessum upplýsingum gátum við keyrt beint á vettvang og fundið strákana,“ segir Sigurgeir og bætir því við að þrátt fyrir að þetta hafi ekki verið mikil hætta hafi aðgerðin engu að síður verið eftirminnileg.

Önnur aðgerð sem Sigurgeir kveðst aldrei muna gleyma átti sér stað í Þrengslunum þegar annað Heklugos varð árið 2000.

„Fólk streymdi austur fyrir fjall til þess að sjá þessi



SIGURGEIR Á SIGLINGU

FRÉTTABLAÐIÐ/ADSENT

ósköp en Vegagerðin lokaði Hellsheiðinni og stefndi öllum inn á Þrengslin. Vegna veðurofsa lokuðust svo Þrengslin sem varð til þess að fimmtán hundruð manns sátu fastir í bílum sínum frá Þorlákshöfn og að Þrengslavegamótum við Hellsheiðina. Við vorum ekki kallaðir út með snjóbilinn frá Hellu fyrir en klukkan ellefu um kvöldið, en þá hafði ég verið að fylgjast með þessu í fjar-skriptum og vissi að aðgerðin gekk mjög illa. Veðrið var alveg þreifandi vitlaust. Menn sáu ekki einu sinni fingurna á sér þegar þeir stigu út úr ökutækjunum og því varð það mikil upplifun að fara þarna meðfram bílalestinni, þakka fólk upp og koma því svo í öruggt skjól. Þarna var meðal annars fullorðin fólk nýkomið úr aðgerðum á spítala; fólk sem vantaði lyfin sín; fólk á sparifötunum að koma úr kirkjuathöfnum og svo framvegis. Hreinlega alls konar fólk á öllum aldri, börn og gamalmenni og þessi upplifun því alveg með ólíkindum. Þarna var alveg sama hvað bílarnir voru á stórum dekkjum, það sátu allir fastir og jafnvel jeppar komust ekki úr hjólförnum. Við, ásamt öðrum björgunarsveitum, stóðum í þessari aðgerð alla nóttina og fram á næsta morgun enda fór veðrið ekki að lægja fyrir en leið á morguninn.“

„Ég fór fljótlega í jeppamenninguna og lærði að gera sjálfur við bílinn og keyrði um fjöll og firnindi. Ég eignaðist rússajeyppa átján ára gamall og á slíkan bíl, GAZ-69, enn í dag.“

umhverfisins var að mörgu leyti vel lýst í Englum alheimsins,“ segir Sigurgeir og rifjar upp minningar um reglulegar gönguferðir klepparanna, sem hann segir að hafi verið indælasta fólk.

## Blúsþróttur

Á barnsaldri gekk Sigurgeir í Langholtsskóla og síðan sem unglingur í Vogaskóla. Þar dvínaði mjög áhugi hans á skólanámi og önnur hugðarefni fengu forgang. „Eins og stráka er síður fór maður að hugsa um stelpur og tónlist. Síðan þróaðist það heldur snarlega við sautján ára aldurinn að ég fór að hlusta á blústonlist og hún hefur fylgt mér æ síðan. Ég hef ekki hlustað á annað síðan 1969 og er það djúpt sokkinn að ég sækji festivöl í Evrópu og þegar ég fer vestur leita ég uppi tónleika þar líka.“

Hetjur Sigurgeirs í blúsum segir hann vera allt frá Robert Johnson til Peters Green úr Fleetwood Mac. Smekkurinn er síst að mýkjast með aldrinum og hann sækir sífellt meira í þyngri blús og harðari. Sjálfur er Sigurgeir

rússajeyppa átján ára gamall og á slíkan bíl, GAZ-69, enn í dag. Þetta var aðaláhugamálið á þessum árum, enda kviknaði fjallaáhuginn snemma. Þegar ég var að vinna sem unglingur hjá Landsvirkjun. Ég vann á Túnarsvæðinu í fimm sumur og fyrir ingun mann var það ævintýralegt lífsreynsla að loka sig svona af, sumar eftir sumar. Þarna vorum við að sækja vatn og kost fyrir karlana, hlusta á talstöðvar og taka veðrið. Þetta var mikill skóli.“

## Tveggja barna faðir um tvítugt

Sigurgeir er fimmtíu og fjögurra ára gamall og á tíu afkomendur; fjögur börn með tveimur konum, sex barnabörn. Hann lýsir sér því sem ríkum manni. Eiginkona hans, Svava Þorsteinsdóttir, er samkennari hans við Grunnskólann á Hellu, en með henni á hann tvö börn. Geiri var einungis átján ára gamall þegar hann eignaðist sitt fyrsta barn með Eddu Björgvinsdóttur leikkonu og tvítugt bættu þau öðrum krakka við. Spurður um hvernig það hafi farið í hann að vera tveggja barna faðir um tvítugt, segir Sigurgeir að sér hafi



# „Hvort sem það er mannhvarf, jarðskjálfti eða flóð úr Kötlu.“

Slysavarnafélagið Landsbjörg er félag sjálfboda- liða. Rekstrarfé er fengið með fjáröflunum og styrkjum. Mest af tekjunum fer beint í deildirnar, en í þeim starfa um átján þúsund félagar sem hafa starfsstöðvar víðs vegar um landið. Deildir Landsbjargar eru margar. Meðal þeirra eru eitt hundrað björgunarsveitir, níutíu slysavarnadeildir og fimmtíu ungl- ingadeildir.

Félagið byggist á þremur fylking- um: Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi hjálparveitar skáta og Landssambandi flug- björgunarsveita. Sigurgeir Guðmundsson segir samein- ingarferlið, árin 1991 og 1999, hafa verið gæfu- spor, því félögin hafi áður keppt sín á milli um athygli og jafn- vel fleira. „Með eitt sameiginlegt félag og eina skrifstofu er allur rekstr- arkostnað-



ur miklu minni. Öll stefnumótun er markvissari. Nú er samkeppnin einungis á milli deildanna sjálfra og hún er afar heilbrigð og drengileg. Hún felst einfaldlega í því að standa sig vel á hverju svæði.“

Verkefni félagsins eru fjölbreytt. Auk björg- unarstarfs sinna samtökin forvarnarstarfi og almennum slysavörnum, til dæmis stendur yfir átak þessa dagana þar sem heimili aldraðra borgara eru heimsótt og farið yfir slysavarnir þar. Hjá félaginu er maður á vakt allan sólarhringinn. Um leið og hringt er í 112 og björgunars- sveit vantar, leiðir hann aðgerð- irnar. Átján þúsund félagar eru skráðir í samtökin, af þeim eru 3.200 virkir björgunarsveit- armenn. Þeir fóru í 1.400 útköll í fyrra og unnu um 640.000 vinnustundir. Þá tölu má líklega þre- falda, sé tekið tillit til annars sem starfseminni fylgir.

TILURÐ LANDSBJARGAR		
Landssamb. hjálparveita skáta	Landsbjörg (Landssamband björgunarsveita)	Slysavarna- félagið Landsbjörg
Landssamb. flugbjörgunarsveita		
Slysavarnafélag Íslands		
	1991	1999



STJÓRNSTÖÐ LANDSBJARGAR Í SKÓGARHLÍÐ

## Íslenska ferðatryggingin

Tilkynningarþjónusta ferðamanna er líklega einstök þjónusta í heim- inum. Allir ferðamenn sem ætla að halda í leiðangur geta stoppað á skrifstofu Landsbjargar í Skógar- hlíð 14 og fyllt út blað með ferða- áætlun sinni. Ef þeir skila sér síðan ekki í bæinn á réttum tíma að ferð lokinni, fer björgunarsveit á stað- inn og nær í þá. Þessi þjónusta er ókeypis og Sigurgeiri Guðmunds- sýni, formanni Landsbjargar, er

ekki kunnugt um erlend fordæmi. „Ég þekki það ekki, en þetta hefur svo sannarlega bjargað mannlífum. Það er meira lagt upp úr því erlendis að menn séu vel tryggðir, en hérna erum við lítið byrjaðir á því enn. Nei, ég held þetta sé bara ein af mörgum góðum hugmyndum sem urðu til þarna á skrifstofunni. Það kemur mér oft á óvart hvað þau búa yfir frjórri hugsun.“

Fjáröflunaráttak Landsbjargar:

### Neyðarkall á þúsundkall

Um þessa helgi stendur yfir um allt land fjáröflunarátakið Neyðarkallinn. Félagar í Landsbjörg selja LEGO-neyðar- kall á 1.000 krónur. Hagnaður af sölu rennur beint til sveitanna og Slysavarnafélagsins Landsbjargar og verður notaður til að efla þjálfun björgunarsveitar- manna.

Salan fór vel að stað, samkvæmt upplýsingum frá Landsbjörg og nóg verið að gera í höfuðstöðvum félagsins. Nú þegar eru nokkrir söluaðilar búnir að selja helgarkammtinn sinn. Starfsfólk er því í óðaönn að senda aukasendingar víða um land.

SAFNGRIPUR SEM ER AÐ SELJAST UPP



# ÁFRAM VEGINN

Fundur um nýjar hugmyndir vegna Suðurlandsvegur og uppbyggingar umferðarmannvirkja verður þriðjudaginn 7. nóvember í Tryggvaskála á Selfossi frá kl. 12:00-13:40.

Stefanía Katrín Karlsdóttir bæjarstjóri Árborgar setur fundinn. Framsögumenn verða Þór Sigfússon forstjóri Sjóvá, Einar Guðmundsson forstöðumaður Sjóvá Forvarnahúss og Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Þór Sigfússon forstjóri Sjóvá, Stefanía Katrín Karlsdóttir bæjarstjóri Árborgar og Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS sitja fyrir svörum. Árni Magnússon deildarstjóri hjá Glitni stýrir umræðum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

SJÓVÁ, Árborg, Hveragerði, Ölfus, SASS, Grímsnes- og Grafningshreppur

**SJÓVÁ**





MENNINGARNÓTT Í MIÐBORGinni Þegar margir safnast saman aukast líkur á árásum. Flestar árásir eiga sér stað seinni part nætur þegar fólk er oðið langdrukkið, að sögn Árna Vigfússonar aðstoðaryfirlögglupjóns.

# Best er að flýja undan ofbeldi

Aðeins í nauðvörn ætti að bregðast við ofbeldi með ofbeldi og þá á að bíta, sparka, lemja eða klóra viðkvæma staði svo sem klof eða augu. Fyrst ætti að reyna að flýja undan árásmanninum og hrópa á hjálp. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* skoðar hvernig á að bregðast við óvæntum árásum.

**U**mræða um tilefnislaus ofbeldisverk hefur verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum að undanfögnu. Af því tilefni leitaði Fréttablaðið ráða um það hvað fólk geti sjálft gert til þess að koma í veg fyrir að ráðist verði á það og hvernig bregðast eigi við verði ráðist á það.

Árni Vigfússon, aðstoðaryfirlögglupjónn í forvarnardeild lögreglunnar, segir að einna mikilvægast sé að reyna að leiða hjá sér ólæti í stað þess að bregðast við þeim. „Best er að reyna að leiða það hjá sér ef einhver fer að abbast upp á mann og koma sér undan,“ segir Árni.

#### Ekki eitt á ferð

Hann mælist til þess að fólk sé ekki eitt á ferð, heldur í litlum hópum, tvö til þrjú saman og skipti sér jafnframt ekki of mikið af öðrum.

Árni bendir á að þær ráðleggingar sem tíðkast erlendis, að vera

er jafnframt auðveldara fórnarlamb,“ segir Árni. Hann bendir einnig á að stórvarasamt sé að fara upp í bíl hjá ókunnugum og ætti fólk aldrei að gera það.

Hann segir að fólk setji sig jafnframt í meiri hættu ef það er mjög drukkíð. Það bjóði hættunni heim að vera illa sjálfbjarga vegna ölvunar og þá sé dómgreindin sömuleiðis orðin léleg.

#### Reyna fyrst að flýja

Magnús Ásbjörnsson, kennari við Sjálfsvarnarskóla Íslands, segir að það fyrsta sem fólk eigi að reyna að gera, verði það fyrir árásum, sé að flýja.

„Ef fólk verður fyrir árásum er best að reyna að komast undan henni og jafnframt að hrópa á hjálp eða vekja athygli á því sem er að gerast,“ segir hann. „Besta sjálfsvörnin er að hlaupta í burtu. Ef það er ekki mögulegt, á að nota röddina, hrópa á hjálp eða reyna á einhvern hátt að vekja athygli annarra á því sem er að gerast og

þróttum sé hægt að bregðast við með ýmsum hætti en það fari jafnframt eftir aðstæðum hverju sinni.

#### Bíta, klóra, slá og sparka

„Ef kona verður fyrir því að hana er ráðist og tilraun gerð til nauðgunar getur hún reynt að nota hendur og fætur til að klóra, bíta, slá og sparka í viðkvæma staði, svo sem klof og andlit,“ segir hann. Hann segir að rannsóknir á nauðgum hafi leitt í ljós að þeir hafi ekki áhuga á að meidast sjálfir, meðal annars vegna þess að við það að klóra ofbeldismanninn til blóðs hefur konan náð sönnunargagni um nauðgarann með nögglum, sem greina má með DNA-rannsóknunum.

#### Ekki sýna árársartilburði

Hvað varðar hópslagsmál segir Magnús það mikilvægt að vera ekki með neina árársartilburði þegar vafasamar aðstæður koma upp. „Það er mikilvægt að vera

„Ég legg mikla áherslu á að ofbeldi sé ekki svarað með ofbeldi. Það minnkar hættuna á því að slasast sjálfur sem og að slasa aðra. **MAGNÚS ÁSBJÖRNSSON** Kennari við Sjálfsvarnarskóla Íslands

ekki á ferð á fáförnum stöðum heldur halda sig í fjölda eigi ekki algjörlega við hér því flestar líkamsárásir hér á landi verði í næsta nágrenni skemmtistaða.

„Það virðist sem sumir lendi oftar í vandræðum en aðrir og því má spyrja sig hvort eigin framkoma sé einhver ástæða fyrir því,“ segir Árni. „Fólk bregst mismunandi við áreitni en eina rétta leiðin er að leiða hana hjá sér,“ segir hann.

#### Flestar árásir undir morgun

Að sögn Árna virðist sem flestar líkamsárásir eigi sér stað seinni part nætur og undir morgun þegar fólk er orðið langdrukkið og ergilegt. Það megi forðast að lenda í þeim atgangi með því að fara heim áður en ástandið er orðið eldfimt í miðbænum.

Því miður eru þó dæmi um árásir og nauðganir á afskekktum stöðum og til að forðast að verða fórnarlamb þess konar árása er því best að vera ekki einn á ferð. Ef aðstæður leyfa ekki að hægt sé að vera samferða einhverjum er best að taka leigubíl heim til sín frekar en að ganga einn, þó svo að um stutta vegalengd sé að ræða. „Það er erfiðara fyrir einn að verja sig og fólk sem er eitt á ferð

reyna þannig að fá aðstoð,“ segir Magnús.

„Ég legg mikla áherslu á að ofbeldi sé ekki svarað með ofbeldi. Það minnkar hættuna á því að slasast sjálfur sem og að slasa aðra,“ segir hann.

Hann segir að það sé ekki ásættanlegt að bregðast við ofbeldi með ofbeldi, nema í algjörru nauðvörn. Ef algjörlega útilokað sé að komast undan og fórnarlambið hafi ekki þekkingu á sjálfsvarnari-

ekki ógnandi því það er oft þannig að í hópslagsmálum eru fáir einstaklingar að reyna að koma af slagsmálum og leita að ógn svo þeir hafi tilefni til árása,“ segir hann.

Ef ljóst er að ekki verður komist undan er mælt með því að fólk reyni að halda ró sinni og reyna að leggja á minnið hvernig ofbeldismaðurinn lítur út ef til þess kemur að leggja þurfi fram kæru á hendur honum vegna árásarinnar. ■

www.jongunnarsson.is **KRAFTMIKINN MANN Á ÞING!**

■ **Öryggi okkar allra.**  
„Bættar samgöngur í kjördæminu auka öryggi í umferðinni. Greiðari samgöngur eru forgangsmál og tvöföldun fjölfarinna þjóðvega stuðlar að fækkun slysa.“

**4.**  
sæti

**Jón Gunnarsson**  
framkvstj. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) laugardaginn 11. nóvember nk.



Í **ÁRÁSARHAM** Það þarf ekki jafn mikinn undirbúning og Brúðurin þurfti til að geta varist árásum. Besta vörnin er að hlaupta í burtu ef mögulegt er.



# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420



#### Veggskápur

Br: 160cm x D: 32cm x H: 35cm

Verð: 59.000,-

#### Borðstofuskenkir

Tvær stærðir

Br: 180cm x D: 50cm x H: 85cm


Br: 240cm x D: 50cm x H: 85cm

Verð frá: 124.000,-

#### Glerskápur

Br: 120cm x D: 50cm x H: 200cm

Verð: 178.000,-



Ný áferð í leðri



Ný sending af sófum

Háglans

# svart og hvítt

ný húsgagnalína

#### Stækkanlegt borð

L: 160cm + 88cm x Br: 100cm  
og 6 stólar

Verð áður: 164.000,-

Tilboðsverð: 132.600,-

#### Skenkur

Br: 150cm D: 45cm H: 90cm

Verð: 79.000,-

#### Borðstofuskenkur

Br: 180cm D: 45cm H: 125cm

Verð: 108.000,-



#### Hvíttuð eikarlína







Sigríður Lund, dagskrárgerðarkona á Fm957

## Eiturhress morgunhæna

„Partíflögin mín eru blanda af gömlum og nýjum lögum sem henta vel í stelpupartíð,“ segir hin eiturhressa Sigga Lund. Hlustendur Fm957 heyrja í henni alla virka morgna milli kl. 7–10 í morgunþætti stöðvarinnar, Zúúber.

**1) Sexy back - Justin timberlake.** „Þetta lag er á nýjustu plötu kappans! Úfff! Það er bara kynþokkafullt og hittir okkur stelpurnar beint í mark.“

**2) - Páll Óskar Hjálmtýrsson-Stanslaust stuð.** Þetta lag er bara ómissandi í öll partí!!!“

**3) Sexual healing - Marvin Gay.** „Mörgum finnst þetta lag kannski of mellófyrr partýstemmingu en ég elska það!“

**4) Lady Marmalade - Pink, Mya, Christina Aguilera.**

„Þetta slær alltaf í gegn hjá okkur stelpunum.“

**5) Can't by my love - Micheal Buble.** „Smá swing skemmir aldrei fyrir. Buble fær bara að vera með því hann er upphaldið mitt. Hér er á ferðinni gamla bítlalagið.“

**6) Aint no other men - Christina**

**Aguilera.** „Þetta er á nýju plötunni frá CA. Lag sem heillaði mig strax og ég heyrði það. Það er tilvalið í partíð.“

**7) You're my first my last my everything - Barry White** „Ég elska þessi gömlu og góðu lög. Barry White verður bara að fá að vera með.“

**8) Crazy in love in love - Beyonce** „Lagið sem fær okkur stelpurnar til að dilla okkur sem aldrei fyrr... virkar sérstaklega vel eftir nokkra kokteila.“

**9) We are family - Sister Sledge** „Það er ómissandi að hafa smá diskóstemmingu í partíinu ... þetta lag er tilvalið til að vekja upp glimmer gelluna í okkur öllum.“

**10) Joline - Dolly Parton** „Þetta lag skapar alltaf skemmtilega stemningu, og við konur tökum jafnan undir með Dolly með trega þar sem við skiljum allar svo vel það sem hún er að syngja um.“

# Bestu partíflög ljósvakadrottninganna

Helgarnar eru tími partíanna en slíkar samkomur er varla hægt að halda án góðrar tónlistar. Fréttablaðið fékk nokkrar konur sem allar starfa við það að velja tónlist ofan í landann til þess að segja frá tíu upphalds partíflögum sínum.

**Linda Agnarsdóttir, dagskrárgerðarkona á KissFm895**



**1. Hips don't lie - Shakira** „Rosallega skemmtilegt lag til að dansa við og æfa misgáfulegar mjaðmahreyfingar.“

**2. Crazy in love - Beyonce.** „Algjör djammsmellur, maður bara verður að tjúta þegar þetta fer í gang.“

**3. Maneater - Nelly Furtado.** „Bara girl power úti gegn.“

**4. Try again - Aaliyah.** „Flottur taktur og flott stelpa.“

**5. Papa don't preach - Madonna.** „Eitt af mínum allra upphaldslögum, búin að elska þetta lag frá byrjun og það gefur mér alltaf skemmtilegan kjánahroll.“

**6. Love don't cost a thing - Jennifer Lopez.** „Skvísulag skvísulaganna, æðislegt að hlusta á þetta þegar maður er að hafa sig til fyrir framan spegilinn.“

**7. Push it - Salt n'Pepa.** „ Röff töff stelpurapp, rosa gaman að fara í hallærisdanskeppni við þetta lag.“

**8. Don't lie - Black Eyed Peas.**

„Æðislegt flott stelpulag, röddin í Fergie er geggjúð í þessu lagi.“

**9. Stupid girls - Pink.** „Mér finnst textinn í þessu lagi bara svo frábær og með góðan boðskap. Svo er Pink alltaf töff.“

**10. Kiss - Prince.** „Allar stelpur þekja baratríriðið úr Pretty Woman og gaman að láta loftkossana fjúka.“



**Ása Briem, dagskrárgerðarkona á Rás 1**

**1) Consequence of Sounds - Regina Spektor**

„Skemmtileg rússnesk/New York tónlistarkona“

**2) Dansevise - Grethe og Jörgen Ingmann**

„Sigurlag Júróvísjón 1963“

**3) Guaglione - Delizie Italiane**

„Ítölsk/íslensk sveit, sem flytur skemmtileg, ítölsk sönglög frá ýmsum tímum.“

**4) Postcard from Italy - Beirut**

Balkan-brasspopp frá Nýju Mexíkó

**5) Que sera - Wax Tailor**

„Franskur tónlistarmaður sem býr til tónlist úr hljóðbrotum kvikmyndna, hér úr Hitchcock myndinni The Man Who Knew Too Much.“

**6) Tuxedo Junction - Glenn Miller og hljómsveit hans**

„Hægt að velja hvaða lag sem er... sveiflan er ómótstæðileg.“

**7) Fantasy - Earth, Wind & Fire**

„Stórkostlega réttar útsetningar; strengir, blásarasveit, slagverk, falsettusöngur og allt.“

**8) Hernando's Hideaway - The Johnston Brothers**

„Tangó sveifla!“

**9) Humne Khamoshi Se Tumhe Dil Mein Basaya Hai**

„Smá Bollywood skammtur.“

**10) Hyper-ballad - Björk Guðmundsdóttir**

„Stuðlag.“



**Jóhanna Vigfúsdóttir, dagskrárgerðarkona á Fm957**

## Kósý á kvöldin

„Það sem mér finnst alltaf lang skemmtilegast í partíum er að lenda í góðu gítarteiti, það er alltaf mesta stemmingin. Annars er ég ein af þeim sem er með alætu-tónlistarsmekk og partíflögin fara því eftir steringunni hverju sinni og með hverjum maður er,“ segir Jóhanna sem sem hóf störf á Fm957 árið 2004. Í fyrstu mátti heyrja í henni á morgnana en núna sér hún um kvöldþáttinn Kósý.

**1. Like a virgin - Madonna** „Djamm með stelpunum breytist oft í nostalgískt pikupopp og þá er þetta lag og næstu þrjú sett á fóninn.“

**2. Just a prayer - Madonna**

**3. Oh baby baby - Britney Spears**

**4. Opps I did it again - Britney Spears**

**5. Little help from my friend - Joe Cocker** „Woodstock útgáfan af þessu lagi snertir einhverja strengi og kemur mér alltaf í stuð enda var það hefð í mörg ár að skella dvd af Woodstock-hátina í öllum partíum.“

**6. Oh baby baby - Travis** „Órafmagnaða útgáfan.“

**7. Led Zeppelin** „Töffararnir í Led Zeppelin geta alltaf komið mér í stuð.“

**8. Run to the hill - Iron maiden** „Allt verður kreisi þegar þetta er sett á fóninn.“

Húsaberg árg. '05, 450cc. Lítil útborgun og yfirtaka á láni. Áhugasamir hringi í s. 896 5029.

**Hjólbarðar**



Til sölu er 4 stk AZEV 17" álfelgur 5 x 120 gata ásamt lítið eknum heilsársdekkjum frá Dunlop 235/45/17. Verð 70 þús. Uppl. í s. 844 0944.

Sem ný 4 stk. negld 185/70 R14 vetradekk á 5 gata stálfelgum. Ödyrt. Símar 554 2780 og 692 6780.

**VW Toureg**

Nýjar ónotaðar, original 17" álfelgur og heilsársdekk. Stærð 255/60 R17. Selst mjög ödyrt. S. 690 1226.

Óska eftir 16" & 17" álfelgum með góðum heilsársdekkjum á BMW 318 I. Einnig til sölu nýjar 19" álfelgur ásamt nýjum loftbólusjódekkjum. Uppl. í s. 896 0608.

Óska eftir vetradekkjum 225/70 15" fyrir 15" stálfelgur, 5 gata. Uppl. í s. 862 3793.

Til sölu nagladekk 195/15/65, tveir gangar af álfelgum 14" & 15" passa á Opel og Peugeot. S. 897 1889.

Góð negld 4 vetradekk Hankook 185/65 r14. Verð 10 þús. S. 557 7067 eða 848 1018

Til sölu 16" vetradekk á stálfelgum + koppar og skottmotta. Sem nýtt, passar undir Peugeot og Citroen. Verð 15 þ. stykkið. S. 849 3594 og 849 0625.

**Varahlutir**


Allar helstu bilapartasölur landsins eru á www.partasölu.is

Bilapartar ehf S.587 7659. Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Óska eftir varahlutum í Mitsubishi Galant árgærd 2000. Vantar framstuðara, húdd , frambretti, ofl. Sími 866 4224.

**Til sölu**



**Stigalagerinn**  
Eignum mikið úrval stiga á lager tilbúna til uppsetningar. Ryðfrítt efni til handröðsmiða, festingar ofl. Mjög hagstæð verð. Stigalagerinn - 5641890



Til sölu er gamalt pianó, 132 cm á hæð, með kerstajökum. Uppl. í s. 660 6267.

Ofn, uppþvottavél, gashellur, borð ofl. fyrir veitinga- og kaffihús. Hrönn s. 822 3584.

Keramik mót/brennsluofnar kringum 300 mót og 2\*100L ofnar, hraerivél og fl. Skipti á bil, tjaldv. eða öðru. Uppl. 899 4918.

**Þvottavélar**

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bílaðar uppi. Einnig varahlutir í þvottavélar. Sækjum, sendum. S. 847 5545.

Brúnn hornsófi og viðareldhúsbord og 4 stólar úr Línunni. Uppl. í s. 588 7658 & 691 1662.

Til sölu rúm 200x135 frá Línunni 4 ára gamalt, verð 15 þús., stór glerskápur frá Egor Decor 1 árs gamalt, verð 10 þús., Zuni Er-1800 Energetics þrekkæki, mjög lítið notað, verð 20 þús., eins árs gamall hornsófi, Ítalisk leður, verð 80 þús. Uppl. í s. 849 2265.

Glaeslegt stækkanlegt borðstofuborð úr eik, frá Línunni + 4 stólar m. háu baki. Hvítt stækkanlegt eldhúsbord + 4 stólar. Antiksnýrtiborð með spegli, 2 skápum og skúffu. Nýtt rúm 135 x 200 frá Línunni. Uppl. í s. 562 3770 og 696 1649.

**Til Sölu**

Rafknúinn pappirskurðarhnifur, þýskur Perfecta. Breidd 82 cm, lengd 100 cm, góður og vel með farinn. Uppl. í s. 898 5960.

Bókamarkaður! Til sölu ónotaðar bækur. Yfir 100 titlar á 100 kr. eða minna, einnig verður bílskurrsala með ýmsu dotti í Dalbrekku 12 milli kl. 11 og 17 sunnud.

**Gefins**

2 rúmlega 8 mán. kisur (læða og högni geldur, systkini), fást gefins. WC, skálar og annað smádot fylgir. Uppl. í s. 847 0746.

**ÚTSALA**

Haustútsala  
20-50% afsláttur af hjálum, götuhjólum og crossfatnadi dagana 2.-11. nóvember fyrir þú koma fyrir þú  
nitro.is · Bildshöfða 9 · sími 557 4548

**ÞJÓNUSTA**

BYGGÐARAFL  
Tökum að okkur nýsmíði, viðhald og allt sem tengist byggingariðnaði uppl. veitir 'ÖB' í s:865-9119



Doberman boxer fæst gefins á gott heimili. Mjög blíður og mannskur. Uppl. í s. 892 7215.

### Óskast keypt

Á einhver vel með farið afgreiðsluborð, frístandandi kæli fyrir samlokur og fl. ísvél fyrir sjoppu. Ef svo er hafið samband í síma 892 2365.

### Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. Einnig harmonikku kennsla fyrir byrjendur og lengra komna. www.harmonikan.is S. 690 2020

### Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**  
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

### Fartölva = bíll

Til sölu splunkuný öflug Smartbook fartölva, m/ 17" skjá. Verð 240 þús. Ath. skipti á bíl í svipuðum verðflokk. Uppl. í s. 899 3939.

### Vélar og verkfæri

Til sölu járnrennibekkur, 100cm á milli odda. Uppl. í s. 587 5650 & 824 1226.

### Verslun

**XXX DVD**

**Besta verðið!!**

**NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á ADEINS 2.950.-**

**DVD FRÁ 1990.- KR**

Grensásvideo.is  
Grensásvegi 24  
Sími 568 6635  
Opíð frá kl. 15-23.30



Glæsilegur danskur kvenfatnaður, stígvél og fylgihlutir. Velkomin í verslun okkar að Reykjavíkurvegi 66, í Hafnarfirði og fáðu frían lista. Sími 565 3900, opíð mán.-fös. 10-18, lau. 11-15. www.clamal.is

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Tek að mér þríf í heimahúsum, flutningsþríf og hreingerningar, vönduð vinnubrögð. Föst verðtilboð. Rakel s. 692 4341.

Tökum að okkur heimilisþríf. Jólþríf. Alls konar þríf. Uppl. í s. 698 2151 og 692 1658. Erum vandvirk og sanggjörn.

### Ræstingar

Heimilishjálpar. Tek að mér þríf í heimahúsum. Vön manneskja. Uppl. í s. 868 0507.

Get tekið að mér að þrifa heimili. Uppl. í s. 698 4675, Kristín.

### Garðyrkja

**Túnþökusala Oddsteins**

Túnþökur og túnpökuvörur til sölu

Gerum tilboð í minni og stærri verk.

**Steini, s:663 6666**

Frí heimkeyrsla

### Bókhald

**BÓKHALDSPJÓNUSTA**

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamannabókhald
- Virðisaukaskattsuppgjör
- Launabókhald

Olafur Ólafsson  
olafur.olaf@simnet.is  
Sími: 848 3728

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

### Ráðgjöf

**KAFLASKIPTI**

### Alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.

Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lána-drottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga o.fl. Geymið auglýsinguna. SÍMI 822 9670 Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur kaflaskipti@kaflaskipti.is SÍMI 822 9670 Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur kaflaskipti@kaflaskipti.is

### Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 3982.

### Meindýravarir



**- Meindýravarir Suðurlands -**  
Allur búnaður til meindýravarina. Músafellur - músastoppkitti - meindýraforvarnir o.fl. Gagnheiði 59, 800 Selfoss. Sími: 482 3337 www.meindyra-varnir.is

### Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og allir alm.flutn. 2 menn ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108.

### Húsaviðhald

**BROT BORTÆKNI**

STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT 567-7570

**HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN**  
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignarþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - pakviðg. - múrv. iðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstípv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

**Viðhald, breytingar úti og inni. Sólþallar. gerum tilboð. Smíðalausnir 899 3011.**

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

### Múrbrot

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pípulagnir. Uppl. í s. 892 8720.

Húsbyggiendur athugið! Tökum að okkur innréttingar og milliveggi. Tilboð eða tímavinna. S. 847 1555.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

### Dúkalagningameistari

Getur bætt við sig verkefnum. Veggfóður, dúkaloðun, flísar, parket og teppi. Uppl. í s. 892 8968.

### Stíflupjónusta

**Parftu að breyta/bæta**  
T.d. flísar, blöndunartæki, innréttingar, parket á gólf eða mála. Vanir menn. Uppl. í s. 660 4559.

### Spádómar

**908 6116**

Er spákonan Sírrý

Ástir - fjármál heilsa

Einkatímar í S.845 4009

### Örlogalínan 595 2001 & 908 1800

Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orlogalinan.is.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

**Englajós til þín 908 5050**  
Spilaspá, draumar, fyrirbærir, andleg leiðsögn. Er við til kl. 10 - 2 eftir miðnætti alla daga. Lára spámiðill.

### Iðnaður

Tökum að okkur flíslagnir. Niðurlögn á steinteppi, flötun og ýmislegt sem við kemur múrverki. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl. Granat-Múr ehf s:8666291

### Múrarar

Múrverktakar. Getum bætt við okkur innimúrverkum og flíslögnum. Uppl. í s. 898 5594.

Múrvíðgerðir, flíslagnir, arinhleðslur. Múrarmeistarar. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

### Trésmíði

Tek að mér ýmiss konar smíðavinnu. Uppl. í s. 663 6631. Síggi B. húsa-smíður.

Húsasmíðameistari. Getum bætt við okkur verkefnum. M.a. gífs, loft og veggir. Inni- og útvinnu. Tilboð- eða tímavinna. S. 897 3006.

### Önnur þjónusta

Hanna og sauma kápur og kjóla fyrir öll tækifæri. Fegurð og gæði í 1. sæti. Rósa s. 694 1574.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifstillis.S. 896 4662.

### Árangur með ShapeWorks

Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ragga einkapjálfa-ri og Herbalife dreifingaraðili www.heilsufrettrir.is/ragga - gsm 8647647

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

### Ótrúlegt!

Þyngdarstjórnunavörur, næringarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur með náttúruvæfnum. Hringið í Ástu í s. 891 8902.

### Líkamsrækt

Hættu að reyka á 60 mín. Hafðu samband í síma 862 3324. Við losum þig við níkotínþörfina. www.heilsurad.is

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## HEIMILIÐ

### Húsgögn

Til sölu tveir ljósir Lazy-boy stólar. Seljast ódýrt. Uppl. í s. 896 5904.

Sófasett 3+1+1 til sölu, 5 ára gamalt, litur vel út. Verð 15-20 þús. Uppl. í s. 899 9606.

Hókus Pókus stóll, þrekhljóð, eldhúsb., stálstólar, kollar & 20" tv. S. 869 2798.

Fallgett 3ja ára gamalt sófasett keypt í Öndvegi, áklæði Microfiber, má þvo. Uppl. í s. 820 7209.

### Dýrahald



Pointerhvolpar. Foreldrar eru alþj.meistarar með hæstu skor á veiðiprófum. S. 897 5005.



Silky Terrier hvolpar tilbúnir til afhendingar. Ættbókarfærðir hjá HRF. Heilsufarsskoðaðir. Upplýsingar í síma 866 0512.

### SÝNINGAR

## Halloweenhelgi

**Aðvörðun!**  
Þessa helgi verður sérlega mikill draugagangur. Ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.



Opíð 13-18 allar helgar

draugasetrid@draugasetrid.is www.draugasetrid.is

### TIL SÖLU

**Húðfegrunarstofan ehf**  
Munið gjafakortin

**Frystipenninn**

Gel-ísprautun Vatnsnudd Sími: 533 1320  
Háreyðing Laser-lyfting  
Háræðasil Frystipenni  
Sogaða/Celulite vaflingur  
Krisztals/Demantshúðslipun

Skiphald 50c www.hudfegrun.is hudfegrun@hudfegrun.is

**RÝMINGARSALA!!**  
V/ flutnings.  
40% afsláttur af öllum vörum. Opíð alla helgina til kl. 20:00

**Fiskó Hlíðarsmára 12** S. 564 3364

### SUMARHÚSALÓÐIR

**Sumarhúsaloðir við Sogið**  
www.101grimsnes.is  
Eignaloðir á besta stað í Grímsnesi.

**Valtýr 898 0801**

BUGARDUR EHF



TÓMSTUNDIR  
& FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



**HEITUR OG ÞURR Í termo**  
SPORTVÖRUGERÐIN  
Skipholt 5, 562 8383

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Studioíbúðir í Hafnarfirði til leigu. S. 540 9700.

## Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. Helst á svæði 101. Greiðslug. ca. 75 þ. á mán. Góð fyrirfram gr. í boði. Reglusemi, góð umgengni og skilvísam greiðslum heitið. Uppl. í s. 694 7923.

Óska eftir að taka á leigu 100-150 fm íbúð eða hús á höfuðborgarsvæðinu frá 01. feb. eða 01. mars. 2007 -01. okt. 2008. Góð fyrirframgreiðsla ef óskað er. Uppl. sendist á netfangið pallmes@hotmail.com

Smiður óskar eftir 2-3 herb. íbúð á Reykjavíkarsvæðinu eða Suðurnesjum. Skilvísam greiðslum heitið. S. 691 7484.

Óska eftir íbúð/stúdíó í Rvk án húsgagna. Uppl. í s. 898 4405.

Traustur aðili óskar eftir íbúð í Hafnarfirði. Öruggar greiðslur. S. 867 6611.

## Sumarbústaðir



Til sölu heilsárs húsi á fallegri eignarlóð í Miðengi í Grímsnesi. Um er að ræða 70 fm. hús með 80 fm sólpalli og möguleika á 35 fm svefnlofti. Verð 12,5 millj. (Byggingarstig 1.) Nánari uppl. í síma 866 9621 eða 697 4101.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði/ Geymsluhúsnæði**  
Til leigu er ca. 200 fm húsnæði á 2. hæð með góðu aðgengi. Svæði 101. skrifstofa/kaffistofa/salemi. Einnig kemur til greina að leigja út hluta af húsnæði.  
Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335

126 fm iðnaðarhúsnæði við Hjallahraun í Hfj. Með innkeyrsluhúð b-2,95m\*H-2,5m. Skrifstofa/salemi. 1000 kr. fm. Nánari uppl. í síma 893 0343.

Óska eftir verslunarhúsnæði til kaups eða leigu á Stórvk.sv. Stærð 250-700 fm. Með góðri aðkomu og bílastæðum. S. 866 4639 Rúna, 892 7755 Kristín & 864 7460 Svavar.

Gott iðnaðarhúsnæði til leigu, Dalvegi 16c, Kóp. 70 fm. Uppl. í s. 669 4185.

Hamraborg - skrifstofuhúsnæði til leigu ca. 50 fm. á 4. hæð (lyfta). Mikið útsýni. Næg bílastæði. Sameiginleg kaffistofa á hæðinni. Laust strax. Upplýsingar í 899 3608.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhótelíð ehf**  
Geymum húsbíla, tjaldvagna, báta ofl. Uppl. í s. 893 1831.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Nonnabíti.**  
Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki dag - kvöld, helgar og nætur vinnu. Fullt starf, vaktavinna, Sveigjanlegar vaktir, líflégt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila.  
Upplýsingar í síma 846 3500.

**Kokkur óskast á Laugaveginum**  
Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Kröfur eru metnaður, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð. Einnig vantar aðstoðarmann í eldhúsi.  
Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.

**Smart - Starfsfólk**  
Starfsmaður óskast á sólbáðstofuna Smart ehf., Grensásvegi 7. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbáðstofan Smart.

**Þjónanemar óskast**  
Grillíð er einn besti veitingastaður landssins. Þjónanamið tekur þrjú ár og er undir leiðsögn meistara í fremstu röð. Ef þú hefur metnað þá er Grillíð rétti staðurinn fyrir þig til að læra á. Einnig vantar aðstoðarfólk í sal.  
Nánari upplýsingar hjá veitingastjóra Grillsins Sævari Má. Sími 820 9960.

**Aðstoðarverslunarstjóri/sölumaður**  
Viljum ráða röskan og drifandi mann sem sölumann og aðstoðarverslunarstjóra til starfa sem fyrst í vel þekktir verkfæraverslun. Við leitum eftir stundvísam og heiðarlegum manni með góða forystuhæfileika til starfa hjá traustum og vaxandi fyrirtæki. Við bjóðum góð laun, árangurstengd fyrir réttan mann með metnað til að auka og efla sölu á versluninni. Sæmileg tölvukunnátta og þokkalegt vald á ensku nauðsynlegt.  
Uppl. um fyrri störf og meðmæli sendist á tölvupósti vl@simnet.is sem allra fyrst. Þ

**Foldaskálinn Grafarvogi**  
Foldaskálinn sem er grill og söluturn í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu.  
Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.

## Nordica hotel

**Þjónanemar óskast**  
Veitingahúsið VOX á Nordica Hótelu óskar eftir að ráða þjónanema sem fyrst. VOX er í fremstu röð meðal veitingahúsa á Norðurlöndunum þar sem mikil áhersla er lögð á fagmensku,vinþekkingu stundvísu, reglusemi og samvinnu. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Ólaf í síma 8400116 eða með tölvupósti á oo@icehotels.is

**ÖRLAGALÍNAN**  
Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.  
Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.

**Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki?**  
Kringlukránni vantar fólk til þjónustustarfa í sal. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 20 ára.  
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is  
Upplýsingar um starfið veitir Sophus í s. 893 2323.

**"Stelpurnar"**  
Við leitum að aukaleikumur í sjónvarpsþáttinn „Stelpurnar“. 20 ára og eldri. Einnig leitum við að fólki sem er tilbúið að leigja út íbúð með húsgögnum í einn dag.  
Áhugasamir sendið inn svar á addu@sagafilm.is helst með mynd og upplýsingum um umsækjendur.



**Fristundaheimili**  
Starfsfólk óskast á fristundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.  
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

**Bílstóri/Útkeyrsla**  
Óska eftir bílstjóra hjá Bakarameistarnum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Aðeins reglusamur einstaklingur kemur til greina. Ekki yngri en 20 ára. Vinnutími er frá kl 06.00 - 14.00 virka daga og 3 hverja helgi. Góð laun í boði.  
Uppl. gefur Vigfús í síma 893 3310 & Óttar í síma 864 7733.



**Vaktstjóri**  
Óskum eftir að ráða vaktstjóra á Shellstöðina í Hraunbæ og á Selectstöðina í Smáranum.  
Nánari upplýsingar í síma 444 3056 eða á starf@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.

**Poszukujemy pracowników!**  
W zakres pracy wchodzi zarządanie finansami oraz usługi ubezpieczeniowe dla osób z Europy Wschodniej osiedlonych na Islandii. Proponujemy prace w jednej z najlepszych firm w kraju w dziedzinie handlu i doradztwa. Naszym celem jest zapewnienie, aby osobom pochodzenia obcego zagwarantowano taka sama obslugę jak Islandczykom.  
-Ciekawa i wydajna praca w dobrym zespole.  
-Ciekawa praca z dobra perspektywą na przyszłość.  
-Dobre zarobki w przyjaznym otoczeniu.  
Kwalifikacje / Wymogi: Osoba ubiegająca się musi mieć czyste zaświadczenie o niekoralności.



Við leitum eftir módelum fyrir hársýningu á vegum L'Oreal Professional sem haldin er af CHA-CHA-CHA hópnun frá Danmörku þann 13 nóv. Áhugasamir hafið samband við Ángerði fyrir 7. nóv. í síma 587 1888.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa í bakaríum okkar. Vinnutími er frá kl 13-18.30 daglega. Helgarvinnu kemur einnig til greina. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Blómaheildsalan Grænn Markaður vill ráða hörkulið í tímabundið starf við framleiðslu blómakreytinga. Um er að ræða tímabilið nóvember til jóla. Bæði eru möguleikar á heilsdags og hluta-störfum. Vinsamlega sendið umsóknir / fyrirspurnir á netfangið info@flora.is

## Hvar í veröldinni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kiktu á www.peningar.com

## Zatrudnie

Piekarza na pelny etat. Piekarnia. Kókubankinn garðabæ s. 891 8258, Þóra.

## Zatrudnie

(Do pracy) w piekarni (sprzedawczynie) znajomosc Islandzkiego milewizdziana. Kókubankinn Garðabæ s. 891 8258, Þóra.

Starfskraft vantar í matvöruverslun í miðbænum. Uppl. í síma 869 2524.

Viltu vinna í notalegu og heimilislegu umhverfi? Hjúkrunarheimilið Söltún óskar eftir starfskrafti í ræstingar. Vinnutími er 8-4 og önnurhver helgi. Einnig er laust á kvöldvaktir 17-19.30, hentar skólafólki. Uppl. gefur Þóris ræstingarstjóri í s. 590 6010 & 824 9010.

Lítið hótél í Reykjavík leitar eftir fólki í þríf á morgnana. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt feriskrá til alfa@hotelvik.is eða í s. 588 5588.

**Bílstjóri á norðurlöndum**  
Bílstjóra vantar til keyrslu á nýjum truckum á Norðurlöndum ásamt fólki í planingu. Fagmannleg framkoma, og enska og/eða skandinavíska skilyrði. Áhugasamir hringi eða sendi sms á íslensku í +49 171 955 2811 eða sendið póst á info@miracas.net. Verðum með viðtöl 10-14. nóvember í Reykjavík og á Akureyri.

## Málara.

Vantar málara eða menn vana málning-arvinnu. Uppl. í s. 697 3592.

Óska eftir laghentum mönnum í vinnu við vögðerð á geymsluhúsnæði. Tíloð óskast í verkið. Uppl. gefur Kristín í síma 698 0518.

Laus er til umsóknar staða leikskólakennara. Einnig óskum við eftir fólki með sambærilega menntun eða reynslu. Náttúruleikskólinn Hvarf er sex deilda einkarekinn skóli. Einvala starfsfólk starfar í leikskólanum og er mikil jákvæðni og áhugi í hópnun. Grunnþóinninn í starfsmannastefnu leikskólans er hlýja og faglegur stuðningur. Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst á leikskolinn@obradgjof.is

## Viðskiptatækifæri

Lærðu & þénaðu á Netinu á heiðarlegan hátt. Prófaðu í 14 daga frítt. Láttu drauminn rætast. www.prosperbiz.com/new

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

## Engar skuldir - Hærrí tekjur

Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

**SPJALL**  
SÖGUR OG DEIT  
KARLAR 515-8800  
KONUR 515-8888  
ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMARI  
905-2580

**Spjallrásin 1+1**  
Konur: 595-5555  
Karlar: 908-5555  
Langflausta spjallrás á Islandi  
Símastefnumóð 905-5555



**Símaspjall 908 2020**  
Ertu náttfráfn? Ertu einmanna? Ertu til í spjall? Er alltaf við, hvenær sem þig langar.

## Hlustaðu á...

**Spennandi frásagnir**  
Flæri tagir kvema "ægja frá" í nokkur hundruð hjóðritunum. Hvað er nýtt í dag?  
905-2002 kr. 99<sup>90</sup>  
535-9955 kr. 19<sup>90</sup>

## Símaspjall

**við dómurnar á Rauða Torginu**  
908-6000 kr. 299<sup>90</sup>  
535-9999 kr. 199<sup>90</sup>

**Spjöllum saman!**  
Konur (frítt): 555-4321  
Karlar (19,90): 535-9940  
Karlar (39,90): 904-5454

**Vinsælasta stefnumótalína landsins!**  
Rauða Torgið Stefnumót  
Konur: 555-4321 (frítt)  
Karlar: 905-2000 (199,90)  
Karlar: 535-9920 (199,90)  
Karlar: 535-9923 (frítt)

Exotic, Erótsk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

## SMÁAUGLÝSINGAR

Rúmlega fertugur karlmaður vill kynnað karlmanni. Er óreyndur en vill prófa eitthvað nýtt og spennandi. Auglýsing hans má heyrja hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl.nr. 8148.

27 ára einstæð móðir á Norðurlandi vill kynnað karlmanni. Auglýsing hennar má heyrja hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl. nr. 8502.

Kona vill kynnað karlmanni um og yfir sextugt. Auglýsing hennar má heyrja hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl.nr. 8436.

44 ára kona vill kynnað karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar má heyrja hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl. nr. 8400.

Kona um miðjan aldur leitar að elskulegum karlmanni um og yfir sextugt. Auglýsing hennar má heyrja hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl.nr. 8881.

Girnileg kona um fertugt leitar að símaleikfélagi, þarf að vera ófeiminn, á bilinu 30-50 ára. Auglýsing hennar má heyrja hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl. nr. 8678.

Ung kona vill kynnað karlmanni sem hefur áhuga á hressilegum símaleikjum. Auglýsing hennar má heyrja hjá Örum Rauða Torgsins í síma 905 5000 (símatorg) og 535 9950 (Visa, Mastercard) kr. 199,90 mín, augl.nr. 8730.

Ég var með vinkonu minni! Ung kona lýsir reynslu sinni nákvæmlega! Frábær ný frásögn hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard) kr. 19,90 mín, sögunr. 8216.

Heimsfræga fólkið mismikið klætt: sjáðu „paparazzi“ myndir á nýjum vef Rauða Torgsins. www.raudatorgid.is.

Skrifstofuherb. til leigu. Sameiginleg eldhúsaöstaða. Uppl. í síma 861 2707 eða 899 2707.

## ATVINNA

**Óskum eftir hármódelum**  
Við leitum eftir módelum fyrir hársýningu á vegum L'Oreal Professional sem haldin er af CHA-CHA-CHA hópnun frá Danmörku þann 13 nóv.  
Áhugasamir hafið samband við Ángerði fyrir 7. nóv. í síma 587 1888.

## Atvinna í nettó Mjódd

## Starfsmann í póstafrgreiðslu

Póstafrgreiðslan er opin alla virka daga frá kl. 10 - 18.

Allan nánari upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

## nettó

**MATARGERÐ**  
Hefur þú áhuga á matargerð fyrir börn?  
Laus er staða matráðs við Leikskólann Klettaborg í Grafarvogi. Matráður er yfirmaður í eldhúsi og sér m.a. um matseld, lánkaup, og skipulag verkefna sem falla undir eldhúsið. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga á hollustu í matargerð, er góður í samskiptum og er skipulagður í staffi. Um 100% starf er að ræða.  
Ef þú hefur áhuga á að vinna á jákvæðum og uppbyggjandi vinnustað, hafðu þá samband við leikskólustjóra eða aðstoðarleikskólustjóra í síma 567 5970









# Heimilið þitt við Miðjarðarhafið


Kynning Skúlagötu 17, sunnudaginn 5. nóvember

Viðskiptahúsið kynnir fasteignir við strendur Spánar, á Mallorca og í Mexíkó.  
Um er að ræða fullbúnar gæðaeignir frá traustum og þekktum byggingaraðila á Spáni, TM Real Estate Group.



Opið verður frá kl. 12.00–15.00.

Kíkið við og við tökum hlýlega á móti ykkur.



 **Viðskiptahúsið**







Friðrika



Nanna



Þorri



Gíslí Egill

Sóla



# Bístró - er komið út!

## NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!



ÓMÓTSTÆÐILEGT  
ÁSKRIFTARTILBOÐ  
**650 KR. Á MÁNUÐI\***

Fyrsta tölublaðið frítt og  
tappatogari fylgir með!



Tilboðið gildir  
til 25. nóvember

Áskrift á:  
[www.bistro.is](http://www.bistro.is)  
eða í síma:  
550 5060

\*Miðað við 12 mánaða áskrift.



# Námskeið notkun varnarefna við eyðingu meindýra



Námskeið um notkun varnarefna við eyðingu meindýra verður haldið dagana 23. og 24. nóvember 2006. Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi til þess að starfa sem meindýraeyðar.

Námskeiðið verður haldið í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti, Reykjavík. Þátttökugjald er kr. 30.000,-.

Tilkynna skal þátttöku sem fyrst eða eigi síðar en 15. nóvember til Umhverfisstofnunar á sérstöku umsóknareyðublaði sem verður sent til umsækjenda samkvæmt beiðni. Umsóknareyðublað og dagskrá námskeiðsins má einnig nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is).

Upplýsingar eru veittar hjá Umhverfisstofnun í síma 591 2000.

**Umhverfisstofnun**

## HAFIÐ BLÁA

Fékk áhorfendaverðlaun grímunnar 2006. Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

**Sýningar**  
Sun 12. nóv kl. 13:30  
Sun 19. nóv kl. 13:30  
**siðasta sýning fyrir júl**

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**  
**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter  
5. sýn. í kvöld sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus, sun. 19/11 örfá sæti laus, lau. 25/11 örfá sæti laus, sun. 26/11.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.  
Í dag sun. 5/11 kl. 14:00 **uppselt**, lau. 11/11 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt**, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Fim. 9/11 **uppselt**, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim 16/11, fös. 17/11 örfá sæti laus, fim. 23/11, fös. 24/11 örfá sæti laus.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ** aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
Fös. 10/11 örfá sæti laus, lau. 11/11, sun. 19/11 örfá sæti laus.  
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

**KÚLAN** Lindargötu 7, kl. 20:00

**UMBREYTING** – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.  
Í dag sun. 5/11 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/11 kl. 17:00, fös. 17/11 kl. 20:00.

**LEIKHÚSLOFTIÐ** aðalbyggingu

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.  
Í sun. 5/11 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, lau. 11/11 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, sun. 12/11 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, aukasýningar lau. 18/11 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **uppselt**.

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson  
Lau. 25/11 kl. 13:00 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**, sun. 26/11 kl. 13:00 **uppselt** og kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 2/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 3/12 kl. 13:00 og kl. 14:30.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Takk fyrir mig

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ NAFNIÐ SITT



Frænka mín sem er nýbúin að eignast sitt fyrsta barn átti í miklu basli með að finna nafn á litlu skvísuna sem hún eignaðist. Henni fannst þetta of mikilvæg og stór ákvörðun til að geta tekið hana á stuttum tíma og áður en karakter barnsins myndi almennilega koma í ljós. Ég var full samúðar í hennar garð og velti því fyrir mér hvort nafngift foreldra væri ekki ein af mikilvægustu ákvörðunum sem tekin er á lífsleiðinni. Nafn er eitt-hvað sem maður ber alla ævina og á að lýsa manni sem manneskju. Svart á hvítu er það þinn persónuleiki.

Í þessari miklu nafnaumræðu minnst ég kaflaskiptum í mínu lífi

gagnvart því nafni sem ég ber. Þegar ég var ung bjó ég um tíma í Svíþjóð og þar var ekki auðvelt að heita tor-mæltu íslensku nafni. Hljómaði alltaf eins og ég væri einhver gömul frú í munni Svía. Þá fyrst fór ég að verða óánægð með nafnval foreldra minna. Laug meira að segja stundum að skólafélögum mínum að ég héti Björk að millinafni og það væri bara best fyrir þau að kalla mig það. Sérstaklega þar sem að söngkonan Björk var þekktasti Íslendingurinn á þeim tíma og varð ég því fyrir vikið mjög hipp og kúl að heita Björk. Þessi hvíta lygi mín stóð samt ekki lengi yfir en þegar ég fluttist aftur á klakann á ferming-araldri hætti ég að heita Björk og varð aftur Álfurinn.

Þá fékk ég samt aðra flugu í haus-


inn. Kannski væri bara best að láta endurskíra sig við fermingu, enda hafði ég lesið einhvers staðar að það væri hægt. Ég blaðaði í gegnum nafnabækur og gældi við þá hugmynd að heita kannski mörgum nöfnum enda var það mikið í tisku þá. Eitt-hvað stutt og laggott sem ekki myndi alltaf uppskera eitt stórt „ha?“ þegar ég kynnti mig. Ég var orðin svolítið leið á því.

Sem betur fer gekk það ekki lengra og þegar gelgjan rann af mér fór ég loksins að taka nafn mitt í sátt. Í dag er ég mjög ánægð með það og vil engu breyta. Ég lenti meira að segja í því í fyrsta sinn um daginn að tala við nöfnu mína í símann. „Sæl Álfurinn, Álfurinn hér á Fréttablaðinu.“ Fyndin reynsla.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## REYKJAVÍK SÍDDEGIS

16-18.30 ALLA VIRKA DAGA Á BYLGJUNNI

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLASTA SÍDDEGISPÁTT LANDSINS?  
Reykjavík síddegis er vinsælasti síddegisþáttur landsins samkvæmt nýjustu hlustendakönnun Capacent - Gallup.

# BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!





# Sálumessa í Hallgrímskirkju

Allra heilagramessa er í dag og af því tilefni gengst Listvinafélag Hallgrímskirkju fyrir sálumessu-tónleikum.

Á þessu sinni fær Listvinafélagið kammerkórinn Schola cantorum og Alþjóðlegu barokksveitina í Haag til liðs við sig. Flutt verða verkin „Messe de requiem“ og „De profundis“ eftir franska tónskáldið André Campra en hvorugt þessara verka hefur verið flutt hér á landi áður.

Schola cantorum hefur í gegnum tíðina flutt ýmis verk barokkmeistaranna við góðan orðstír. Á þessu sinni skipa kórinn tíu söngvarar en einsöngvarar hans verða Guðrún Edda Gunnarsdóttir, Jóhanna Halldórsdóttir, Kirstín Erna Blöndal, Hrólfur Sæmundsson, Benedikt Ingólfsson og Þorbjörn Rúnarsson.

Alþjóðlega barokksveitin í Haag er íslenskum tónleikagestum að góðu kunn en sveitin hefur undanfarin misseri starfað með kórum Hallgrímskirkju við flutning á tveimur stórvirkjum Jóhanns Sebastíans Bachs; Matheusarpass-



**KÓRINN SCHOLA CANTORUM OG STJÓRNANDI HANS HÖRÐUR ÁSKELSSON** Á allra heilagrar messu minnst menn látinna vina og ættingja og í dag verða haldnir hátíðlegir tónleikar í Hallgrímskirkju.

funni og Jóláratórfunni tvenn síðustu jóla. Hljómsveitin er skipuð ungu tónlistarfólki víða að úr heiminum, þar á meðal Íslendingum, sem hefur sérmenntað sig í flutningi gamallar tónlistar á upprunaleg hljóðfæri og hlotið mikið lof fyrir leik sinn.

Hefð hefur skapast fyrir því að flytja sálumessu í Hallgríms-

kirkju á allra heilagra messu. Margir leggja leið sína í kirkjuna á þessum degi til að minnst láttinna ástvina sinna á hátíðlegan hátt og hefur undanfarin ár verið uppselt á sálumessutónleika Listvinafélagsins.

Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Tónleikarnir hefjast kl. 17.

- khf

# Klassík við kertaljós í Hafnarborg

Hinir árlegu kertaljósatónleikar Tríós Reykjavíkur verða haldnir í Hafnarborg í kvöld. Yfirskrift þeirra er „Klassík við kertaljós“ en jafnan skapast einstök stemning á þessum tónleikum þar sem fögur tónlist er leikin við flóktandi kertaljós. Efnisskráin miðast við að veita bæði birtu og yl inn í vitund áheyrenda.

Tríóið skipa píanóleikarinn Peter Máté, Gunnar Kvaran sellóleikari og Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari sem einnig mun leika á víólu á tónleikunum.

Gestur tríósins á þessu sinni verður fiðluleikarinn Danwen Jiang, sem ættuð er frá Kína en er búsett í Bandaríkjunum þar sem hún starfar sem prófessor í fiðluleik við tónlistardeild ríkisháskólans í Arizona. Jiang er margverðlaunaður tónlistarmaður og hefur leikið inn á fjölmarga hljómdiska og hlotið lof fyrir frammistöðu sína.

Þetta er fyrsta Íslandsheimsókn Jiang sem kemur hingað

fyrir milligöngu Guðnýjar Guðmundsdóttur sem hefur heimsótt Ríkisháskólann í Arizona og haldið þar masterklasa fyrir fiðlunemendur. „Þetta er því nokkurs konar skipti,“ útskýrir Jiang og áréttar að þær stöllur hafi oft leikið kammermúsík saman.

Á efnisskrá kvöldsins eru sónata eftir Beethoven, sónata fyrir tvær fiðlur eftir Prookovieff og píanókvartett Op.47 eftir Schumann.

„Þetta er mjög falleg efnisskrá, meistaraverk frá öllum tímabilum og mjög ólíkir stílar sem við höfum skemmt okkur vel við að æfa,“ segir Jiang.

Danwen Jiang leikur á Stradivarius-fiðlu sem smíðuð var árið 1727 og kallast „Ex-Ries“ en hún þykir mikil listasmíð og verður án efa forvitnilegt að heyra hana hljóma í rökkrinu í Hafnarfirðinum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld.



**DANWEN JIANG OG TRÍÓ REYKJAVÍKUR** Heimsþekktur fiðluleikari leikur á kertaljósatónleikum Tríós Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ráf um hús og götur

[ BÆKUR ]

UMFJÖLLUN

Eiríkur Guðmundsson er þekktastur fyrir talanda sinn. Hann hefur ríkt um árabíl yfir menningarþættinum Víðsjá á Rás eitt um árabíl og haft þar sín áhrif: ungir eftirbátar hans hafa náð því að tala eins og Eiríkur. Löng eintöl hans í Víðsjánni runnu saman í bók fyrir fáeinum árum, 39 þrep, safn hugleiðinga sem tóku á ýmsu og engu, en leiddu í ljós það sem margir höfðu heyrt í einræðum hans í Víðsjá. Eiríkur Guðmundsson er hugmyndaríkur höfundur og snjall stílisti, skrifar texta fullan af athyglisverðum opinberum um líf og staði, hugsunarhætt og tengsl. Hann vinnur textana út frá sinni eigin miðju í samfélaginu, þeir eru persónuleg tjáning um farveg einhvers konar fyrstu persónu sem ber sterkan svip af skrifara sínum en er þó ekki nema að einhverju leyti hann.

Nú hefur magister Eiríkur bætt um betur og sett saman bók, sumir vilja segja sögu, sem kom út á laugardaginn og heitir Undir himninum. Í þeim titli er undanskilið forskeytið í orðtakinu: allt undir himninum. Bók sem geymir hvað sem er. Og Eiríkur er enn bundinn við sama stagið þótt lengra sé í bandinu hans og honum frjálst að fara vítt og breitt um sína mela og haga og ofan í kvos, kemst jafnvel upp á Laugaveg og inn í Langholt. Allir þessir staðir ættu að vera með litlum staf því þeir eru hugmyndir í raun, rétt eins og megin-

persóna bókarinnar, Eiríkur Guðmundsson, þáttagerðarmaður hjá Gufunni, sem gaf fyrir skömmu út 39 þrep. Þetta er svona fystu persónu „talking“ blús.

„Ég vona að þetta sé ekki eitt-hvert pólmó-kjafthæði hjá honum Eiríki,“ sagði frændi og augabrúnnir risu upp á ennið. Vitaskuld er þetta það. Hér er eina ferðina enn farið í tilurð textans og höfundur og persóna verða eitt og textinn hleypur í annars texta og textar eftir þriðja og fjórða mann gætu þess vegna verið upplognir og hafa sín áhrif á Eirík þennan. Þetta er af þessum sögum. Það er búið að gefa söguþræðinum svo oft á kjafntinn að hann hefur borið af endanlegan skaða og situr einn með sínar skemmdir og þráðurinn þvælist á milli hvela.

En það er líka allt í lagi. Þetta er að vísu að verða nokkuð þreytandi tíska hjá hluta af intelligensfunni, og þeir – þetta eru allt karlmenn – eru farnir að minna óþarflega mikið á restarnar af trotskiðstunum og ksml-urunum á sínum tíma, svo flæktir í eigin vaðal að það er orðið skemmtilegt. Það sem bjargar Eiríki í þessari einsögu hans er hugmyndaauðgi hans í óvæntum tengingum hvar sem er í textanum, hraður og öruggur stíll í ræðunni sem umbreyttist mjög víða í: aulabrandara, lífsspeki, dapra minningu eða ljóð. Þegar bernsku hans við Djúpið ber á góma er hann líka kominn á önnur mið. Kannski ætti hann að fara þangað? Leggðu á Djúpið.

Verk hans er þannig meira í ætt við brottexta rómantíkur enda

**EIRÍKUR**  
**UNDIR HIMNINUM**  
**GUÐMUNDSSON**



**UNDIR HIMNINUM**  
EIRÍKUR GUÐMUNDSSON

**Niðurstaða:** Tílaunakennt verk sem heppnast, þrýðilega og leiðir lesanda á vit nýrrar reynslu.

gnæfir Benedikt Gröndal yfir kaula og einhvers staðar í nágrænninu er Þórbergur á snarprí göngu. Víða kikir Eiríkur undir gras, lítur fyrir horn og mænir upp í glugga. Verk hans felst í því að dásama borgina og fólkið. Að því leyttinu er hann hinn einmana, „flaneur“, utanveltu áhorfandi, sér margt og filósóferar.

Þetta er skemmtilegur texti og furðulegur. Hann fengi í mínum kladda fimm stjörnur væru þær gefnar.

Páll Baldvín Baldvinsson

Sýnt í lönó

Sun. Uppsett	5. nóv	Miðasala virka daga
Fim. Aukas. upp.	9. nóv	frá kl. 11-16 og 2
Fös.	10. nóv	tímum fyrir sýningar.
Lau.	11. nóv	Sími 5629700
Lau.	18. nóv	www.idno.is
Sun.	19. nóv	Sýningar kl. 20

**BEST Í HEIMI**

**VEIKO**  
Aðalmenningurinn  
**ÞJÓÐARSALIN**

EIN LEIKHÚSIÐ

MIDAPANTANIR:  
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

**Í kvöld kl.20**  
**Fös. 10. nóv. kl.20**  
**Fös. 17. nóv. kl.20** - Nokkur sæti laus  
**Sun. 12. nóv. kl.20**

“Frábær sýning í alla staði” stafsmeinn Atlanta flugfélagsins ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusál hússins  
Nánari upplýsingar á: [einleikhusid.is](http://einleikhusid.is)

Sýnt í Reiðhöll Gusts, Alalind 3, Kópavogi

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

**SKUGGALÉIKUR**  
Ny íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur,  
Sjón og Messíónu Tómasdóttur

Frumssýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20  
3. sýning 2. desember kl. 20

**ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRÍJAR SÝNINGAR**

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

**ARIUR UM ÁSTINA** - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRÍJUD. 14. NÓV. KL. 12.15  
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [opera@opera.is](mailto:opera@opera.is) | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu alian sólarhringinn.

**Íd**

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**

**Fjölskyldu-sýning**

Ókeypis fyrir 12 ára og yngri og hálfvirði fyrir 13 - 16 ára

**LAUGARDAGA KL. 14**  
**11 · 18 · 25 · NÓVEMBER**

Miðasala í Borgarleikhúsinu s. 568 8000 eða á [www.id.is](http://www.id.is)

**„FRÁ ÞESSARI STUNDU ERUM VIÐ ÓVINIR.“**  
AMADEUS

<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b>	<b>MEIN KAMPF</b>
Í dag kl. 14 UPPS. Sun 12/11 kl. 14 Sun 19/11 kl. 14	Í kvöld kl. 20 Sun 12/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20 Fös 17/11 kl. 20
<b>VILTU FINNA MILLJÓN?</b>	<b>SAKAMÁL Á SVIÐ</b>
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20	Leiklestrar á 3ju hæðinni. Í dag 5/11, 12/11, 19/11, 26/11 kl. 20 Allir velkomnir, ókeypis aðgangur
<b>FOOTLOOSE</b>	<b>AMADEUS</b>
Í kvöld kl. 20 Fös 17/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20 UPPS. Fös 24/11 kl. 20	Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
<b>BRILLJANT SKILNAÐUR</b>	<b>DOGMA LEIKARANS</b>
Fim 9/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20 Fim 23/11 kl. 20 AUKASÝNING Sun 3/12 kl. 20 AUKASÝNING Fös 8/12 kl. 20 AUKASÝNING	Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson Í dag kl. 17 Lau 11/11 kl. 17 Sýnt á 3ju hæðinni Miðaverð 1.000
<b>MANNTAFL</b>	<b>WATCH MY BACK</b>
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20 Síðustu sýningar.	Fös 10/11, sun 19/11, sun 26/11 kl. 20:10 Miðaverð 1.000
<b>FJÖLSKYLDUSÝNING Íd</b>	<b>LEIKHÚSSPJALL</b>
Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 20 Frítt fyrir 12 ára og yngri	Aðstandendur Amadeus spjalla um leiðina frá höfundu til áhorfenda. Fim 9/11 kl. 20 í Kringlusafni. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur
<b>ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR</b> <a href="http://www.borgarleikhus.is">www.borgarleikhus.is</a>	<b>BORGARLEIKHÚSIÐ</b>

Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)



Á jötunni

Skáld eru' í skrumskældum fötum  
og skrönglast á torgum og götum,  
enginn með hatt  
sem augað fær glatt  
en allir á ríkisins jötum.

Úr bók Önnu S. Snorraddóttur, Fimmtú límrur, sem nýlega kom út hjá forlaginu Firði.

# bækur

menning@frettabladid.is

## Sendiherra frá Braga

Nýjasta skáldsaga Braga Ólafssonar, Sendiherrann, er komin út hjá forlaginu Máli og menningu.

Í bók sinni skapar höfundur einstaka en um leið kunnuglega veröld þar sem hárfinn húmor helst í hendur við tragísk örlög. Sagan af íslenska ljóðskáldinu Sturlu Jóni Jónssyni lýsir glímu hans við hinn miður ljóðræna raunveruleika, en einnig baráttu hans við glæpamanninn sem býr í okkur öllum. Hinn menningarlegi sendiherra lands síns þarf að bregðast við óvæntum áföllum á erlendri grund, en einnig gleðilegum eins og kynnum af skáldkonunni Liliyu Boguinskaia, og hann



BRAGI ÓLAFSSON RITHÖFUNDUR  
Skrifar um glettileg en hádramatísk örlög íslensks ljóðskálds.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL.

þarf að kljást við þá ógn sem hans eigin sköpun hefur í för með sér – þau þungu sannindi að til þess að vera við sjálf þurfum við að stela frá öðrum.

Bragi hefur áður sent frá sér skáldsögurnar Hvíldardagar, Gæludýrin og Samkvæmisleikir og hlotið fyrir þær ýmsar vegtyllur en hann hefur t.d. verið tilnefndur til íslensku bókmenntaverðlaunanna og menningarverðlauna DV. Bragi hlaut síðarnefndu verðlaunin árið 2005 fyrir Samkvæmisleiki. Auk sagnagerðar og ljóða hefur Bragi haslað sér völl sem leikritaskáld en verk hans, Belgíska Kongó, er sýnt í Borgarleikhúsinu um þessar mundir, fjórða leikárið í röð.



### > Bók vikunnar

**Biblían á 100 mínútum** er kjörin lesning fyrir nútímafólk sem ekki hefur tíma til að lesa hina **helgu bók** í heild sinni. Útgefandi er Bókafélagið Ugla.



## SPJALDANNA Á MILLI Halldór Guðmundsson

### Leyndardómar bókanna

„Nú fer blessuð bókin að koma,“ sagði Arnbjörn Kristinsson í Setbergi alltaf á stjórnarfundum útgefenda um þetta leyti árs, mest vegna þess að honum leiddist svo hugtakið jólabókaflóð, af því það minnti svo á syndaflóð. Og þetta má til sanns vegar færa, nú hefst mikil gösentið fyrir bókaorma og yfirleitt alla sem hafa gaman af að glugga í bækur.

Við erum spennt fyrir því sem stendur í bókunum – en það skemmtilega við bækur er að við erum líka spennt fyrir því sem ekki stendur í þeim, og spenntust erum við fyrir týndum bókum, bókum sem standa utan við allt flóð. Af einhverjum ástæðum er alltaf eitthvað dularfullt við bækur og það hafa snjallir höfundar notfært sér óspart.

#### Bókin um hláturinn

Ein vinsælasta bók þessa árs í kilju, Skuggi vindans eftir Zafon, segir frá ævintýralegru leit að bókum sem vöndir menn vilja láta hverfa í eitt skipti fyrir öll. Nafn Rósarinnar eftir Umberto Eco, einhver mesta metsölubók nýfunda áratugarins, fjallaði um glataða bók um skáldskaparfræði. Eco gekk út frá þeirri kenningu að heimspekingurinn Aristóteles hefði á sínum tíma samið bók sína Um skáldskaparlistina í tveim hlutum, og seinni hlutinn hefði fjallað um hláturinn. En harðsviðar fulltrúar kirkjunnar hefðu gert það sem í þeirra valdi stóð til að eyða öllum eintökum þessa verks og tekist það, utan að eitt varð eftir í klaustrinu góða þar sem sagan gerist.

Dan Brown hefur byggt sínar metsölubækur á sömu formúlu og Da Vinci lykillinn fjallar um hluti sem ekki standa í Biblíunni, það er ekki ósvipuð hugmynd um útilokun frá hinu víðurkennda eins og hjá Eco. Alltaf hefur verið eitthvað heillandi við hinar svonefndu apókrýfur bækur Biblíunnar, en svo heita verk sama eðlis og finna má í Biblíunni sem ekki eru víðurkennd sem hluti hennar (apokryphos á grísku mun þýða falinn eða leynilegur). Af hverju er Júdítis bók ekki í Gamla testamentinu? Skyldi guðspjall Maríu vera til?

Sagan um Dauðahafshandritin, einhver elstu handrit sumra bóka biblíunnar sem geitahirðir fann fyrir tilviljun í helli árið 1947, hefur æ síðan ýtt undir hugmyndir um fleiri verk af sömu rótum og Biblían sem hafi af einhverjum ástæðum verið útilokuð vegna hinna óttalegu leyndardóma sem þau geyma.

#### Bók lífsins

Akashakrónikan er hugtak úr hindúisma sem guðspekingurinn Rudolf Steiner tók upp snemma á 20. öld; hún er eins konar bók lífsins og tilheyrir öðrum heimi, þar sem allt er skráð sem fyrir kemur í mannheimum. Það sýnir trú manna á bókum að geta ímyndað sér eina bók þar sem allt stendur, jafnvel þótt við getum ekki lesið hana fyrr en á næsta tilverustigi, og kannski byggir fjársjósleitinn að horfnum bókum á þessari meginhugmynd – allt hefur verið fært til bókar.

Íslendingar þekkja þessi launmál vel: hvað skyldi hafa staðið í handritunum sem brunnu í Kaupmannahöfn hjá Árna Magnússyni forðum? Sumir fræðimenn hafa í áratugi reynt að geta sér til um upphaflegar gerðir tiltekinnar Íslendingasagna. Ein þekktasta konungasagan, Skjöldungasaga, um danska fornkönunga, er ekki til nema í örfáum brotum og útdrætti á latínu eftir Arngrím lærða. Samt er hægt að vera doktor í henni. Stór hluti af bókmenntasögu okkar er byggður á tilgátum um verk sem hafa glatast, eru ekki varðveitt nema í brotum eða í uppskriftum sem gerðar voru mörgum öldum síðar. Íslensk fræði eru að verulegum hluta ágiskanir um horfnar bækur.

Bækur eru síðasta athvarf leyndardóma og launmála á okkar þrautupplýstu tímum. Ólafur Kárasón í Heimsljósi geymdi bók næst hjarta sér þótt hann hefði ekki hugmynd um hvað stæði í henni.

Það er því eins gott að hafa auga með þeim bókum á jólavertíðinni sem láta lítið á sér bera – þar eru leyndardómar framtíðarinnar geymdir.

## Spenna og stærðfræði

Spennusagan Ósýnilegir glæpir eftir Guillermo Martínez hefur verið þaulsæt-in á metsölulistum víða um heim enda er þar á ferðinni þrusu ráðgátubók sérstaklega fyrir áhugafólk um stærðfræði.

Á sólríkum sumardegum finnst öldruð kona myrt á heimili sínu í Oxford. Stærðfræðingurinn Arthur Seldom kemur fyrstur á morðstað eftir að honum hafa borist torskilin nafnlaus skilaboð. Í kjölfarið eru fleiri myrtir en ekkert virðist tengja þessi morð annað en skilaboðin sem berast til Seldoms. Hann lítur svo á að lykillinn að lausn morðgátunnar sé ákveðin samsvörum milli stærðfræðikenningar og tákanna í skilaboðunum sem hafa borist honum en þarf að beita stærðfræðikunnáttu sinni til að leysa gátuna.

Höfundurinn Guillermo Martí er stærðfræðiprófessor við Háskólann í Buenos Aires en hann hefur fengist við ritstjórn um árabíl. Ósýnilegir glæpir sópuðu til sín helstu bókmenntaverðlaunum í Argentínu.

Forlagið Bjartur gefur bókina út en þýðandi er Hermann Stefánsson.



EINAR HRAFNSSON, STARFSMAÐUR BLINDRABÓKASFNS ÍSLANDS Hjá safninu eru um sex þúsund titlar til útleigu og á dögnum komu út sjö nýjar hljóðbækur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Breyttir tímar á bókasafni

**Blindrabókafni Íslands þjónustar alla þá lesendur sem glíma við lestrarerfiðleika en þar geta gestir fengið lánað afþreyingar-, náms- og fræðsluefni sér að kostnaðarlausu. Safnið hefur aukatekjur af útgáfu hljóðbóka og á dögnum komu út sjö nýir titlar á þeirra vegum.**

„Útgáfan er aukabúgrein hjá okkur því sem ríkisfyrirtæki er okkur ætlað að hafa sértekjur,“ segir Einar Hrafnsson, starfsmaður safnsins. „Við tökum ekki gjald af okkar lánþegum en þetta er okkar leið til fjárfölnar. En svo er líka gaman að geta komið góðum bókum til fólks því eftirspurnin er mikil.“

Vinsældir hljóðbóka hafa aukist hratt með árunum og nú starfa fleiri aðilar að slíkrri útgáfustarfssemi, til dæmis forlögin Hljóðbók.is og Dimma. Einar bendir á að Blindrabókafnið sé í ákveðinni klemmu sem ríkisfyrirtæki. „Markaðurinn er sveltur en hann veit það kannski ekki sjálfur,“ segir Einar og bendir á að Blindrabókafnið megi til dæmis ekki auglýsa sínar bækur. „Við megum ekki skemma fyrir þeim sem hafa lífþráð sitt af sambærilegri útgáfu með niðurgreiddum bókum. Sem þjónustufyrirtæki ber okkur samkvæmt lögum að vinna að ákveðnum málum og því megum við ekki gleyma okkur í þessu og verða útgáfufyrirtæki. Þetta verður að vera aukabúgrein og má ekki kosta okkur neitt heldur aðeins skila ágóða inn í reksturinn.“

#### Öflugt starf

Á Blindrabókafninu eru lesnir inn um 150–200 bækur á ári en þriðjungur þess eru námsbækur fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. „Við lesum inn úrval af útgáfu hvers ár af ólíkum bókmenntagreinum og textum. Við reynum að velja það sem við teljum að muni nýtast, helstu ævisögur, skáldsögur og svo framvegis,“

útskýrir Einar. „Við lesum ekki tímarit en það væri til dæmis full ástæða til þess að lesa inn rit á borð við Tímarit Máls og menningar eða Gestgjafann, jafnvel Frey. Þetta er gert í nágranna-löndum okkar,“ segir Einar.

Starfsmenn safnsins velja síðan efni til útgáfu úr safneigninni og er þar að mörgu að huga, til dæmis hversu söluvænlegt efnið er og gæði lestursins.

Nú koma til dæmis út ævisögurnar Ég elska þig stormur sem Guðjón Friðriksson skrifaði um Hannes Hafstein og saga Ingólfs Margeirssonar, Afmörkuð stund sem og metsölubækurnar Vetrar-

#### ÚR SAFNKOSTINUM

Vetrarborgin eftir Arnald Indriðason  
Píslavottar nútímans eftir Magnús Þorkel Bernharðsson  
Njála, lesari Einar Ólafur Sveinsson  
Stríðsmenn Salamis eftir Javier Cercas  
Nafn rósarinnar eftir Umberto Eco  
Glataðir snillingar eftir William Heinesen  
Fjallkirkjan eftir Gunnar Gunnarsson  
Íslensk bókmenntasaga 1 & 2  
Góði dátinn Svejk eftir Jaroslav Hasek

borgin eftir Arnald Indriðason og Baróninn eftir Þórarinn Eldjárn. „Við lesum líka inn verk ef blindir biðja um þau sérstaklega enda eru þeir forgangshópur hjá okkur,“ bætir Einar við.

Alls hefur Blindrabókafnið gefið út um níutíu titla á almennan markað en á sjötta þúsund bækur eru til útláns fyrir lánþega safnsins. Einar áætlað að virkir notendur þess séu um þrjú þúsund talsins og áréttar að duglegustu lesendurnir hlusti á hátt í hundrað klukkustundir af efni á viku.

Nú er unnið að því að koma eldra efni safnsins yfir á stafrænt form því tími kasetunnar er víst að renna sitt skeið.

„Lánþegar okkar eru kannski síðasta fólkið í landinu sem notar kasettutækni. Það er orðið víðtekið í dag að spila efnið sem mp3 skjöl, ýmist í tölvu eða hlaða því niður í ipod, eða af geisladiskunum. Nú komum við heilli bók á

einum disk og þar munar miklu fyrir okkur.“

#### Víðhorfið að breytast

„Hljóðbækur eru mjög vinsælar á bókasöfnum og lesendur vilja nýja titla. Það er allt annað viðhorf til þessarar útgáfu í dag því fólk er farið að tala um rétt sinn til þess að fá bækur lesnar. Hljóðbókin er þó öðruvísi að því leyti að fólk finnst hún ekki vera eign, þó maður eigi allar útgefna hljóðbækur þá er maður ekkert að sýna það sérstaklega, þær þykja ekki flottar í hillu.“

Lesturinn skiptir líka miklu máli. „Það eru tískusveiflur í honum eins og öðru. Sumir vilja láta leika textann, aðrir ekki. Þá þarf að fara bil beggja en ég myndi segja að við værum frekar íhaldsöm.“ Einar útskýrir að ákveðið kynslóðabil sé í smekk fólks á lestri, til dæmis íslenski yngri kynslóðir við lestri Brynjólfs Jóhannessonar á skáldsögunni Manni og konu, einum frægasta lestri allra tíma.

#### Sýnileikinn

„Nafnið Blindrabókafni Íslands er orðið dálítið misvísandi,“ segir Einar og útskýrir að ætlað sé að tíu prósent hverrar þjóðar séu lesblind og auk þess fjólgar eldri borgurum sem nýta sér þjónustu safnsins. „Það er spurning hvort við þurfum að huga að nafnbreytingu.“

Eins og áður segir eiga allir þeir sem eiga erfitt með að lesa letur rétt á þjónustu safnsins, þar með taldir eldri borgarar yfir 80 ára aldri, öryrkjar og lesblindir.

Einar hvetur alla þá sem telja sig eiga rétt á þjónustu safnsins til að kynna sér starfsemi þess og nefnir þar sérstaklega lesblind fólk sem komið er af skólaaldri og „dottið úr lestri“, það gerir lítið af því að lesa sér til yndis og ánægju. „Við erum vel þekkt sem stofnun en mættum alveg vera sýnilegri,“ segir hann að lokum.

Nánari upplýsingar um starfsemi og safnkostinn er að finna á heimasíðu þeirra [www.bbi.is](http://www.bbi.is).

kristrun@frettabladid.is



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

2 3 4 5 6 7 8

## Sunnudagur

## TÓNLEIKAR

- 16.00 **Samkór Kópavogs** heldur tónleika í **Salnum** í tilefni af 40 ára afmæli kórsins. Stjórnandi er **Björn Thorarensen**.

## SÝNINGAR

- 09.00 Nú stendur yfir sýning á vegum nema í **Listaháskóla Íslands** og **Háskólans í Reykjavík** í höfundstöðvum **Marels** í **Garðabæ**. Sýningin er opin til 11. nóvember milli 9–17.
- 14.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni**

Íslands við Frikirkjuveg. **Harpa Þórsdóttir** listfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna.

## SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 13.00 Síðasta sýningarhelgi í **Listasafni ASÍ** á verkum **Eirúnar Sigurðardóttur** í **Ásmundarsal** og **Péturs Arnar Friðrikssonar** í **Gryfju** og **Arinstofu**. Sýningarnar eru opnar milli 13–17.
- 14.00 Myndlistarmaðurinn **Curver Thoroddsen** sýnir nektarverkið **Án titils** í galleri **BOX** á Akureyri. Sýningin opin milli 14–17 en henni lýkur í dag.

## KVIKMYNDASÝNINGAR

- 15.00 Félagið **MIR**, menningar- tengsl Íslands og Rússlands, sýnir sov- éska kvikmyndina **Tsapajev** frá árinu 1934 í **MIR-salnum**, **Hverfisgötu 105**.

## Stefnumót við Sigrúnu

Sigrún Davíðsdóttir sendir frá sér sína fyrstu skáldsögu fyrir þessi jól og ber hún heitið **Feimnismál**. Í tilefni þessa verður Stefnumót við hana í aðalsafni Borgarbókasafns í Tryggvagötu annað kvöld þar sem Silja Aðalsteinsdóttir mun spjalla við höfundinn.

Sagan segir frá Eddu sem giftist ung ítalsk-bandarískum ljósmyndara sem var 22 árum eldri en hún. Þau áttu saman langt og ævintýraríkt líf, en nú er hann fallinn frá og hún býr í virðulegu ekkjustandi í glæsihýsi sínu skammt frá New York. Eddu finnst hún löngu búin að gleyma uppruna sínum og gamla tungumálinu, en þegar þarf að taka mynd af henni í bók um eiginmann hennar velur hún til þess 33 ára ljósmyndara á hraðri uppleið í



stórborginni – kannski af því hann er íslenskur. Jón sá hana fyrst á ljósmynd eftir manninn hennar á Kjarvalsstöðum þegar hann var unglingur og hefur aldrei gleymt henni. Nú leida örlögin þau saman, og Jón verður svo hugfanginn að kærastan hans, glæsilega danska fyrirsætan Lísu, verður afbrýðisöm. En getur verið ástæða til þess? Ekkjan er 17 árum eldri en hann. Það verður honum sérstök ögrun að reyna að vekja með henni hið forna tungumál – feimnismálið.

Allir eru velkomnir á dagskrána sem hefst kl. 20. Boðið verður upp á kaffi og konfekt.

**FYRSTA SKÁLDSAGA SIGRÚNAR DAVÍÐSDÓTTUR** Þar er fjallað um hið forna tungumál, feimnismálið.



**BARBAFJÖLSKYLDAN ER SÍVINSÆL** Ævintýri Barbapabba voru nýlega endurútféfin og trónir nú bókinn efst á vinsældalistanum.

## METSÖLULISTINN

- 1. BARBAPABBI**  
ANNETTE TISON
- 2. DREKAFRÆÐI**  
DOKTOR ERNEST DRAKE
- 3. MÝRIN - KILJA**  
ARNALDUR INDRÍÐASON
- 4. FLUGDREKAHL. - KILJA**  
KHALED HOSSEINI
- 5. STUTT ÁGRIP AF S. TRAKTORSINS KILJA**  
MARINA LEWYCA
- 6. VÍSNAÞÓKIN - NÝ ÚTGÁFA**  
YMSIR HÖFUNDAR / HALLDÓR PÉT-  
URSSON
- 7. DRAUMALANDIÐ**  
ANDRI SNÆR MAGNASON
- 8. HVER TÓK OSTINN MINN?**  
SPENCER JOHNSON
- 9. KAFTIINN OFURBRÓK OG LÍF...**  
DAV PILKEY
- 10. EIN TIL FRÁSAGNAR**  
IMMACULÉE ILLIBAGIZA


## SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR:

- 1. HEIMA ER ENGU ÖÐRU LÍKT**  
MARY HIGGINS CLARK
- 2. Í HÚSI JÚLÍU**  
FRÍÐA SIGURDARDÓTTIR
- 3. VILTU VINNA MILLJARÐ?**  
VIKAS SWARUP
- 4. HUGARFJÖTUR**  
PAULO COELHO
- 5. SKIPIÐ**  
STEFÁN MÁNI
- 6. FLÓÐ OG FJARA**  
AGATHA CHRISTIE
- 7. FIMM MANNESKJUR SEM ...**  
MITCH ALBOM
- 8. ÉG STYTTI MÉR LEIÐ FRAMHJÁ ...**  
EINAR MÁR GUDMUNDSSON
- 9. FRANKENSTEIN**  
MARY SHELLEY
- 10. UNÐANTEKNINGIN**  
CHRISTIAN JUNGENSEN

LISTARNIR ERU GERÐIR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 25.10.06–31.10.06 Í PENNAN- UM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

# Skoppa og Skritla

## eru komnar á DVD í BT



Skoppa og Skritla eru komnar á DVD í BT

Fræðandi og skemmtilegt leikið efni fyrir yngstu kynslóðina

Skoppa og Skritla er eitthvað sem allir krakkar verða að eiga!

2.299

## Áritun!

Skoppa og Skritla árita diskinn í BT Smáralind í dag kl 14.30-15.15 og BT Kringlunni 15.30-16.30

BT býður betur!

allt heimili

Alla fimmtudaga







**SPARBIÓ 450** kr á allar sýningar merktar með appelsínugala á laugardögum og sunnudögum



**BORAT!**  
Eið þú tilbuln fyrir eins kynrústu mynd allra tíma?



**THE DEPARTED**  
BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA




**the last kiss**  
Frá handritshöfund „Million Dollar Baby“ og „Crash“




**BÆJARHLÁÐIÐ BARNYARD**  
SÝND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALL




**THE GUARDIAN**  
Frá leikstjóra „The Fugitive“  
EKKI MISSA AF KRAFTMESTU SPENNUMYND ÁRSINS.



**MATERIAL GIRLS**



**Beerfest**



**Jackass number two**



**MYRIN**  
Vardveitt líf mitt fyrir ögnum óvinarins



**THE DEPARTED**  
BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA



**the last kiss**  
Frá handritshöfund „Million Dollar Baby“ og „Crash“



**WORLD TRADE CENTER**  
Stórmynd sem lætur engan ósnortin.



**THE QUEEN**



**BÖRN**  
Kvikmynd eftir Ragnar Eiríksson

MYRIN	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:15	B.1.12	THE QUEEN	kl. 3 - 5:50	B.1.12
THE LAST KISS	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	B.1.12	AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8	Leyfð
THE DEPARTED	kl. 3 - 6 - 9	B.1.16	BÖRN	kl. 3 - 8	B.1.12
WORLD TRADE CENTER	kl. 10:30	B.1.12	LES MAUVAIS JOUEURS	kl. 6	B.1.16

**HAGATORGI • S. 530 1919**

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI		SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK		SAMBÍÓIN / AKUREYRI		
THE DEPARTED	kl. 5:45 - 7 - 8:45 - 10:10 - 10:30	B.1.16	JACKASS NUMBER TWO	kl. 4 - 8	B.1.12	BARNYARD M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
THE DEPARTED VIP	kl. 2:15 - 5:45 - 8:45		THE THIEF LORD	kl. 4	Leyfð	THE DEPARTED	kl. 2 - 4	Leyfð
THE LAST KISS	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30	B.1.12	ÓBYGGÐIRNAR	M/- ÍSL TAL kl. 1:45 - 4	Leyfð	THE DEPARTED	kl. 2	Leyfð
BÆJARHLÁÐIÐ	M/- ÍSL TAL kl. 1:45 - 3:45 - 6	Leyfð	BILAR	M/- ÍSL TAL kl. 1:45	Leyfð	THE DEPARTED	kl. 2	Leyfð
BARNYARD	M/- ENSKU TAL kl. 6 - 10:10	Leyfð	OVER THE HEDGE	M/- ÍSL TAL kl. 1:45	Leyfð	MATERIAL GIRLS	kl. 4	Leyfð
THE GUARDIAN	kl. 8	B.1.12	MAURAHRELLIRINN	M/- ÍSL TAL kl. 1:45	Leyfð	THE GUARDIAN	kl. 8	B.1.12
						JACKASS NUMBER TWO	kl. 6	B.1.12

## Heitt og erótískt en ekki klám

Nýtt erótískt tónlistarmyndband við lagið Drug of Choice af nýjstu plötu Birgis Arnar Steinarssonar, Id, er komið í spilun.

Birgir sjálfur er í aðalhlutverki í myndbandinu ásamt vinkonu sinni. Sjást þau m.a. kyssast djúpum kossum og snerta hvort annað á kynsandi hátt og þykir myndbandið nokkuð opinskátt. „Textinn fjallar um skyndikynni og hvað það að stunda slíkt rifur mann niður andlega. Okkur fannst við þurfa að fara alla leið með myndbandið. Þetta er saga um konu sem tælir mann og flækir hann í vef sem hann kemst ekki úr. Það endar á því að ég fer inn í líkama hennar og þá breytist ég í marga litla sæðis-Bigga,“ segir Birgir Örn, sem er búsettur í London.

Leikstjóri myndbandsins er Hlynur Magnússon sem gerði myndband við lag Maus, Liquid Substance, sem vakti töluverða athygli á sínum tíma þar sem beinagrindur voru í aðalhlutverki. Einnig hefur hann tekið upp fyrir hljómsveitina Sometime. Er Hlynur búsettur í Los Angeles um þessar mundir þar sem hann stundar



**BIGGI** Birgir Örn Steinarsson gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu, Id.

kvikmyndanáam.

Birgir segist ekki eiga von á því að myndbandið verði bannað á MTV, enda sjáist ekkert í því nema fólk að kyssast og knúsast. „Ég hef verið við hliðina á fólk sem hefur horft á myndbandið og það hefur bara roðnað. Það eru einu viðbrögðin sem maður getur óskað eftir. Mín fjölskylda er öll búin að sjá þetta og allir sem eru viðriðnar

myndbandið. Við erum öll sátt enda var þetta allt gert með þema lagsins í huga. Þetta er ekkert klámfengið en vissulega heitt og erótískt.“

Myndbandið er væntanlegt í spilun hér á landi innan tíðar. Einnig er m.a. hægt að sjá það á kvikmynd.is, á heimasíðu Youtube og á síðu Bigga, mspace.com/bigital.

## Enginn Osbourne

Félagar Ozzy Osbourne úr hljómsveitinni Black Sabbath ætla í tónleikaferð snemma á næsta ári án Ozzys, undir nafninu Heaven and Hell.

Ronnie James Dio verður söngvari hljómsveitarinnar en hann söng með Black Sabbath um tíma á níunda og tíunda áratugnum þegar Ozzy var rekinn vegna eiturlyfjaneyslu sinnar.

Osbourne hefur þegar sent frá sér yfirlýsingu þar sem kemur fram að til sé aðeins ein Black Sabbath og að hann ætli í tónleikaferð með sveitinni undir því nafni seint á næsta ári. Einnig mun ný plata með sveitinni vera fyrirhuguð. „Tony Iommi, fyrsti gítarleikari Sabbath, og Dio eru að vinna saman að verkefni sem hefur ekkert að gera með Black Sabbath,“ sagði í yfirlýsing-



**OZZY OSBOURNE** Prins myrkursins ætla að gefa út plötu með Black Sabbath á næsta ári.

unni. „Ozzy óskar Tony og Ronnie góðs gengis í samstarfinu.“

Nýja sveitin, Heaven and Hell, dregur nafn sitt af fyrstu plötunni sem Dio tók upp með Black Sabbath árið 1980.

Kvikmyndasafn Íslands og Sinfóniuhljómsveit Íslands kynna með stolti:

# BÍÓTÓNLEIKAR

KVÍKMYNDATÓNLEIKARÍ

## HÁSKÓLABÍÓI

Klassískar bímyndir við lifandi undirleik Sinfóniuhljómsveitar Íslands

**LAUGARDAGINN II. NÓVEMBER**  
KL. 15.00  
MIÐAVERÐ 1.600 KR.  
YNGRI EN 16 ÁRA: 1.200 KR.

**D.W. GRIFFITH: INTOLERANCE**  
FIMMTUDAGINN  
**9. NÓVEMBER 2006**  
KL. 19.30  
MIÐAVERÐ 3.000 / 2.600 KR.

**LAUGARDAGINN II. NÓVEMBER**  
KL. 15.00  
MIÐAVERÐ 1.600 KR.  
YNGRI EN 16 ÁRA: 1.200 KR.

**CHARLIE CHAPLIN: THE KID**  
IDLE CLASS  
(IDJULEYSINGJARNIR)

MIÐASALA Á WWW.SINFONIA.IS OG Í SÍMA 545 2500









**Sparbíó\* — 450kr**



**BÆJARHLÁÐIÐ** M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AK. OG Í KEFL.



**MAURAHRELLIRINN** M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA



**ÓBYGGÐIRNAR** M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA



**OVER THE HEDGE** M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

**Nýtt**



**BÍLAR** M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

**Sparbíó\*** : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR MYNDIR KL: 1:45 OG 2 Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁLFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK



## > Frábært hjá Gerplu

Kvinnasveit Gerplu hafnaði í öðru sæti á Evrópumeistaramótinu í hópímleikum sem fram fer í Ostrava í Tékklandi um helgina. Þetta er langbesti árangur sem íslensk sveit hefur náð á Evrópumóti í hópímleikum en besti árangur sem hafði áður náðst var þegar Stjarnan hafnaði í fjórða sæti fyrir tveimur árum. Gerpla hlaut samtals 25,25 í keppninni en sigurvegari varð sveit frá Svíþjóð með 26,15 stig. Sveit Gerplu og sænska sveitin urðu einmitt í tveimur efstu sætum í undanúrslitum á föstudag svo að segja má að úrslitin hafi verið eftir bókinni. Sveit frá Danmörku hafnaði í þriðja sæti. Sveit Gróttu hafnaði í 8. sæti og tók ekki þátt í úrslitunum í gær.



# 60 MEÐ JÚLÍUSI JÓNASSYNI

SEKÚNDUR

Íslenskur kvannahandbolti er ... flottur.

Konur eða karlar? Konur.

Hvernig myndurðu fara að án Finnþoga? Ég myndi allavega sakna hans.

Hvort ertu meiri feministi eða karlremba? Er ekki smá remba í öllum karlmönnum?

KB banki, Glitnir eða Landsbankinn? KB.

Handbolti eða verðbréf? Verðbréf með smá handbolta í bland.

Erfiðasti andstæðingur á ferlinum? Mats Olson.

Besti samherjinn á ferlinum? Margir góðir en þeir bestu voru rauðklæddir.

Besti leikmaður heims í dag? Mjög erfið spurning en ég ætla að segja Ólafur Stefánsson.

ÍR er ... frábært félag sem ég hugsa mjög hlýlega til.

Hvenær kemst kvennalandsliðið á stórmót? Vonandi sem allra, allra fyrst.

Í hvaða sæti lendir karlalandsliðið á HM í Þýskalandi? Á bilinu 6.-8. sæti.

Kaffi eða te? Kaffi.

Liverpool eða Manchester United? Man. Utd.

**sport**  
sport@frettabladid.is



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Færast nær evrópsku mótariðinni.

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Kominn á lokaúrtökumótið

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson tryggði sér í gær sæti á lokaúrtökumóti fyrir evrópsku mótariðina í golfi. Birgir Leifur tryggði sér þann rétt með því að leika á sex höggum undir pari á móti sem lauk á Sherry-vellinum á Spáni í gær en það var liður í 2. stigi úrtökumótsins fyrir evrópsku mótariðina. Lokaúrtökumótið hefst í næstu viku og er að miklu að keppa fyrir Birgi Leif því þeir sem hafna í 30 efstu sætum á því móti tryggja sér þátttökurétt í að minnsta kosti 20 mótum evrópsku mótariðarinnar á næsta ári.

Heiðar Davíð Bragason, kylfingur úr Gkj, var þremur höggum frá því að komast á lokaúrtökumótið en hann lék frábært golf á móti á Empordavellinum á Spáni. Þá lék hann á fimm höggum undir pari en hringina fjóra á samtals tveimur höggum undir pari. Það skilaði honum 31. sæti en aðeins 20 efstu kylfingarnir komust áfram. - vig

# Eggert fundaði með æðstu yfirmönnum West Ham

Möguleikar Eggerts Magnússonar og fjárfestingarhóps hans um að ná völdum hjá enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham hafa aukist til muna eftir að snurða hljóp á þráðinn í viðræðum félagsins við Kia Joorabchian.

**FÓTBOLTI** Enska blaðið Daily Telegraph greindi frá því í gær að Eggert Magnússon og helstu samstarfsmenn hans hefðu hitt Terry Brown, núverandi stjórnarformann West Ham, á fundi í London á föstudag, þar sem hugsanleg yfirtaka hópsins á meirihluta í félaginu hafi verið rædd ítarlega. Þar hafi Eggert meðal annars lofað að salan gæti gengið í gegn á aðeins sex dögum og að umtalsverðum fjármunum yrði varið í að styrkja leikmannahóp liðsins þegar glugginn til leikmannakaupa opnast að nýju í janúar.

Heimildir blaðsins herma einnig að snurða hafi hlaupið á þráðinn í viðræðum West Ham við ísraelska auðkýfinginn Kia Joorabchian, þar sem skuldir félagsins hafi reynst meiri en talið var upphaflega. Það hafi orðið til þess að áhugi helstu bakhjarla Joorabchian á yfirtöku hafi minnkað stórlega.

Enska blaðið kveðst hafa undir höndum bréf frá Seymour Pierce, helsta fjármálaráðgjafa Eggerts og félaga, til æðstu forráðamanna West Ham þar sem fram kemur að hópurinn sé reiðubúinn að hækka



EGGERT MAGNÚSSON Færast nær því að ná völdum hjá West Ham í Englandi.

tilboð sitt í félagið úr 65 milljónum punda í 75 milljónir punda. Það hafi orðið til þess að Eggert fékk fund með Brown á föstudag.

Eggert hafði á fimmtudag lýst því yfir við breska fjölmiðla að hann væri svekktur að fá ekki

tækifæri til að færa viðræðurnar á næsta stig. Með fundinum í gær er ljóst að Eggert hefur komist yfir ákveðinn hjalla og segja fjölmiðlar ytra að hann eigi nú jafna möguleika og Joorabchian að ná völdum í félaginu. - vig

Leikmannamál Grindavíkur:

## Scott Ramsey snýr aftur

**FÓTBOLTI** Skoski vængmaðurinn Scott Ramsey skrifaði í gær undir samning við sitt gamla félag Grindavík. Ramsey lék síðast



SCOTT RAMSEY

með liðinu árið 2003 áður en hann fór til Keflavíkur en að undanfögnu hefur Ramsey lítið spilað fótbolta. Hann lék þó fimm leiki fyrir Víði í garði

í sumar og stóð sig mjög vel. Á sama tíma og Ramsey gekk í raðir Grindavíkur skrifuðu Orri Freyr Hjaltalín og Eyþór Atli Einarsson undir nýja samninga við félagið. - vig

Skoski fótboltinn:

## Hjálmar öflugur

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Hjálmar Þórarinnsson átti mjög góðan leik með liði sínu Raith Rovers í skosku 1. deildinni í gær þegar það lagði Cowdenbeath að velli, 2-1. Hjálmar skoraði sigurmark liðsins og samkvæmt heimasíðu liðsins lagði hann einnig upp fyrra markið.

Hjálmar er í láni frá Hearts hjá Raith og hefur staðið sig mjög vel í leikjum liðsins, þrátt fyrir að markið í gær hafi verið hans fyrsta fyrir liðið. - vig

Ólafur Þórðarson vill halda Helga Sigurðssyni í herbúðum Fram:

# Fjarvera Helga kom mér á óvart

**FÓTBOLTI** „Ég get ekki neitað því að það kom mér nokkuð á óvart að Helgi skyldi ekki hafa mætt. Maður var búinn að heyra það og lesa að búið væri að ganga frá því að hann yrði áfram hjá Fram. Þess vegna bjóst ég við að sjá hann,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, við Fréttablaðið í gær.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær mætti sóknarmaðurinn Helgi Sigurðsson ekki á fyrstu æfingu liðsins eftir frí en hún var á föstudaginn. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Helgi vilji losna frá Fram og segir Ólafur augljóst að eitthvað hafi komið upp á þótt hann viti ekki nákvæmlega hvað það er.

„Ég hef ekki heyrt í Helga í einhvern tíma en það eru góðar líkur á því að ég muni hafa samband við hann og ræða um þessi mál. Helgi er mjög góður knattspyrnumaður og er lykilmáður hjá Fram svo auðvitað vil ég halda honum. Ég ætla þó ekki að vera að ræða þessi mál ítarlega í fjölmiðlum. Við erum að vinna í þessu og ég er sannfærður um að það muni finnast farsæl lausn,“ sagði Ólafur, sem tók við liði Fram nú á haustdögum eftir að Ásgeiri Elíassyni var sagt upp störfum eftir sumaríð.

Helgi bar fyrirlíðabandið hjá Fram og varð markakongur 1. deildarinnar í sumar en liðið vann



deildina með yfirburðum og komst upp í Landsbankadeildina. Helgi var síðan valinn besti leikmaður deildarinnar af þjálfurum og fyrirlíðum í henni.

Spurður um fjarveru sína á æfingu á föstudag sagðist Helgi ekki vilja tjá sig um málið að svo stöddu.

**MÆTTI EKKI** Helgi Sigurðsson var hvergi sjáanlegur þegar Ólafur Þórðarson stýrði sinni fyrstu æfingu hjá Fram á föstudag. Helgi vildi ekki tjá sig um fjarveru sína við Fréttablaðið í gær en Ólafur vonar að málið leysist farsælega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- egm, - vig

**GLÆNÝR GRAND THEFT AUTO!**

**9. TAKTU ÞÁTT!**  
**HVER VINNUR!**

**ADALVINNINGUR ER PSP TÖLVA OG GTA!**

**ADÆINS Á PSP**

Vinnugar verða afhendir hjá BT Smáhandl. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS hlúðir. 149 kr/áskoytið.

SENDU SMS **BTC FGT** Á **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!



VINNINGAR ERU PSP, GTA LEIKIR, AÐRIR TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!



# HVAR VERÐUR ÞÚ?

## FÖSTUDAGINN 17. NÓVEMBER KL. 20:30

X-FACTOR HEFUR GÖNGU SÍNA 17. NÓVEMBER Á STÖÐ 2. ÞETTA ER STÆRSTI SJÓNVARPSVIÐBURÐUR VETRARINS OG VERÐUGUR ARFTAKI IDOL STJÖRNULEITAR. FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Á HVERJU FÖSTUDAGSKVÖLDI.



### SAGA X-FACTOR

X-Factor er hæfileikakeppni hönnuð af Simon Cowell Idol-dómara. X-Factor sló öll áhorfsmet í Bretlandi og er meira að segja orðin vinsælli en Idol.



### X-FACTOR Á ÍSLANDI

X-Factor sem hefst 17. nóvember verður án efa stærsti sjónvarpsviðburður í tuttugu ára sögu Stöðvar 2 og verðugur arftaki Idol Stjörnuleitar.



### ÁHEYRNARPRÓFIN SKRAUTLEG

Áheyrnarprófin sem fóru fram 3. og 14. október voru skemmtilegri og skrautlegri en nokkru sinni áður.



### FJÖLBREYTTARI KEPPNI

Fólk á öllum aldri og sönghópar keppa í X-Factor sem er ólíkt því sem var í Idol Stjörnuleit.



### SLAGUR DÓMARANNA

Þegar 90 keppendur eru eftir er þeim skipt í þrjá hópa. Dómararnir taka að sér hver sinn hóp og keppast um að skapa næstu poppstjörnu Íslands.



### ÚRSLITIN Í BEINNI

Þeir 12 hæfileikaríkustu keppa til úrslita í beinum útsendingum.

ÁSKRIFTARTILBOÐ  
**4.999 KRÓNUR\***  
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ

\* GEGN SEX MÁNÁDA BINDINGU

Í SAMSTARFI VIÐ



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



GOTT FOLK MCCANN



TEITUR ÞÓRÐARSON

# Kominn tími á breytingar

Teitur Þórðarson hefur upplifað margt á sínum knattspyrnuferli og er tilbúinn að deila þeirri reynslu með íslenska knattspyrnuheiminum. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* ræddi málin með Teiti yfir kaffibolla í KR-heimilinu.

**T**eitur Þórðarson er ótvíræður sigurvegari á leikmanna-markaðnum. Honum tókst að klófesta fyrir hönd KR fjóra af þeim sterkustu leikmönnum sem skiptu um félag eftir að leiktíðinni lauk í haust. Þeir leikmenn sem um ræðir eru Pétur Marteinsson, Jóhann Þórhallsson, Atli Jóhannsson og Óskar Örn Hauksson. Þá hefur markvörðurinn Stefán Logi Magnússon einnig samið við KR.

Allir þessir leikmenn fúlsuðu við gylliboðum annarra liða og fóru til KR því þar væru spennandi tímar fram undan. Og fyrst og fremst leist þeim vel á það starf sem Teitur Þórðarson væri að vinna í félaginu. Hann neitar því ekki sjálfur að um persónulegan sigur sé að ræða og um leið mikla viðurkenningu fyrir hann og hans störf.

„Ég hef náð í þá leikmenn sem mig langaði til að ná í,“ sagði Teitur en bætti við að hann hefði einnig viljað fá nýjan bakvörð til liðs við KR. „Við reyndum að fá Ray Anthony Jónsson frá Grindavík og þá hafði ég einnig áhuga á Höskuldri Eiríksson hjá Víkingi.“

## Ekki lokkaðir með peningum

Og hann hafnar því alfarið að hafa lokkað þessa leikmenn til félagsins með peningum eins og margir vilja sjálfsgagt halda. „Það er ekki rétt. Við höfum sett okkur ákveðinn ramma um hvað leikmenn mega kosta. Og við höfum algerlega haldið okkur innan þeirra marka eftir því sem ég best veit. Þess vegna er það sérlega ánægjulegt að hafa fengið þessa leikmenn. Vegna þess að þeim fannst þetta spennandi á knattspyrnulegum forsendum. Ég veit nákvæmlega hvað við erum að gera hér. Ég hef unnið álíka störf mörgum sinnum áður. Þá kannski sérstaklega það sem ég gerði í fjögur ár í Eistlandi

og gaf afar góðan árangur.“

Það sem Teitur vísar til er það langtíma starf sem hann er nú að innleiða í félagið. Hin svokallaða Akadémía er kominn á fót en þar æfa 28 efnilegustu unglingar félagsins eins og um atvinnumenn væri að ræða. „Þetta er það sem heillaði mig við KR upphaflega, þetta uppbyggingarstarf sem félagið vildi byrja á. Ég er hrifinn af slíkri langtímahugsun. Ég er mun meira fyrir uppbyggingu en skjótfenginn árangur. Enda eru flestir þessir leikmenn sem eru að koma nú til félagsins á góðum aldri. Þetta eru leikmenn sem eru hungraðir í árangur og vilja ná langt.“

## Gefum þeim ungu tækifæri

Þær gagnrýnisráðir hafa nú heyrst, ekki síst innan raða stuðningsmanna KR, að með því að ná í svo marga utanaðkomandi leikmenn sé verið að gefa ungu leikmönnum KR langt nef. Því neitar Teitur algerlega.

„Við erum búnir að gefa fullt af ungu leikmönnum sénsinn allt síðasta árið. Ég veit ekki um mörg önnur lið sem hafa spilað með jafn marga unga leikmenn og við höfum verið að gera. Og sú stefna okkar hefur ekkert breyst. Ef hópurinn er skoðaður má segja að kjarni liðsins sé nú styrktur. Í fyrra vorum við með átján leikmenn sem eru á þeim aldri að þeir ættu að teljast góðir úrvalsdeildarleikmenn. Við höfum nú minnað þennan kjarna og styrkt fjórtán manna hópinn. Þá eru fleiri opin pláss fyrir unga leikmenn. Annað mikilvægt atriði er að það er ekkert þægilegt að yta ungu leikmönnum inn í lið sem ekki gengur vel. Með því að styrkja kjarnann og vera með lið sem gengur vel skapast svigrúm til að gefa fleiri ungu leikmönnum tækifæri. Ég

er heldur ekki hrifinn af því að flytja inn erlenda leikmenn. Ég vil frekar byggja liðið á íslenskum leikmönnum og skapa þannig sigursælt lið.“

Hann segir að hann hafi komið til KR til að ná árangri. Í sumar náði KR öðru sæti í deildinni og komst í úrslit bikarkeppinnar. Markmiðið fyrir næsta sumar liggur því ljóst fyrir. „Það væri óeðlilegt ef ég myndi segja að ég yrði ánægður með annað eða þriðja sætið. Það er bara ekki rétt. Ég er hér til að reyna vinna eitthvað og vil skapa hóp leikmanna sem vill það sama.“

## Hugarfarsbreyting í KR

KR hefur hlotið andlitslyftingu með komu Teits. Fyrir aðeins fáeinum árum opnuðu fjársterkir aðilar veskin sín fyrir KR og reyndu að „kaupa titilinn“ eins og einhver myndi orða það. Með komu Teits hefur hugarfarsbreyting átt sér stað hjá félaginu. „Ég er ekki frá því. Það var frá upphafi ljóst að ég hafði engan áhuga á að ná í leikmenn með því að borga bara nógu mikið. Það var mikilvægt að þeirra hugarfarar færi saman með mínu. Ég vil leikmenn sem eru til að leggja sig mikið fram, meira en hjá flestum öðrum liðum. Það þarf sérstakan persónuleika til þess og þannig menn vil ég fá. Í fyrra fengum við tvo slíka, Gunnlaug Jónsson og Björgólf Takefusa. Það eru strákar sem lögðu sig fram.“

Svo sannarlega. Teitur öðlaðist snemma frægð sem þjálfari með morgunæfingarnar. Sú tilhugsun að mæta á æfingu klukkan sex að morgni til fannst mörgum utanaðkomandi harla óspennandi. „Ég sá það á öllum hópnum hvað þeir fengu mikið út úr því að hafa lagt svona mikið á sig. Við töpuðum ekki leik frá miðjum júlí í deildinni og það er ekki spurning

að það er vegna æfinganna um veturinn. Enda vorum við að klára marga þessa leiki á síðustu mínútunum.“

## Óánægður með sumarið

Hann er þó ekki ánægður með sumarið og nefnir slaka byrjun liðsins á mótinu sem ástæðu. En í kjölfarið var stefnan sett á Evrópusæti og náði liðið því markmiði. „Ég hafði aldrei áhyggjur af þessu. Að byrja illa getur oft verið fylgifiskur þess að keyra inn í fyrsta sinn strangar æfingar á undirbúningstímabilinu. Ég hef farið í gegnum það áður. Og það var frábært að sjá að þrátt fyrir slæmt gengi var alltaf frábær mórall í hópnum og mikil samstaða. Leikmenn misstu aldrei trúna og líkaði við það sem við vorum að gera.“

Teitur er 54 ára gamall og hefur verið að þjálfari í rúm tuttugu ár. Þjálfaraferillinn hófst áður en leikmannaférlinum lauk en sem atvinnumaður lék hann í Frakklandi, Sviss og Svíþjóð. Í síðastnefnda landinu var hann yfirþjálfari hjá knattspyrnuakademíunni í Markaryd síðustu tvö árin sín sem leikmaður. Þaðan flutti hann sig til Skövde IK þar sem hann var eitt tímabil. Árið 1988 tók hann svo við norska úrvalsdeildarliðinu Brann. Þá, eins og á Íslandi nú, unnu leikmenn fulla vinnu með boltanum.

„Þar byrjaði ég að gera það sama og ég hef gert hér hjá KR – með morgunæfingar klukkan sex á morgnana yfir vetrartímann. Það leið svo ekki langur tími þar til hin liðin tóku það sjálf upp,“ sagði Teitur sem vill sjá atvinnumannadeild á Íslandi. Hann segir að fors-endur til þess séu að þokast í rétta átt. Í raun sé margt líkt með Noregi árið 1988 og Íslandi árið 2006.

## Kaupa vinnutíma

„Næsta skref er að liðin kaupa leikmenn fría í nokkra tíma á dag. Klúbbarnir ná samkomulagi við fyrirtæki um að gefa strákunum möguleika að æfa á vinnutíma nokkra daga í viku. Í staðinn fyrir að æfa klukkan sex á morgnana þá kannski klukkan átta eða níu svo að dagarnir þeirra verði eðlilegri.“ Aðspurður segir hann að morgunæfingarnar frægu hjá KR munu halda áfram í vetur.

## Ævintýri í Eistlandi

Eins og Teitur vék að í upphafi viðtalsins starfaði hann í fjögur ár í Eistlandi sem landsliðsþjálfari karlalíðsins og þjálfari Flora frá Tallin samhliða því. Það er greinilegt að honum þykir vænt um þennan tíma enda fékk hann að gera það sem honum þykir skemmtilegast. Að vinna að uppbyggingarstarfi á miklum umbrotatíma.

„Á Sovéttímanum var ákveðið í Kreml hvaða íþróttir ættu að vera stundaðar hvar. Eistland var gert að körfuboltasvæði og fótboltinn nánast þurrkaður út. Ég kem til landsins þremur árum eftir að járntjaldið féll og Eistarnir eru nýbúnir að stofna sitt eigið knattspyrnusamband og koma á stofn deildakeppni. En það var bara eitt eistneskt lið í deildinni því hin liðin voru skipuð eistneskum Rússum. Þetta lið var Flora Tallin og í því voru allir landsliðsmennirnir. Þar byrjaði uppbyggingin.“

Fjórum árum síðar þegar ég hætti vorum við búnir að flytja landsliðið úr 145. sæti á FIFA-listanum í það 68. og Flora var búið að vinna deildina þrisvar og bikarinn tvisvar.

Við höfðum myndað 25 dótturklúbba, vorum með 4500 unglinga í þjálfun og 70 þjálfara í fullu starfi út um allt Eistland. Það var



**BARNABÖRNIN TOGA** Nánasta fjölskylda Teits býr enn í Noregi. Hann segir börnin og barnabörnin toga í sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



afar gaman að fá að taka þátt í þessu.“

Áður en Teitur fór til Eistlands hafði hann þjálfað Brann, Lyn og Lillestrøm í Noregi og um aldamótin hélt hann aftur til Brann þar sem hann var í þrjú tímabil. Svo í Lyn í eitt tímabil og í neðrideildarliðinu Ull Kisa í tvö tímabil. Þá gerðist eitthvað sem hann var algerlega búinn að afskrifa.

#### Barnabörnin toga

„Ég bjóst aldrei við því að koma heim til Íslands og þjálfra. Börnin okkar tvö eru búsett í Osló og eiga norska maka. Þar eru barnabörnin og okkar fjölskyldukjarni. Ég sá alltaf fyrir mér að við yrðum bara áfram í Skandinavíu enda ekkert sem benti til annars en að ég yrði áfram úti. Ég var búinn að fá starfstilboð frá fleiri stöðum, til að mynda var ég í samræðum við danskt félag þegar KR kemur til sögunnar.“

Þegar ég spyr hann hvort hann sé kominn til Íslands til að vera hikaður í fyrsta og eina skiptið allt viðtalið. „Ég á í vandræðum með að svara þessu. Það er vitanlega engin spurning að börnin og barnabörnin toga rosalega mikið í mig. Enda nota ég hvert tækifæri sem gefst til að skjótast út til þeirra. Konan mín ferðast meira á milli og ver meiri tíma með þeim. Ég býst ekki við því að þau flytji til Íslands enda búið erlendis nánast alla sína ævi.“

#### Verð alltaf Íslendingur

Ísland var fjarlægst í huga Teits og íslensk knattspyrna ekki síður. Hann reyndi helst að fylgjast með gangi mála í gegnum Ólaf bróður sinn sem er sjálfur þjálfari. Hann þjálfar nú Fram.

„Það var erfitt. Mér gafst aldrei tækifæri að skjótast til Íslands að sjá leiki. En ég fylgdist þó með leikmannamarkaðnum enda leikmenn héðan gjaldgengir á Norðurlöndunum með smá aðlögun. Og landsliðinu vitanlega. Ég fylgdist mjög vel með því enda breytist það aldrei sama hversu mikið ég þvælist erlendis, ég verð alltaf Íslendingur.“

En þótt hann verði alltaf Íslendingur inn við beinið breytist ýmislegt á þriggja áratuga langri útleið. Eins og tungumálakunnáttan. Teitur er ekki síður frægur fyrir morgunæfingarnar og sinn syngjandi norska hrynjanda í sínum framburði.

Og hann segir það hafa tekið sinn tíma að byrja að hugsa á íslensku á nýjan leik.

#### Fjölskyldumálið úrelt

„Ég er þó enn að kasta fram ýmsum glósum sem örugglega enginn skilur. Í vetur átti ég í miklu basli með að tjá mig á íslenskunni enda ekkert talað hana nema í minni fjölskyldu.“

Við höldum við íslenskunni á heimilinu en þegar ég kem heim átta mig á því að okkar fjölskyldu-



GLAÐBEITUR Teitur er ljúfmennskan uppmáluð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mál var hreinlega orðið úrelt.“ Þrátt fyrir að orðaforðinn sé að mestu leyti kominn aftur segir hann að það muni sjálfsagt líða mörg ár áður en talandinn breytist eitthvað.

Teitur mun seint teljast gestur á Íslandi en eftir öll þessi ár erlendis getur hann ef til vill gefið aðra sýn á íslenska knattspyrnu. Glöggt er gests augað.

#### Ógrynni efnilegra leikmanna

„Það sem kom mér mest á óvart fyrst þegar ég kom til Íslands var hversu margir ungir og efnilegir knattspyrnumenn eru hér. Það er hreinlega allt vaðandi í þeim. Og það er ekki hægt að útskýra á neinn annan hátt en þessi gífurlegi áhugi sem er á fótbolta hjá þjóðinni. Það skiptir ekki hversu margir búa á

Íslandi, það þarf ekki 20 milljóna þjóð til að búa til góða knattspyrnumenn. Við höfum fengið marga óhemju góða knattspyrnumenn í gegnum tíðina sem hefur vakið athygli.“

Draumur allra íslenskra knattspyrnumanna er að gerast atvinnu- maður og drifur sú tilhugsun þá áfram. „Þessir strákar hafa öðruvísi hugarfar en þeir úti. Þeir eru viljugir að leggja meira á sig til að ná árangri.“

Erlendis hafa málin þróast á þann máta að knattspyrnumenn spyrja fyrst hvað klúbburinn geti fengið sér, ekki hvað þeir geti gert fyrir klúbbinn.

Íslenskum knattspyrnumönnum finnst hins vegar atvinnumennskan fyrst og fremst spennandi og það hefur mikið að segja.“

#### Þjálfun sem aðalstarf

Um íslenska knattspyrnuþjálfara hefur hann svipaða sögu að segja. Margir ungir og efnilegir sem eru tilbúnir að leggja mikið á sig til að ná langt. En það vantar þó enn talsvert upp á.

„Lykilatriði er að þjálfararnir þurfa að hafa tíma til að sinna þessu starfi. Þetta er mikil vinna og ef það á að gera þetta almennilega er ekki hægt að kasta til hendinni og vona að allt gangi vel. Þeir þurfa að hafa þetta að fullu starfi. Mörgum finnst ef til vill finast að vera þjálfari en ekki hafa það sem aðalstarf. En það er alveg sama hvað þú gerir, það þýðir til dæmis ekkert að sinna fyrirtækjarekstri eins og áhugamáli. Þá verður gengið algerlega tilviljunum háð.“

Eitt mesta þrætlepli íslenskrar knattspyrnu síðustu ár er fjölgun liða í úrvalsdeild karla og lenging tímabilsins. Eins og áður hefur komið fram vill Teitur fjölga og það strax.

#### Fjölga næsta sumar

„2010 er of seint,“ segir hann en KSÍ hefur komið með tillögur þess efnis að lengja tímabilið þá. „Ég vil gera þetta árið 2008. Helst 2007. Ég skil vel að það gæti verið erfitt vegna undirbúningsins og fleira í þeim dúr. En við megum engan tíma missa. Við verðum að komast í gang með þetta eins og skot. Ef ekki þá missum við af lestinni. Ef við ætlum að eiga einhvern möguleika á að standa okkur í Evrópukeppninni verðum við að æfa meira og spila fleiri þýðingarmikla leiki. Á Norðurlöndunum er tímabilið með Royal League-keppninni orðið næstum tíu mánuðir. Það er eins og í Englandi og víðar í Evrópu.“

Það virðast margir halda að það sé ekkert mál að vinna lið frá Norðurlöndunum ef íslensk lið mæta þeim í Evrópukeppnum. Það er kannski hægt í einum leik. En í tíu leikjum tapar íslenska liðið níu þeirra. Það er ekkert flóknara en það.“

Umræðan um íslenska atvinnumannadeild, þjálfara, lækna og sjúkraþjálfara í fullu starfi virðist fjarlæg íslenski knattspyrnuforystu. Teitur segir að slík sýn geti orðið að veruleika á Íslandi. En fyrsta skrefið er að lengja tímabilið. „Eitt dregur annað með sér. Ef við fjölgum verður miklu frekar hægt að gera hina hlutina.“

#### B-liðin í neðri deildirnar

Teitur vill líka að úrvalsdeildarliðin fái að senda B-lið sín í neðri deildirnar eins og þekkt svo víða í Evrópu. „Rökin gegn því hafa verið að með því fá neðrideildarliðin ekki nógu góða leikmenn til sín. Það stenst ekki að mínu áliti því það verður alltaf heimikið af leikmönnum sem detta úr hópi bestu liðanna. Úrvalsdeildarliðin þurfa að geta teft fram sínum ungu strákum til að geta þróað góða knattspyrnumenn. Það er deginum ljósara að til þess að þróa góðan úrvalsdeildarleikmenn þarf það að gerast hjá úrvalsdeildarliði. Önnur lið geta fengið efnilega leikmenn og þróað þá upp að vissu marki en þá verður úrvalsdeildarliðið að taka við.“

Hann vill ekki taka svo sterkt til orða að knattspyrnuforystan á Íslandi hafi brugðist hlutverki sínu. Hann þekkir söguna ekki nógu vel. „Það má samt ýmislegt gera til að bæta ástandið. Mér finnst meðal annars að þetta hefði átt að gerast fyrir löngu síðan.“

Vissulega hef ég skilning á aðstöðuleysisinu sem hefur verið á Íslandi en ef íslensk knattspyrna á ekki að lokast inn í búri verður þetta að gerast. Það er kominn tími á breytingar.“



SUNNUDAGSPENNINN JÓN SIGURÐUR EYRÓLFSSON

## Svona leikur gerir Alberto óþarfan

„Ég hef ekki hundsvit á fótbolta; eini fótboltamaðurinn sem ég þekki er Miguel Salgado hjá Real Madrid,“ sagði fimmtugi prentarinn Alberto við mig meðan við sötruðum bjór á krá í Madrid fyrir skömmu. „En ég þekki hann vegna þess að við leikum saman golf reglulega,“ bætti hann svo við.

Eftir að hafa fylgst náið með því hvernig fjölmiðlar og dómstóll götunnar fara með knattspyrnumenn hér á Spáni hef ég komist að því að það er hverjum þeirra nauðsynlegt að spila golf með einhverjum eins og Alberto. Félagi sem hefur andstyggð á fótbolta og er ekki að krýna menn til konungs meðan allt leikur í lyndi en finnur þeim svo allt til foráttu á eins niðurlægjandi hátt og hægt er þegar undan hallar. Reyndar lætur Alberto ekki allt afskiptalaust því hann veitti víst Miguel föðurligt talt eftir að paparazzi-ljósmynd-

ari greip kvæntan leikmanninn glóðvolgan á kvennafari.

#### Glaumgosinn Ronaldinho

Ronaldo hefði til dæmis verulega gott af því að leika golf með Alberto um þessar mundir. Hann hefur fengið að finna illilega fyrir þessari ómanneskjulegu meðferð. Holdafar kappans hefur verið mikið til umræðu og eftir að Capello þjálfari skipaði honum að missa þrjú kíló var hann allt í einu kominn í eins konar Gauja litla megrunarátak þar sem gjörvöll þjóðin fylgdist með þyngd kappans. Ljósmyndarar hlaupa á eftir honum meðan hann skokkar um hverfið sitt, en það er heimaverkefni sem hann fær frá Capello, og þegar hann átti afmæli fyrir skemmstu var því slegið upp á forsiðum helstu íþróttablaðanna að hann mætti ekki borða afmælistertu sem honum var færð. Og

blaðamenn spyrja félagi hans í Real Madrid sparkspekilegra spurninga um leiki liðsins en snúa sér svo að Ronaldo og spyrja „og hvernig gengur svo megrunin?“

Ronaldinho hefði einnig gott af golfi með Alberto. Fjölmiðlamenn krýndu hann konung á síðasta keppnistímabili en finna honum nú allt til foráttu líkt og dómstóll götunnar: Hann er ekki í formi, búinn að týna brosinu, orðinn glaumgosi og Barcelona er í krísu. Samt eru þeir eftir í deildinni og Ronaldinho hefur skorað fimm mörk það sem af er. Sú eina sem hefur ekki sparað hrósyrdin á Ronaldinho þetta misserið er gömul ástkona sem gaf honum 10 í einkunn í útbreiddu slúðurblaði fyrir frammistöðuna í rúminu. Sú einkunnagjöf er þó nokkuð síðbúin því rúmt ár er liðið síðan „leikar“ fóru fram. Var þessi úmsögn því aðeins til að auka á orðspor kappans sem

glaumgosa.

#### Hver er Guðjohnsen?

